Fæstum datt í hug að ÍR gæti þjálfað félaga sína svo þeir vektu á sér heimsathygli

Þegar saga frjálsíþrótta á Íslandi verður færð í letur mun hlutur ÍR verða stór. Á það fyrst og fremst rót sína að rekja til þess að meðlimir félagsins urðu fyrstir til þess að æfa þessa íþrótt hér á landi og gerðu þar með félagið að forystufélagi um frjálsíþróttir. Þeirri forystu hafa ÍR-ingar haldið allt fram á þennan dag. Þegar ÍR hóf æfingar á Landakotstúninu vorið 1907 mun víst fæstum hafa dottið í hug að félag það myndi nokkru sinni geta þjálfað félaga sína í frjálsíþróttum svo að þeir vektu á sér heimsathygli, eins og þeir áttu seinna eftir að gera. Að öðrum félögum ólöstuðum má segja að ekkert félag annað eigi jafnglæsilega frjálsíþróttasögu og ÍR. Afreksmenn félagsins í 100 ár eiga það sameiginlegt að hafa alist upp innan félagsins eða þroskað þjálfun sína og getu innan þess í nokkur ár áður en þeir unnu sína stærstu sigra.

Er *Árbók frjálsíþróttamanna* kom fyrst út árið 1943 ritaði Ólafur Sveinsson grein um upphaf íþróttarinnar á Íslandi. Hann varð vitni að upphafi íþróttarinnar hér á landi og iðkaði hana með góðum árangri. Um brautryðjendur frjálsíþrótta hér á landi skrifar hann m.a. svo:

„Íþróttafélag Reykjavíkur var fyrsta félagið hér í bænum – og líklega hér á landi – sem fékk sér áhöld – spjót, kringlu, kúlu og stöng – til æfinga í frjálsum íþróttum (líklega sumarið 1907), en Umf. R. ekki fyrr en undir landsmót UMFÍ 1911. Sigurjón Pétursson fékk sér líka snemma spjót, kringlu og kúlu og æfði ég nokkuð spjótkast með honum fyrir leikmótið 1911.

Fyrstu æfingarnar sínar í frjálsum íþróttum hélt ÍR á Landakotstúninu, og þar sá ég oft ýmsa góðkunna Reykvíkinga, eins og Helga Jónasson, Jón Halldórsson, Ólaf Magnússon, Böðvar heitinn Kristjánsson og Magnús

heitinn Magnússon (lipra) o.fl. á æfingum félagsins, í spjótkasti, stangarstökki, hástökki etc. Ég var þá ekki

Einar Pétursson, dökkhærður og svipsterkur (bróðir Sigurjóns á Álafossi) var fyrsti keppandi ÍR í frjálsíþróttum árið 1909. Þessi mynd er frá leikmóti UMFÍ 1911 á gamla Melavellinum (þeim fyrri) en hann var undir og sunnan fjölbýlishúsanna við Hringbraut 37–47. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

meðlimur félagsins og tók ekki þátt í æfingum, en fékk strax mikinn áhuga á þessum íþróttum, einkum spjótkastinu, því að mér þótti alltaf gaman að kasta. Áhöld þessi voru óvandaðri en nú gerist, stöngin óvafin, kringlan tréskífa með sterkri járngjörð og spjótin gljúpari og geiguðu meira á fluginu.

Eins og vonlegt var, var íþróttaiðkun manna á þessum tíma mjög á reiki og þekking lítil á þeim málum. Forgöngumennirnir hvöttu menn til íþróttaiðkunar og dáða í kappleikum; „táp og fjör og frískir menn“ voru einkunnarorð og stefnumál þeirra – og íþróttirnar voru efling þessara eiginleika. Og þetta var ágætt svo langt sem það náði. Menn æfðu sig á ýmsan hátt; voru í leikfimi og glímdu á vetrum, iðkuðu heimaleikfimi (Müllersæfingar), fóru í gönguferðir á sunnudögum. Á sumrin var farið í „boltaleik“ og knattspyrnu, einnig í sjó, sólbað o.s.frv. En kennsla og leiðbeining var heldur lítilfjörleg, eftir því sem nú gerist. Þetta átti einkum við um frjálsar íþróttir. Í glímunni voru hæg heimatökin; þekkingu á henni þurfti ekki að sækja út fyrir landsteinana. Knattspyrna, sund og leikfimi höfðu verið iðkaðar hér alllengi.

Fyrstu mennirnir, sem leiðbeint hafa í frjálsum íþróttum hér í bænum, munu hafa verið Andreas J. Bertelsen, hinn ágæti og áhugasami forgöngumaður og leikfimiskennari Í.R. og Helgi Jónasson, hinn áhugasami og íþróttafróði formaður félagsins um langt skeið. En fyrsti vísirinn til kappmóta í frjálsum íþróttum hér í Reykjavík, mun hafa verið í sambandi við þjóðhátíðina gömlu, sem jafnan var 2. ágúst á Landakotstúninu. Ekki minnist sá, er þetta ritar, þess, að hafa séð neinar sameiginlegar æfingar eða undirbúning keppenda undir þátttöku, svo að teljandi væri, að æfingum Í.R. undanskildum.“

ÍR hélt fyrsta frjálsíþróttamót sem fram fer á Íslandi, en það var háð 1.–2. ágúst 1909. Þar komu ÍR-ingar í fyrsta sinn fram til að keppa. Fyrri daginn fór fram einnar danskrar mílu hlaup, Árbæjarhlaupið, og fyrsti ÍR-ingurinn í mark varð Einar Pétursson, síðar verslunarmaður í Liverpool, sem varð fjórði af 28 keppendum á 28:15 mín., 15 sekúndum á eftir sigurvegaranum. Verður hann því að teljast fyrsti keppandi ÍR í frjálsíþróttum. Einar þessi vann sér það til frægðar fjórum árum

seinna að verða handsamaður af sjóliðum á danska varðskipinu Islands Falk á Reykjavíkurhöfn er hann reri þar um á litlum kappróðrarbáti með lítinn bláhvítan fána á stöng í skut. Skipherrann sagði hann hafa ógnað dönsku krúnunni með framferði sínu; sigla með flagg uppi sem skip og bátar í hinu danska konungsríki máttu ekki nota. Málið vakti mikið uppistand í bænum.

Daginn eftir var keppt í 100 m, 1000 m, hástökki og langstökki. Fóru hlaupin fram á Melunum á líkum stað og íþróttavöllurinn síðar stóð, en stökkin á Landakotstúni. ÍR-ingar voru sigursælir. Helgi Jónasson frá Brennu vann 100 metra hlaupið og Kristinn Pétursson blikksmiður hástökkið og langstökkið.

Fyrsti keppandinn á Ólympíuleikum

Árið 1912 fóru Ólympíuleikarnir fram í Stokkhólmi og þá tók Íslendingur í fyrsta skipti þátt í frjálsíþróttakeppni Ólympíuleika. Það er engin tilviljun að það skuli hafa verið ÍR-ingur sem til þeirrar þátttöku var valinn. Var það Jón Halldórsson, sem síðar varð formaður ÍR og ríkisféhirðir. Hann keppti í 100 metra hlaupi og var frammistaða hans sómasamleg. Jón varð þriðji í sínum riðli, hljóp á 11,8 sekúndum en komst ekki áfram í keppninni. Jón sagðist ekki hafa farið á leikana vegna hæfileika til að vinna afrek, til þess hafi iðkun og allar aðstæður til frjálsíþrótta verið of skammt komnar á Íslandi. Sagðist hann aðallega hafa farið þessa ferð fyrir áeggjan forráðamanna íþróttahreyfingarinnar því það hafi verið álit þeirra að för hans yrði til uppörvunar fyrir hreyfinguna í landinu og áeggjan til ungra manna að leggja stund á frjálsíþróttir.

Ekkert frjálsíþróttamót var haldið í Reykjavík þetta sumar, en 1913 fór eitt mót fram; Leikmót ÍR, sem er fyrsta mót sem haldið er í nafni íþróttafélags hér á landi. Það var háð 2. og 3. ágúst og var aðeins fyrir íþróttamenn úr Reykjavík. Þar komu fram tvær nýjungar sem ekki höfðu þekkst áður, afturfærsla spjótsins í atrennu og snúningur í kringlukasti. ÍR-ingurinn Magnús Tómasson [Kjaran] varð fyrstur hér á landi til að kasta spjóti með afturfærslu spjótsins í atrennunni og Sigurjón Pétursson kastaði kringlu með snúningi. Báðar þessar nýjungar munu hafa stafað frá þekkingu er fengist hafði við þátttöku Íslendinga í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi.

Í ágúst 1914 hófst fyrra heimsstríðið og var allt íþróttalíf mjög dauft öll stríðsárin og alveg fram að 1920. Ein glæta var þó á þessum dimmu árum íþrótta hér á landi, en það var Víðavangshlaup ÍR. Í aldarfjórðungsriti ÍR segir: „Í febrúar 1915 ákvað stjórn ÍR að halda víðavangshlaup („sveitahlaup“ er það fyrst kallað í gerðabók félagsins). Átti hlaupið að fara fram 1. sumardag, en í það sinn varð þó að fresta því, þar eð engin þátttaka fékkst. Vorið eftir fékkst næg þátttaka og fór hlaupið því

Jón Halldórsson keppti fyrstur Íslendinga á Ólympíuleikum í frjálsíþróttum er hann keppti í 100 m hlaupi í London 1912. Síðar varð hann formaður ÍR.

fram fyrsta sumardag, sem bar upp á skírdag. Keppt var í tveim flokkum og varð Jón Kaldal hlutskarpastur. Mikill fjöldi fólks safnaðist saman í miðborginni til að horfa á hlaupið, og varð það þá þegar mjög vinsælt. Síðan hefur Víðavangshlaup ÍR verið haldið árlega og fram til 1920 var það eini íþróttaviðburðurinn, sem eitthvað kveður að, meir að segja Íslandsglíman féll niður árin 1914 til 1919. Árin 1916–1919 tóku aðeins félagar úr ÍR þátt í hlaupinu. Vorið 1919 gaf Einar Pétursson silfurbikar, sem það félag átti að fá, sem hlutskarpast yrði. En um þann bikar var ekki keppt fyrr en 1920, því fyrr fengust ekki önnur félög en ÍR til að taka þátt í hlaupinu."

Oftast hafa þátttakendur verið margir í hlaupinu en fyrir kom að jafnvel var tæpt á að hægt yrði að halda það sakir þátttökubrests. Eitt sinn freistaði Helgi Jónasson frá Brennu þess að koma í veg fyrir „messufall" með því að fara niður í verkamannaskýli við höfnina og leigja verkamenn til að hlaupa. Þá þarf ekki að fara lengra aftur en til ársins 1964 er þátttakendur voru aðeins fjórir, þar af þrír úr ÍR. Sigurvegari varð Þórarinn Arnórsson, sonur eins af leiðtogum félagsins á fyrstu árunum. Eftir það hefur hlaupið aldrei verið í hættu og þátttaka aukist nær stöðugt. Undanfarin ár hafa keppendur skipt hundruðum ár hvert.

Fyrsta kappmótið, sem háð var eftir styrjöldina, fór fram 17. júní 1920. Eftir 1920 er farið að halda tiltekin frjálsíþróttamót árlega og ber fyrst að nefna Leikmót Íslands, síðar Allsherjarmót ÍSÍ. Það var haldið samfleytt til ársins 1946, en var þá lagt niður. Mót þetta fór fyrst fram 1921 og sigraði þá Ármann. ÍR sigraði í þessu móti 1926 en átti mjög oft stigahæsta einstaklinginn. Meðal góðra íþróttamanna ÍR sem sköruðu fram úr í frjálsíþróttum á árunum 1920 til 1930 má nefna Jón Kaldal, Reidar Sörensen, Sveinbjörn Ingimundarson, Helga Eiríksson, Garðar S. Gíslason og Ósvald Knudsen.

Sá íslenski frjálsíþróttamaður sem fyrst vakti verulega athygli erlendis var ÍR-ingurinn Jón Kaldal, en hann sigraði sem fyrr segir í fyrsta Víðavangshlaupi ÍR 1916. Kaldal sigraði einnig í hlaupinu 1917 en gat ekki verið með 1918 sökum þess að hann fór til Kaupmannahafnar til náms sama dag og hlaupið fór fram. Forsvarsmenn ÍR, með Helga frá Brennu og Benedikt G. Waage í fararbroddi, gerðu ákafar tilraunir til að fá undanþágu hjá skipstjóra Botníu til að koma ekki um borð fyrr en að hlaupi loknu. Sömuleiðis leituðu þeir ásjár í stjórnarráðinu. Skipstjóranum varð ekki haggað og ekki kom til álita heldur að seinka brottför skipsins sem farið var fram á til vara. Mátti Jón því dúsa um borð í Botníu í Reykjavíkurhöfn meðan hlaupið fór fram. Vegna stríðsástandsins í Evrópu urðu farþegar að koma um borð með margra tíma fyrirvara svo hægt væri að rannsaka farangur þeirra og þá sjálfa til að ganga úr skugga um að þar væru ekki á ferð njósnarar eða eitthvað á dulmáli í farangrinum.

Kaldal fyrsti afreksmaðurinn á alþjóðavísu

Jón Kaldal var mesti þolhlaupari sem Ísland hafði eignast og á 90 ára afmælisári ÍR, 1997, sló enginn Íslendingur við árangri hans í 5 km hlaupi frá 1922. Tilviljun réð því að hann tók þátt í íþróttum. Jón átti heima skammt frá Menntaskólanum og fylgdist þar með æfingum ÍR fyrir víðavangshlaupið 1916. Falaðist hann eftir því að fá að vera með í einni æfingunni og var undan látið. Gekk honum framar eigin vonum og forsvarsmanna æfinganna og varð því úr að hann keppti í sjálfu hlaupinu. Er skemmst frá því að segja að hann sigraði og var það upphafið að glæsilegum afreksferli Jóns Kaldal. Öðlaðist hann frægð út fyrir landsteinana með því að vinna margt stórhlaupið í Danmörku og Svíþjóð er hann dvaldist þar við nám í ljósmyndun en í þeirri grein þótti hann einstakur listamaður.

Kaldal gekk í AIK-félagið í Kaupmannahöfn og tók þegar 1918 þátt í ýmsum víðavangshlaupum. Í mars árið eftir vann hann fyrsta stórsigur sinn á danskri grund af mörgum með sigri í Marselisborgarhlaupinu, sem var um 6,5 km langt. Þremur vikum seinna fór hann með sigur af hólmi í öðru stórhlaupi, Limhamn-víðavangshlaupinu. Fyrrnefnda hlaupið vann hann þrjú ár í röð og þar með fagran bikar til eignar sem verið hefur stofustáss ásamt öðrum verðlaunum Jóns Kaldal í höfuðstöðvum Íþrótta- og ólympíusambandsins (ÍSÍ). Er hann sigraði öðru sinni í hlaupinu setti hann tímamet á hlaupaleiðinni. Limhamn-hlaupið vann Jón einnig þrisvar, 1919, 1920 og 1923, og hlaut því bikar þess hlaups einnig til eignar. Í öllum þessum hlaupum og mörgum fleiri sigraði hann ýmsa fræga kappa.

Á meistaramótinu danska 1919 varð Kaldal þriðji í 10 km víðavangshlaupi á 33:21,0, sem var langt undir íslensku meti á þeirri vegalengd en hins vegar ekki hlaupið á hringbraut og því ekki alveg sambærilegt. Árið eftir varð hann annar í hlaupinu og hljóp mun hraðar en árið áður, eða á 32:27,0 mín. sem var framúrskarandi tími. Árið 1920 vann Kaldal öll 5 km hlaup sem hann tók þátt í og hljóp fimm sinnum undir 16 mínútum. Snemma í júní byrjaði hann með því að sigra á 15:59,4. Á miðsumarsmóti Spörtu vann hann á 15:52,3. Loks varð hann danskur meistari á mjög góðum tíma, 15:38,2 mín. Voru þetta að sjálfsögðu allt Íslandsmet.

Árið 1921 var Jón ósigraður, vann hvert víðavangs- og brautarhlaupið af öðru. Hann vann 5 km brautarhlaup fjórum sinnum, m.a. á Spörtumótinu í annað sinn, og náði besta tímanum í Danmörku það ár. Í ágústmánuði skrapp hann heim til Íslands. Keppti hann á Haustmóti ÍR og vakti almenna eftirtekt fyrir frábært og leikandi létt hlaupalag. Hann hljóp 5 km 27. ágúst á 16:20,0 mínútum og daginn eftir 10 km á 34:13,8 mín. Tíminn var mjög góður, þó að Kaldal væri illa fyrirkallaður. Bæði afrekin voru glæsileg met á íslenskri grund, hið síðara stóð tíu ár.

Jón Kaldal kemur fyrstur í mark í Fælledparkhlaupinu í Danmörku 1921.

Jón Kaldal var sigursæll langhlaupari um 1920 og stóðu met hans í áratugi. Hann keppti á Ólympíuleikunum í Antwerpen 1920 og var einn mesti afreksmaður ÍR-inga. Síðar varð hann formaður ÍR.

Met Kaldals stóðu í áratugi

Árið 1922 var mesta afreksár Kaldals. Hann byrjaði með að vinna víðavangshlaupin. Á miðsumarmóti Spörtu vann hann 5 km á frábærum tíma, 15:25,6 mín. Var þetta þriðja árið í röð sem hann vann þetta hlaup og þar með Spörtubikarinn til eignar. Nokkru síðar, 25. júlí, hljóp hann 3 km á 9:01,5 mín. og var það besti tími hans í þeirri vegalengd og íslenskt met sem stóð nærri 30 ár. Var hann kominn í hóp bestu langhlaupara í Evrópu. Rúmlega viku seinna, 6. ágúst, kórónaði hann svo afrek sín með því að hlaupa 5 km á 15:23,0 mín. Var það afbragðsafrek, enda aðeins hálfri sekúndu lakara en þágildandi danskt met. Og hálfri sekúndu betra en þýska metið, en það gefur nokkra hugmynd um styrkleika Jóns sem langhlaupara á þessum árum. Tíminn á fyrstu 3 km í methlaupinu var 8:58,0 mínútur og má af því sjá að vel hefur verið haldið áfram. Kaldal var langt á undan næsta manni og hefði án efa hlaupið á betri tíma og bætt danska metið, ef hann hefði haft einhverja samkeppni.

Þetta ár varð hann og danskur meistari í 5 km hlaupi, en hljóp vegalengdina alls fimm sinnum, alltaf langt undir 16 mínútum, lakast á 15:47,4 mín.

Árið 1923 var Kaldal ekki í essinu sínu. Hann vann þó Limhamnhlaupið í þriðja sinn og þá hinn fagra Uraniubikar til eignar. Nú var að því komið að halda heim til Íslands. Skömmu eftir þetta hlaup varð Jón að hætta keppni vegna sjúkdóms. Sökum blóðleysis bannaði læknir honum að keppa. Var honum því nauðugur einn kostur að hætta að hlaupa, enda þótt hann stæði á hátindi frægðarinnar og væri í blóma lífsins.

Kaldal er einn mesti þolhlaupari, sem Ísland hefur eignast, og met hans stóðu lengi. Metið í 5 km sýnu lengst, en það var slegið af ÍR-ingnum Kristjáni Jóhannssyni sumarið 1952, eða um það bil 30 árum eftir að það var sett.

Leiðasta atvikið á íþróttaferli Kaldals að fá ekki að keppa fyrir Ísland í Antwerpen

Íslendingar áttu þess kost árið 1920 að keppa á Ólympíuleikum í fyrsta sinn sem fullvalda ríki og voru búnir að ganga þannig frá hnútum við Alþjóðaólympíunefndina. Þrátt fyrir veglegan fararstyrk frá Alþingi bar Íþróttasamband Íslands hins vegar ekki gæfu til að senda keppendur á leikana í Antwerpen. Það sendi þangað hins vegar tvo fulltrúa sína til að fylgjast með leikunum og skipulagi þeirra. Jón Kaldal hafði náð góðum árangri í keppni í Danmörku og Svíþjóð þetta ár og hin fyrri en ekki virðist samt hafa hvarflað að sambandinu að senda hann til Antwerpen.

Þá hugmynd fengu Danir hins vegar, gengu á fund Kaldals og spurðu hvort hann vildi ekki keppa með þeim í Antwerpen. „Þá hugsaði ég með mér, að ef þeir teldu mig þess virði að fá mig, þá væri rétt að senda skeyti heim til Íþróttasambandsins og spyrjast fyrir um hvort þeir vildu ekki senda mig sem fulltrúa Íslands og keppanda á leikana. Ég fékk fljótlega svar frá ÍSÍ þar sem sagði, að þeir ætli ekki að senda neinn keppanda," segir Kaldal í bókinni Fram til orustu.

Hann bætir því við að hefði ÍSÍ ákveðið að senda sig hefði hann breytt öðruvísi. Til þess að sleppa sem best frá vinnu sinni hefði hann unnið yfirvinnu á hverju kvöldi. Á endanum hefði hann sagt upp til þess að geta farið. Meistari hans hefði þó beðið hann að koma aftur þegar hann kæmi til baka til Kaupmannahafnar.

„Ég hefði tekið mér frí frá störfum í mánuð og æft af kappi þann tíma og undirbúið mig. Ég hef líka trú á því að mér hefði tekist betur upp hefði ég keppt fyrir Ísland. Mér þótti leiðinlegt að fá ekki tækifæri til að koma fram fyrir Íslands hönd í þetta sinn og satt að segja leiðasta atvikið á íþróttaferli mínum. Þetta var engin frægðarferð fyrir mig. Ég varð 6. af 14 [í mínum riðli] og náði lakasta tíma sem ég fékk yfir sumarið og svipað var um ýmsa Dani að segja á leikum þessum," segir Kaldal. Hann sagði í samtali í sérstöku ólympíublaði Morgunblaðsins í tilefni leikanna í Róm 1960 að sjaldan hefði hann orðið fyrir meiri vonbrigðum en er hann fékk hið neikvæða skeyti frá íþróttaforystunni heima á Íslandi.

Árið 1922, eða sama ár og Kaldal var að vinna sín glæsilegu afrek úti í Danmörku, ákvað stjórn ÍR að gangast fyrir íþróttanámskeiði í Reykjavík, aðallega fyrir áhugasama íþróttamenn utan af landi. Var námskeið þetta auglýst og öllum íþróttafélögum skrifað um það. Undirtektir voru daufar fyrst í stað og báru menn aðallega við féleysi.

Ekki vildi nefnd sú, sem hafði með framkvæmd námskeiðsins að gera, hætta við svo búið heldur útvegaði þeim sem koma vildu farseðla fyrir hálft gjald hjá Eimskipafélagi Íslands. Fékk hún og þrjár stofur í Stýrimannaskólanum handa námskeiðsmönnum, útvegaði rúm og dýnur ókeypis og gerði þannig allt sem hægt var, til að kostnaður yrði sem allra minnstur fyrir þátttakendur. Enda fór svo að lokum að þátttakan varð ágæt því 33 menn úr öllum landshlutum sóttu námskeiðið.

Til að kenna á námskeiðinu var fenginn hingað norskur íþróttamaður, Reidar Tönsberg. Björn Jakobsson var annar aðalkennari námskeiðsins. Um 2.500 króna tap varð á því og var það mikið fé í þá daga. En því sem í það var lagt þótti vera vel varið og fyrstu árin eftir námskeiðið fékk ÍR fjöldann allan af þakkarbréfum frá þátttakendum.

ÍR varð fyrsta félagið í landinu til að halda meistaramót í íþróttum. Þar er um að ræða innanfélagsmeistaramót í frjálsíþróttum og sundi. Auk frjálsíþróttanna var keppt í 50 og 100 m sundi með frjálsri aðferð á mótinu. Það var háð í september 1926. Árangurinn varð ágætur því fjögur ný Íslandsmet voru

Einar Pétursson ÍR-ingur komst á spjöld Íslandssögunnar er hann sigldi á litlum báti sínum á Reykjavíkurhöfn 12. júní 1913. Var Einar með hvítbláann fána á stöng í bátnum og hefur móðgað fulltrúa Danakonungs því skipherrann á danska herskipinu Íslandsfalk lét taka hann fastan og gerði fánann upptækann. Sagði hann skip og báta í danska konungsveldinu ekki mega hafa bláhvíta fánann uppi. Í bænum varð uppi fótur og fit en fregnin um töku fánans fór sem eldur í sinu um bæinn. Allir sem slíka fána áttu drógu þá að húni og þeir hinir sömu og flestir aðrir tóku niður danska fána sem þeir höfðu haft uppi til heiðurs herskipinu.

Sveinbjörn Ingimundarson var mjög fjölhæfur íþróttamaður. Íslandsmeistari í hlaupagreinum frá 100 m upp í 800 m og einnig í langstökki og þrístökki. Á myndinni sést Sveinbjörn koma fyrstur í mark í 800 m hlaupi á Meistaramótinu 1928.

sett. Garðar S. Gíslason í 100 og 200 m hlaupum, Sveinbjörn Ingimundarson í 400 m og Helgi Eiríksson í spjótkasti beggja handa, en sú var venja framan af að kastað var með báðum höndum og lengstu köst hvorrar handar lögð saman. Allir voru þessir íþróttamenn miklir afreksmenn ÍR um árabil. Keppt var í níu greinum frjálsíþrótta á mótinu. Garðar vann fimm, Sveinbjörn eina, Helgi tvær og Reidar Sörensen eina.

Sömu daga hélt ÍR sérstakt íþróttamót fyrir drengi í fyrsta sinn. Keppt var í tíu greinum, 80, 400 og 1.500 metra hlaupum, spjótkasti, kringlukasti og kúluvarpi, hástökki, langstökki, þrístökki og stangarstökki. Drengirnir höfðu æft sig af kappi fyrir mótið og þóttu í einu og öllu sýna lofsverðan áhuga. Höfðu þeir notið leiðbeiningar Jóns Kaldal og Ólafs Sveinssonar. Tveir báru af, Björn Carlsson, sem vann fimm greinar, og Jónas Thoroddsen, síðar borgarfógeti í Reykjavík, sem vann fjórar. Björn vann allar kastgreinarnar, langstökk og 80 m hlaup en Jónas 400 og 1.500 m, hástökk og þrístökk. Einu greinina sem eftir er, stangarstökkið, vann Jón Jóhannesson sem síðar átti eftir að verða einn besti fimleikamaður þjóðarinnar.

Þótt þetta væri fyrsta sérstaka drengjamótið í landinu voru svo ungir menn ekki að keppa í fyrsta sinn því á leikmóti ÍR sem fram fór 28. ágúst og 5. september 1920 var efnt til keppni sérstaklega í langstökki og hástökki fyrir drengi 17 ára og yngri.

Auk Allsherjarmóts ÍSÍ, sem hófst 1921 eins og fyrr segir, var öðru móti hleypt af stokkunum fimm árum síðar, eða 1927, en það var Meistaramót Íslands. Frammistaða ÍR-inga á þessu fyrsta meistaramóti í frjálsíþróttum var með miklum sóma. Þeir hlutu flesta meistara eða alls sex af tólf. Garðar S. Gíslason sigraði í 100 og 200 metra hlaupum á 11,3 og 24,0 sekúndum, einnig í fimmtarþraut, hlaut 2.729,92 stig. Helgi Eiríksson sigraði í hástökki, stökk 1,72 metra, og Sveinbjörn Ingimundarson í langstökki og þrístökki, stökk 6,30 og 12,73 metra, og setti Íslandsmet í þrístökkinu. Reyndar sigraði annar ÍR-ingur í þrístökkinu, Reidar Sörensen, sem stökk 13,37. Hann var hins vegar ekki orðinn íslenskur ríkisborgari og hlaut Sveinbjörn því titilinn og stökk hans var jafnframt Íslandsmetið.

Mörg þessara afreka ÍR-inga stóðu sem meistaramótsmet árum saman. Þannig vannst 100 m hlaupið ekki á betri tíma en 11,3 fyrr en Sveinn Ingvarsson hljóp á 11,2 árið 1937, hástökk Helga, 1,72 m, var fyrst bætt á mótinu 1939 af ÍR-ingnum Sigurði Sigurðssyni, sem stökk 1,75, og þrístökksmet Sveinbjarnar stóð þar til 1935 að Sigurður Sigurðsson stökk 13,38 metra. Um haustið hélt ÍR fyrsta innanfélagsmeistaramót í frjálsíþróttum sem háð hefur verið á Íslandi.

Á meistaramótinu 1928 var frammistaða ÍR-inganna þó enn glæsilegri, hlutu tíu meistara, en öll önnur félög fimm samtals. Glæsileg afmælisgjöf

það til félagsins, en þetta ár varð ÍR 20 ára. Af þessum 10 meistaratitlum vann Sveinbjörn Ingimundarson sex og alla í einstaklingsgreinum. Afrek Sveinbjörns á þessu móti voru: 100 m 11,5 sek., 200 m 23,4 sek., 400 m 54,1 sek., 800 m 2:05,8 mín., langstökk 6,39 m, þrístökk 11,56 m. Það voru reyndar aðeins tveir ÍR-ingar, sem hlutu þessi 10 meistarastig 1928. Hinn var Helgi Eiríksson, síðar skrifstofustjóri Útvegsbankans. Hann sigraði í 110 m grindahlaupi á 19,7 sek., hástökki 1,70 m, spjótkasti 69,15 m (báðar hendur) og fimmtarþraut með 2.320 stig.

Jón Kaldal hóf að starfa með ÍR er hann kom aftur heim. Vann hann að þjálfun til að byrja með en var einnig lengi í stjórn félagsins og formaður um skeið. Honum farnaðist vel við tilsögn og kennslu og síðar sem formaður ÍR. Hann hefur þó sagt að viðhorfið til þjálfunar hafi ekki verið eins og átt hefði að vera. Það hafi breyst síðar – þegar menn fóru að búa sig undir stærri mót á erlendri grund, eins og Ólympíuleikana í Berlín. Þá fóru menn að taka meira á og ná betri árangri. „Þegar Svíinn Ekberg kom hingað fannst mér sem yrðu tímamót hér í frjálsum íþróttum, en það var fyrir Ólympíuleikana 1948 í London," segir Kaldal í bókinni Fram til orustu.

ÍR stóð fyrir fyrsta íþróttamóti sem eingöngu var fyrir konur

Íþróttafélögin í bænum létu konur að mestu afskiptalausar framan af öldinni. ÍR var algjör undantekning þar á þótt ekki þyki það sem félagið gerði fyrir stúlkur þá mikið á nútímamælikvarða. Félagið var samt í sérflokki hvað varðar að bjóða konum upp á iðkun íþrótta og halda íþróttamót fyrir þær. Fimleikar kvenna voru umfangsmiklir og öflugir og ÍR var t.d. eina félagið lengi vel sem bauð konum upp á frjálsíþróttir.

Steindór Björnsson frá Gröf, einhver afkastamesti og drýgsti liðsmaður félagsins í áratugi, var frumkvöðull þess að ÍR gekkst fyrir fyrsta íþróttamóti fyrir konur hér á landi. Fór það fram á íþróttavellinum laugardaginn 19. júní 1926 og var hluti af Landspítalasjóðsdeginum svonefnda. Keppt var í 60 metra hlaupi, 30 metra hlaupi með egg í skeið, kartöfluhlaupi, knattkasti, langstökki og hástökki [af kistu]. Tólf keppendur af 13 mættu en ein forfallaðist í fyrstu grein. ÍR átti alla keppendur á þessu fyrsta frjálsíþróttamóti sem haldið var í landinu eingöngu fyrir stúlkur.

Steindór var fimleikamaður og þjálfari en var á því að þótt leikfimin væri stúlkunum ágæt þá væri hún þeim ekki nóg fremur en piltum. Þær þyrftu á kappleikum að halda engu síður en þeir. Og þyrftu eins og piltarnir að fá tækifæri til að bera sig saman við jafningja sína. Lítill fyrirvari var að mótinu og stúlkurnar sem gáfu sig fram til keppni höfðu ekki fengið mikla tilsögn í frjálsíþróttum. Framtak Steindórs er þó til marks um að hann hafi verið býsna langt á undan samtímanum hvað íþróttir fyrir konur varðar. Hann taldi

að mótið yrði aðeins byrjun á öðrum meiri og fullkomnari kvennamótum. Lét hann í ljós von um að konur létu ekki staðar numið við þennan fyrsta áfanga. Steindór barðist þó sumpart gegn tíðarandanum og ekki var þátttaka kvenna í íþróttum mjög almenn fyrr en eftir seinna stríðið. Til marks um það fengu konur ekki að keppa um Íslandsmeistaratitla í frjálsíþróttum fyrr en 1949.

Stúlknamótið fór fram á íþróttavellinum við Suðurgötu og var algjör nýjung í íþróttalífi bæjarins. Að sögn Morgunblaðsins þótti sérstaklega gaman að mótinu. Það var hluti af því sem til skemmtunar var á Landspítalasjóðsdeginum. Ætlunin var að keppt yrði í tveimur aldursflokkum, 15–17½ árs og 18 ára og eldri, en aðeins ein gaf sig fram í eldri flokki. Tólf stúlkur mættu til leiks af þeim 13 sem gefið höfðu sig fram við Steindór. Sú þrettánda hafði meiðst á fæti en þær sem kepptu voru Jósefína Ísaksdóttir, Ingrið Baldvinsdóttir, Ásta M. Jónsdóttir, Gunnþóra Björnsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Guðbjört Ólafsdóttir, Þóra Pálsdóttir, Ásta Guðmundsdóttir, Sæunn Gísladóttir, Rannveig Eyjólfsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir og Sigrún Pétursdóttir.

Eggjahlaupið þurfti að hlaupa sérlega mjúklega og vel til að komast í mark án þess að missa eggið úr skeiðinni. Kartöfluhlaupið var í því fólgið að þremur kartöflum var komið fyrir í 25 metra langri braut, 10, 14 og 18 metrum frá rásmarki. Sækja varð þær á hlaupum og skila til baka, einni í senn, og ljúka síðan hlaupinu með 25 metra spretti og varð hlaupið allt því 109 metra langt.

Úrslitin í greinunum sex urðu sem hér segir: *60 m hlaup:* Guðbjört Ólafsdóttir 8,8 sek., Ásta Guðmundsdóttir 8,9 sek., Jósefína Ísaksdóttir 9 sek., Gunnþóra Björnsdóttir (tími ekki tekinn). *Knattkast* (betri hendi): Guðbjört Ólafsdóttir 45,5 m, Ásta M. Jónsdóttir 41,8 m, Hildur Jónsdóttir 39,2 m, Ásta Guðmundsdóttir 38,5 m. *Hástökk:* Guðbjört Ólafsdóttir 1,39 m, Jósefína Ísaksdóttir 1,39 m, Gunnþóra Björnsdóttir 1,31 m, Ásta Guðmundsdóttir 1,31 m. *Eggjahlaup:* Guðbjört Ólafsdóttir 5,9 sek., Hildur Jónsdóttir 6,2 sek., Gunnþóra Björnsdóttir 6,3 sek., Rannveig Eyjólfsdóttir 6,4 sek. *Langstökk:* Jósefína Ísaksdóttir 3,77 m, Guðbjört Ólafsdóttir 3,77 m, Ásta Guðmundsdóttir 3,49 m, Sigríður Bjarnadóttir 3,48 m. *Kartöfluhlaup:* Guðbjört Ólafsdóttir 23,8 sek., Sigríður Bjarnadóttir 23,9 sek., Rannveig Eyjólfsdóttir (tími ekki tekinn), Gunnþóra Björnsdóttir (tími ekki tekinn). Þrenn verðlaun voru veitt í hverri grein. Þar að auki fékk stigahæsta stúlkan aukaverðlaun, silfurbikar. Kom hann í hlut Guðbjartar Ólafsdóttur sem hlaut 17 stig.

Eftir að Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) var stofnað 1947 hófst það handa um að skrá Íslandsmet, sem verið hafði á könnu Íþróttasambandsins (ÍSÍ). Það hafði ekki hirt um að skrá ofangreindan árangur á fyrsta frjálsíþróttamóti kvenna í landinu og bætti FRÍ úr því. Staðfesti það árið 1949 árangur í tveimur greinum af stúlknamótinu sem Íslandsmet kvenna; tíma Guðbjartar í 60 metra hlaupinu og árangur hennar og Jósefínu í langstökki.

Kaldal aftur á hlaupabrautinni og Helgi bætti hástökksmetið um 10 sm

Þrír ÍR-ingar voru í hópi fimm frjálsíþróttamanna sem sendir voru á alþjóðamót KFUM í Kaupmannahöfn 10.–17. júlí árið 1927. Var það fyrsta sérlega keppnisför íslenskra frjálsíþróttamanna til útlanda. Auk þeirra tóku þrír sundmenn þátt í mótinu. ÍR-ingarnir voru Garðar Gíslason og Helgi Eiríksson sem kepptu í spretthlaupum og stökkum og svo Jón Kaldal. Förin var farin að frumkvæði séra Friðriks Friðrikssonar en við öflun fjár til fararinnar naut hann aðstoðar margra, ekki síst þó ÍR-inganna Benedikts G. Waage og Helga Jónassonar frá Brennu.

Jón Kaldal var foringi fararinnar og ekki var ætlast til að hann keppti, enda í engri æfingu þar sem íþróttamennirnir höfðu ekki fengið að vita af þátttökunni nema með mánaðar fyrirvara og gátu því ekki undirbúið sig mjög vel. Í Kaupmannahöfn var hins vegar nafn Jóns Kaldal notað til að hæna menn að mótinu því hann hafði frá fyrri tíð notið þar mikils álits sakir afreka sinna á hlaupabrautinni. Þvert á móti vilja sínum en vegna áskorana fjölda manna lagði hann af stað í 5 km hlaupið á mótinu. Gerði hann það aðallega sakir þess að dönsku blöðin höfðu sagt að hann keppti og hvöttu



Fyrsta hópferð íslenskra frjálsíþróttamanna til útlanda var á alþjóðamót KFUM í Kaupmannahöfn 1927. Í hópnum voru ÍR-ingarnir Garðar Gíslason, Helgi Eiríksson og Jón Kaldal.Á myndinni, sem Kaldal tók, eru frá vinstri: Garðar, Helgi, vallarvörður, Ásgeir Einarsson og Geir Gígja.

þau Dani, sem ekki höfðu gleymt Kaldal, til að koma. Kaldal var framarlega fyrstu fjóra til fimm hringina en hætti svo, enda í engri æfingu og auk þess mjög kvefaður.

Helgi Eiríksson varð í öðru sæti í hástökki á mótinu, stökk fyrstur Íslendinga yfir 1,80 metra. Það var nýtt íslenskt met, gamla metið var 1,70 m og setti Ósvald Knudsen úr ÍR það fjórum árum áður. Aldrei var þó sótt um staðfestingu á meti Helga og réð því að Íþróttasambandinu barst aldrei skýrsla um keppnina frá mótshöldurum. Helgi stökk ekki bara einu sinni yfir 1,80 í keppninni heldur tvisvar. Í fyrra skiptið bilaði nagli sem hélt uppi lista sem ráin hvíldi á svo að hún féll um síðir og var stökkið því

Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn setti Íslandsmet í kringlukasti 1938, 43,46 m, og setti einnig Íslandsmet í 400 m hlaupi 1940, 52,9 sek. Ólafur var stór maður vexti (2,01 m) og var þekktur fyrir að leika tröllið í kvikmyndinni „Síðasti bærinn í dalnum". Ljósm.: Þorsteinn Jósefsson.

ekki tekið gilt. Sumar þjóðir urðu að láta sér lynda að fá engin verðlaun, t.d. Bandaríkjamenn. Og þrjár þjóðir aðrar máttu sætta sig við að vera neðar en Ísland á verðlaunatöflunni. Sendu þó allar fleiri íþróttamenn en Íslendingar.

Dönsku blöðin lofuðu frammistöðu íslensku íþróttamannanna. Idrætsbladet fjallaði um Helga Eiríksson og sagði að stíll hans í hástökkinu hefði verið „ameríkanskur" og vindan yfir ránni „nærri því meiri en leyfileg". Blaðið sagði frá því hversu mjög Helgi hefði bætt Íslandsmetið, 10 sentimetra. „Var það því ekki undarlegt að hann væri takmarkalaust glaður," sagði það. Loks birti Ekstrabladet viðtal við Jón Kaldal daginn eftir komuna til Kaupmannahafnar þar sem hann var boðinn „velkominn heim". Kom þar í ljós að Jón var frá fyrri tíð í vitund danskra íþróttamanna einn af þeim.

Daufasta tímabilið

Áratugurinn 1930 til 1940 var daufasta tímabil frjálsíþrótta í ÍR. Þó voru nokkrir frábærir keppendur innan vébanda félagsins þessi ár. Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, sem lék risann í fyrstu íslensku kvikmyndinni, Síðasti bærinn í dalnum, var besti kringlukastari landsins um árabil. Setti hann Íslandsmet í greininni sem stóð þar til Gunnari Huseby tókst að slá það árið 1946, en þá hafði Ólafur átt metið, 43,46 m, frá 1938, eða í átta ár. Fyrir metin í kringlukasti heiðraði ÍR Ólaf með því að gefa honum áletraða kringlu. Ólafur mætti svo á ÍR-svæðið við Skógarsel þegar frjálsíþróttaaðstaðan þar var vígð og fól félaginu kringluna góðu og verðlaunasafn sitt til varðveislu. Ólafur var mjög fjölhæfur íþróttamaður, varð Íslandsmeistari í 400 m hlaupi 1940 og hljóp þá á 52,9 sek. Hann varð einnig meistari í fimmtarþraut 1938 og hlaut 2.524 stig. ÍR-ingar urðu Íslandsmeistarar í 1.000 metra boðhlaupi 1940 og hljóp Ólafur þá síðasta sprettinn, 400 m.

Sigurður Sigurðsson var tvímælalaust einn af bestu frjálsíþróttamönnum Íslands 1935 til 1941 en hann gerðist félagi í ÍR 1938 og varð margfaldur Íslandsmeistari í stökkum. Hann keppti á Ólympíuleikunum í Berlín 1936 og stóð sig best af Íslendingunum, komst í aðalkeppnina í þrístökki, stökk 14,00 metra.

Gunnar Sigurðsson, síðar formaður ÍR, keppti í millivegalengdum og stóð sig oft mjög vel, varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi árið 1938 og í 1.500 m hlaupi 1936. Gömlu kapparnir Helgi Eiríksson og Sveinbjörn Ingimundarson kepptu einnig á fjórða áratugnum. Sá fyrrnefndi varð meistari í hástökki 1934 en Sveinbjörn í langstökki 1930 og stökk 6,52. Sveinbjörn lést mánuði eftir að hann náði þessum frábæra árangri. Hann var þá aðeins tæplega þrítugur. Af öðrum ágætum keppnismönnum á fjórða áratugnum má nefna Guðmund Sveinsson en hann gat sér góðan orðstír í millivegalengdahlaupum, sigraði í 800 metrum fyrir

framan Kristján konung tíunda á Allsherjarmótinu 1936, Sigurð Steinsson stangarstökkvara og Gunnar Steindórsson, sem náði góðum árangri í þolhlaupum o.fl. Guðmundur var og góður skíðamaður og vann að uppbyggingu á Kolviðarhóli. Sigurður var einnig góður fimleika- og glímumaður og var varaformaður félagsins og fararstjóri í frægri keppnisför ÍR til Norðurlanda 1947 sem síðar verður fjallað um. Gunnar var eitt margra barna Steindórs frá Gröf en sú fjölskylda öll lagði félaginu mikið og ómetanlegt lið í áratugi. Var Gunnar m.a. formaður ÍR 1951 til 1953.

Vormenn Íslands koma fram á sjónarsviðið

Í kringum 1940 fór að bera á nýjum og efnilegum frjálsíþróttamönnum innan ÍR sem síðar gerðu garðinn frægan. Sá sem fyrstur vann sigra af þessum ungu og efnilegu ÍR-ingum var Jóel Sigurðsson, konungur íslenskra spjótkastara í tólf ár og Íslandsmeistari ellefu ár í röð. Fyrsta keppni Jóels var í Víðavangshlaupi drengja vorið 1938, en fyrsta sigur sinn í spjótkasti vinnur hann á Drengjamóti Ármanns um miðjan ágúst 1939, þá aðeins 14 ára gamall. Jóel kastaði 43,77 m og var það eini ÍR-sigurinn á því móti. Þó að spjótið hafi alltaf verið Jóel kærast lagði hann stund á margar aðrar íþróttagreinar. Alltaf var hann í fremstu röð, Íslands- og Reykjavíkurmeistari í handknattleik, mjög góður fimleikamaður, náði langt í sundi og auk spjótkastsins var hann ágætur kúluvarpari og í fimmtarþraut. Jóel tók þátt í spjótkasti á Ólympíuleikunum í London 1948, einnig á EM í Ósló 1946 og Brussel 1950. Í árslok 1956 var hann eini Íslendingurinn sem verið hafði keppandi í öllum millilandakeppnum í frjálsíþróttum sem Íslendingar höfðu þá tekið þátt í.

Auk Jóels kom nú fram hver afreksmaðurinn á fætur öðrum en úr þeim hópi má nefna Sigurgísla Sigurðsson, Jóhannes Jónsson, Óskar Jónsson, Kjartan Jóhannsson, Finnbjörn Þorvaldsson, Magnús Baldvinsson, tvíburana Örn og Hauk Clausen, Reyni Sigurðsson, Pétur Einarsson, Stefán Sörensson, Sigurð Sigurðsson, Þórarin Gunnarsson og Jón Bjarnason. Athyglisvert er að skoða árangur þeirra á uppgangstímum eftir stríð í ljósi þess að þeir eru flestallir fæddir undir lok þriðja áratugarins og uxu úr grasi á kreppuárunum þegar kjör flestra voru kröpp og viðurværi Íslendinga oft ekki til þess fallið að móta mikla afreksmenn. Voru þeir að sönnu vormenn Íslands á íþróttasviðinu.

Snemma árs 1945 réð stjórn ÍR til sín sænska þjálfarann Georg Bergfors og var það mikið heillaspor. Hann var kappsamur þjálfari og kom með ýmsar nýjungar sem hinir vaxandi íþróttamenn okkar færðu sér fljótt í nyt. Óskar Jónsson sagðist í samtali við bókarhöfund hafa komist að því fljótlega eftir að hann kynntist Bergfors hvaða „reginvitleysu" hann og fleiri hefðu verið að gera á æfingum.

Sigurður Sigurðsson, helsti stökkvari landsins á seinni hluta fjórða áratugarins.

„Fyrir hans tíð æfðum við léttklæddir mest á vellinum og æfingar tóku stuttan tíma, og eftir á sáum við að sama og ekkert hafði komið út úr æfingum af því tagi. Bergfors byrjaði á því að láta okkur kappklæðast. Við urðum að vera í tveimur göllum og á þungum skóm. Lét Bergfors okkur þannig klædda æfa mikið í mýrum og einnig smávegis í brekkum og æfingar tóku venjulega upp undir tvær klukkustundir. Hann stóð einnig mikið yfir okkur og gaf okkur prógrömm í hverri viku," sagði Óskar. Á fyrsta fundinum sem Bergfors hélt með íþróttamönnum ÍR sýndi hann fagran veggskjöld sem hann hafði unnið í keppni en Bergfors var sjálfur millilengdahlaupari áður en hann sneri sér að þjálfun. Skjöldinn sagðist hann ætla að gefa þeim sem sýndi mestan árangur, framfarir og ástundun eftir sumarið. Þannig fór að Bergfors afhenti Óskari skjöld þennan í lok sumars.

Vaskur hópur ÍR-inga sem tók þátt í Reykjavíkurboðhlaupinu 1944 en ÍR vann sigur í hlaupinu. Þarna er að finna marga afreksmenn félagsins í ýmsum greinum öðrum en hlaupum og margir þeirra lögðu síðar starfi félagsins lið svo ómetanlegt er. Fremsta röð frá vinstri: Hannes Berg, Matthías Johannessen, Gunnar Sigurjónsson, Einar Árnason, Sigurður Gunnar Sigurðsson (síðar formaður ÍR), Aage Steinsson, Helgi Steinsson. Önnur röð: Friðjón Ástráðsson, Jón Ólafsson, Tryggvi Friðlaugsson, Guðmundur Sveinsson, Rúnar Steindórsson, Magnús Björnsson, Steinar Steinsson. Þriðja röð: Óskar Jónsson, Helgi Eiríksson, Hjalti Sigurbjörnsson, Gylfi Hinriksson, Ellert Sölvason, Magnús Baldvinsson, Hörður Björnsson, Sigurgísli Sigurðsson. Aftasta röð: Valur Hinriksson, Ingi Guðmundsson, Valtýr Guðmundsson, Kjartan Jóhannsson, Finnbjörn Þorvaldsson, Jóel Sigurðsson, Ingólfur Steinsson, Ásgeir Þorvaldsson.

Árangur Óskars er athyglisverður í ljósi þess að hann átti við visst mótlæti að stríða frá vinnuveitanda og lærimeistara en hann æfði hlaup samhliða trésmíðanámi. Ef til vill hafa aðstæður hans verið svipaðar og annarra er leggja vildu stund á íþróttir um og upp úr seinna stríðinu þegar sjálfsagðara þótti að þræla sér út við lífsbjörgina en eiga frí til tómstunda og annarrar dægradvalar. Þegar margur sá ekki enn út fyrir túnfótinn eða upp úr sínum dal. „Ég sleppti einum eftirvinnutíma til að komast á æfingu en það var illa séð á mínum vinnustað. Lærimeistari minn var á móti íþróttakeppni og taldi hann litla landkynningu vera af íþróttum. Þegar ég bað um frí frá vinnu vegna keppnisferða til útlanda veitti hann mér það ekki. Og það náði jafnt til keppnisferða ÍR, til Evrópumeistaramóts og Ólympíuleika. Ég varð bara að fara og láta ráðast hvort ég yrði rekinn. Því er frá að segja að alltaf hélt ég minni vinnu," sagði Óskar.

Stríðslokaárið var Víðavangshlaup ÍR haldið 30. árið í röð og vann ÍR þá mjög kærkominn sigur; hinn fyrsta í hlauparinu í mörg ár. Óskar Jónsson, Sigurgísli Sigurðsson og Jóhannes Jónsson skipuðu sveit ÍR en þeir áttu eftir að láta mikið að sér kveða á hlaupabrautinni, sérstaklega þó Óskar sem varð hlaupari á heimsmælikvarða. Á Meistaramóti Íslands hlaut ÍR sex meistarastig og hlaut ekkert félag fleiri og sömu sögu var að segja af Meistaramóti Reykjavíkur, sem haldið var í fyrsta sinn árið 1945 en þar eignaðist ÍR átta meistara.

Hið sama var uppi á teningnum á báðum þessum mótum ári seinna og fór nú í hönd það tímabil þegar hver afreksmaðurinn öðrum meiri varpar ljóma á frjálsíþróttasögu félagsins. Má nefna að auk annarra afreka hlotnuðust ÍR alls 88 Íslandsmeistarastig í frjálsíþróttum á árunum 1945–56 eða fleiri en nokkurt annað félag þessi ár. Og metin sem ÍR-ingar settu á þessum tíma skiptu hundruðum.

Árið 1946 fór fram Evrópumeistaramót í frjálsíþróttum í Ósló. Þessi íþróttaviðburður markaði tímamót í sögu frjálsíþrótta á Íslandi, ekki síst vegna sigurs Gunnars Huseby KR í kúluvarpi. Til mótsins voru sendir tíu íslenskir keppendur og átti ÍR flesta fulltrúana eða fjóra talsins, þá Finnbjörn Þorvaldsson, Kjartan Jóhannsson, Óskar Jónsson og Jóel Sigurðsson. Allir stóðu þeir sig með sóma. Finnbjörn vann það frábæra afrek að komast í úrslit í 100 m hlaupi þar sem hann varð sjötti. Hann spretti ekki úr spori öðruvísi en setja met. Tvisvar sama daginn jafnaði hann met sitt í 100 metrum sem var 10,8 sek., og tvisvar setti hann met í 200 m. Fyrst í riðlakeppninni, 22,5 sek., og svo aftur í undanúrslitum, 22,3 sek. Það kann að hafa bitnað á árangri Finnbjörns að hann fékk ekki vitneskju um að hann hefði komist í úrslit, heyrði það bara lesið upp er hlaupið átti að fara að hefjast. Sat hann þá meðal áhorfenda í stúku en spratt upp og stökk niður á völlinn óupphitaður og rétt komst að startinu í tæka tíða. Var það ekki ákjósanlegur undirbúningur fyrir úrslit í 100 metra hlaupi á Evrópumeistaramóti. Engu að síður hljóp Finnbjörn vel og var aðeins brjóstkassaþykkt frá bronsverðlaunum. Er ekki fjarri lagi að ætla að hann hefði jafnvel komist á pall upphitaður því þangað náðu menn sem hann hafði sigrað auðveldlega í riðlakeppninni og undanúrslitum.



ÍR-ingarnir Óskar Jónsson í forystu og Pétur Einarsson í öðru sæti í 1.500 m hlaupi á Melavellinum á fimmta áratugnum.
Ljósm.: Pétur Thomsen.

Óskar setti met í 800 og 1500 m, 1:56,1 mín. og 3:58,4 mín. Í styttra hlaupinu voru 17 keppendur, þar af tveir ÍR-ingar. Auk Óskars var það Kjartan og hljóp hann einnig undir gamla

Kjartan R. Jóhannsson (í Asiaco) var fyrstur Íslendinga til að hlaupa 800 m undir 2 mínútum er hann hljóp á 1:57,8 mín 1945.

Íslandsmetinu sem var í eigu hans sjálfs og aðeins tveggja mánaða gamalt. Tími Kjartans var 1:56,7 mín. en eldra metið 1:57,1. Árið áður, 1945, varð Kjartan fyrstur Íslendinga undir tvær mínútur er hann hljóp á 1:57,8 mín. Óskar bætti met sitt í 1.500 metrunum um rúmar tvær sekúndur og fór fyrstur Íslendinga vegalengdina á innan við fjórum mínútum. Með smáheppni hefði hann getað komist í úrslitahlaupið en þangað komust fjórir úr hvorum sjö manna riðlinum. Óskar var í þeim fyrri og sjötti í röðinni en tími hans hefði dugað í fjórða sæti og þar með inn í úrslit í seinni riðlinum. Loks keppti Jóel í spjótkasti og varð 10. af 13 í undankeppninni en átta komust í úrslit.

Finnbjörn og Óskar voru í miklu stuði þetta sumar, settu samtals ellefu Íslandsmet í einstaklingsgreinum, Finnbjörn sjö og Óskar fjögur. Sá fyrrnefndi átti auk þess aðild að fimm boðhlaupsmetum og Óskar einu.

Sjaldan hafa ÍR-ingar staðið sig betur í frjálsíþróttum en á 40 ára afmæli félags okkar, árið 1947, og oft hafa þeir þó staðið sig vel. Með sigri í Tjarnarboðhlaupinu umhverfis Reykjavíkurtjörn í maí hófst óslitin sigurganga félagsins á afmælisárinu. Sigur í Reykjavíkurboðhlaupinu fylgdi í kjölfarið og á fyrsta opinbera vallarmótinu, KR-mótinu, sigruðu ÍR-ingar í fimm greinum af átta sem keppt var í. Finnbjörn Þorvaldsson vann besta afrekið á 17. júní-mótinu og hlaut Konungsbikarinn. Vel heppnað afmælismót hélt ÍR 29. júní og 2. júlí og jók þátttaka fimm heimsfrægra sænskra frjálsíþróttamanna í því mjög áhuga almennings á frjálsíþróttum. Hingað bauð ÍR þeim sérstaklega til afmælismótsins og voru tveir þeirra Evrópumeistarar, Anton Bolinder í hástökki og Lennart Atterwall í spjótkasti. Í keppni við þann síðarnefnda setti Jóel Sigurðsson sitt fyrsta Íslandsmet, kastaði 59,07 metra og bætti tíu ára gamalt met um 29 sm, og nálgaðist því 60 metra múrinn óðfluga. Frammistaða ÍR-inganna á Meistaramóti Íslands 1947 var óvenju glæsileg, þeir hlutu alls 13 meistaratitla en öll önnur félög níu samtals. Á Meistaramóti Reykjavíkur hlutu ÍR-ingar einnig flesta meistara þriðja árið í röð eða ellefu talsins en Ármann og KR fengu níu samanlagt. Á Drengjameistaramótinu hlutu ÍR-drengirnir fjóra meistara og hafði ekkert félag fleiri.

Tjarnarboðhlaupið sem fyrr er nefnt var mjög vinsælt í bæjarlífinu og þar voru ÍR-ingar hlutskarpir mjög. Þeir unnu hlaupið fyrst 1946 og síðan fimm ár í röð, síðast 1950. Í því kepptu tíu manna sveitir og keppnin oft tvísýn en hlaupin vegalengd var um 12–1300 metrar. Hlaup þetta lagðist af snemma á sjötta áratugnum.

Sigurförin til Norðurlanda jók hróður Íslendinga

Upptalningin hér að framan sýnir ljóslega að ÍR hefur borið höfuð og herðar yfir önnur frjálsíþróttafélög landsins á afmælisárinu 1947 og er þó eftir að minnast á glæsilegasta afrek frjálsíþróttamanna félagsins á sumrinu. Er þar átt við Norðurlandaför ÍR sem er fyrsta ferð íþróttafélags til annarra landa með flokk frjálsíþróttamanna til keppni. Sennilega hefur ekki jafnmikill ljómi verið yfir neinni ferð af þessu tagi fyrr og síðar sem þessari. Þeir íþróttamenn sem tóku þátt í Norðurlandaförinni voru Finnbjörn Þorvaldsson, Gísli Kristjánsson, Haukur Clausen, Jóel Sigurðsson, Kjartan Jóhannsson, Magnús E. Baldvinsson, Óskar Jónsson, Pétur Einarsson, Reynir Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson, Þórarinn Gunnarsson, Örn Clausen og Örn Eiðsson. Sigurður Steinsson og Þorbjörn Guðmundsson, þáverandi varaformaður ÍR og blaðamaður við Morgunblaðið, voru fararstjórar. Þjálfari var Georg Bergfors.

Frammistaða ÍR-inganna í ferðinni vakti mikla athygli, ekki bara hér heima heldur og ytra. Fyrsta keppnin var alþjóðlegt stórmót á hinum fræga leikvangi Bislett í Ósló 27. ágúst en þar kepptu átta ÍR-inganna. Kjartan Jóhannsson gaf tóninn með því að verða annar í mark í fyrstu greininni, 800 metrunum, á persónulegu meti, 1:56,2 mínútum, sem var aðeins einum tíunda úr sekúndu frá Íslandsmeti Óskars Jónssonar. Finnbjörn varð þriðji í 100 metrum á eftir tveimur Bandaríkjamönnum og undan stjörnum Norðmanna og boðhlaupssveit ÍR setti Íslandsmet, 43,2 sekúndur. Í henni voru Finnbjörn, Reynir, Örn og Haukur, sem tók við keflinu í fjórða sæti en



Norðurlandafarar ÍR 1947. Aftari röð frá vinstri: Sigurður Steinsson, Pétur Einarsson, Gísli Kristjánsson, Örn Clausen, Haukur Clausen og Örn Eiðsson. Fremri röð frá vinstri: Kjartan R. Jóhannsson, Sigurður Sigurðsson, Þórarinn Gunnarsson, Reynir Sigurðsson, Magnús Baldvinsson, Finnbjörn Þorvaldsson, Jóel Sigurðsson, Óskar Jónsson og Þorbjörn Guðmundsson, fararstjóri.

með endaspretti, sem þótti sjaldgæfur meðal norrænna spretthlaupara. Vann hann upp margra metra forskot norsku sveitanna og kom í mark í 2.–3. sæti. Síðar hljóp sveitin á 42,8 sek. sem stóð lengi sem Íslandsmet. Áhorfendur hrifust mjög af Íslendingunum og eins og norsku blöðin orðuðu það daginn eftir virtust hinir amerísku íþróttamenn falla í skuggann. ÍR-ingarnir áttu daginn að sögn blaðanna. Stórhlaup Óskars í 1.500 metrunum átti ekki sístan þátt í því.

Norðurlandafarar frá 1947 koma saman í ÍR-heimilinu 50 árum síðar. Frá vinstri: Finnbjörn Þorvaldsson, Örn Clausen, Haukur Clausen, Jóel Sigurðsson, Sigurður Steinsson, Örn Eiðsson, Óskar Jónsson, Reynir Sigurðsson, Þorbjörn Guðmundsson, Kjartan R. Jóhannsson og Gísli Kristjánsson.

Óskar Jónsson varð fyrstur Íslendinga til að hlaupa 1.500 m undir 4 mínútum 1946 er hann hljóp á 3:58,4 mín.

Sigur Óskars í 1.500 metra hlaupi á Bislett „sensasjón“

Strax eftir viðbragðið hélt Óskar sig aftarlega en hinir frægu hlauparar William Hulse frá Bandaríkjunum og Willy Sponberg frá Noregi voru fyrstir. Er um 300 metrar voru eftir virtist sem Norðmaðurinn ætlaði að sigra því þá var hann kominn fram úr Hulse, en þá kom, eins og eitt norsku blaðanna sagði, „hvítklædd vera frá Íslandi þjótandi“ og geystist fram úr báðum þegar um 100 metrar voru eftir. „Íslendingurinn vinnur“ bergmálaði um allan völlinn og sigri Óskars var tekið með óhemju fögnuði. Hrifningu áhorfenda ætlaði aldrei að linna þegar hann kom fyrstur að marki á nýju íslensku meti, 3:53,4 mín.

Tími Óskars var fimm sekúndum betri en gamla metið sem hann setti á EM árið áður og jafnframt fyrsta Íslandsmetið sem gaf yfir 1.000 stig samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu, eða 1008. Samkvæmt því var þetta mesta íþróttaafrek sem nokkur Íslendingur hafði til þessa unnið.

Sigur Óskars vakti mikla athygli, var algjör „sensasjón“ eins og norsku blöðin komust að orði. Hafði hann lagt bandaríska meistarann í greininni og methafa í míluhlaupi, William Hulse, að velli. Áttu ÍR-ingarnir fyrirsagnir og frásagnir flestra blaðanna, svo mikla athygli vakti frammistaða þeirra. Seinni daginn urðu Haukur og Finnbjörn í öðru og þriðja sæti í 200 metrum og Jóel annar í spjótkasti.

Í samtali við bókarhöfund sagði Óskar að þetta hlaup hefði verið hið eftirminnilegasta á ferli hans. „Mér hugkvæmdist aldrei að ég mundi sigra í þessu hlaupi og það hvarflaði tæpast að mér að ég yrði framarlega, enda m.a. við góðan Norðmann að etja og Bandaríkjameistara á vegalengdinni. Framan af stóð líka baráttan á milli þeirra og hvöttu áhorfendur sinn mann mikið. Þegar einn hringur var eftir af hlaupinu og ég um 25 metrum á eftir fremstu mönnum setti ég á fulla ferð. Ég skaust upp í þriðja sæti þegar um 200 metrar voru í mark, en þegar ég kom út úr beygjunni og um 100 metrar voru eftir af hlaupinu næ ég Sponberg og Hulse. Sponberg var þá að reyna að hrista Hulse af sér og þegar ég sé að ég er að draga þá uppi örvast ég upp og herði enn á mér, fer fram úr þeim báðum og sigra með fjögurra metra forskoti.

Ég reikna með að sigur í þessu hlaupi hafi komið sjálfum mér mest á óvart. Frá upphafi ákvað ég að hlaupa mitt „eigið“ hlaup og hafa ekki neinar áhyggjur af mótherjunum. Í spádómum norskra blaða var ekki minnst á mig fyrir hlaupið. En þau gerðu því meira úr hlaupinu daginn eftir svo og árangri annarra ÍR-inga, sem flestir stóðu sig mjög vel á þessu móti,“ sagði Óskar. Til gamans má geta að Sponberg kvænt-ist síðar hálfíslenskri konu en móðir hennar var íslensk.

Þar sem ÍR-ingarnir áttu að keppa daginn eftir í Stokkhólmi urðu þeir

að fara þangað með næturlestinni. Svo naumur var tíminn að Haukur og Finnbjörn urðu að hlaupa lafmóðir úr 200 metrunum beint í bílinn, sem flutti hópinn á járnbrautarstöðina, og höfðu ekki tíma til að klæða sig í æfingabúninga fyrr en á stöðinni. Hópnum varð ekki mjög svefnsamt í lestinni um nóttina og því margir þreyttir eftir næturferðalagið. Þrátt fyrir það var árangur ÍR-inganna á ágústleikunum á ólympíuleikvanginum í Stokkhólmi ótrúlega góður.

Finnbjörn vann 100 metra hlaupið á 10,9 og Haukur varð þriðji á sama tíma. Ekki var mikil von um sigur í 1.500 metrunum eins og í Ósló því það var sterkasta grein Svía á þessum árum. Óskari tókst ekki eins vel upp og í Ósló, varð níundi en náði samt sínum næstbesta tíma, 3:57,4 mín. Glæsilegt Íslandsmet sá dagsins ljós í síðustu grein kvöldsins og fór hún fram í flóðljósum, 1.000 metra boðhlaup. Auk sænskra sveita keppti frönsk úrvalssveit, skipuð bestu hlaupurum Frakklands. Fyrir ÍR hlupu Örn, Finnbjörn, Haukur og Kjartan. Aldrei þessu vant náði Örn góðu viðbragði og Finnbjörn tók við eftir vel heppnaða skiptingu. Var hann á undan öllum keppinautum sínum er hann skilaði keflinu til Hauks og tókst skipting þeirra einnig vel. Frakkarnir voru þremur metrum á eftir er 300 metra spretturinn hófst og við tók hjá þeim næstbesti 400 metra hlaupari landsins. Hafði hann ekki roð við Hauki sem hljóp ótrúlega vel og var með 20 metra forskot er hann afhenti Kjartani boðið. Ákaft studdur af áhorfendum reyndi hann allt hvað hann gat til að halda franska 400 metra meistaranum fyrir aftan sig en sá hljóp stórkostlega og komst fram úr Kjartani á síðustu metrunum. En mjóu munaði eða hálfri sekúndu og tími ÍR-sveitarinnar, 1:58,6 mínútur, var stórglæsilegt nýtt Íslandsmet og um fimm sekúndum betri tími en gamla metið, sem sama sveit setti heima fyrr um sumarið.

18 ára skólapiltur ofan af Íslandi vinsælastur í Norðurlandakeppninni

Annar hápunktur ferðarinnar var Norðurlandamótið í Stokkhólmi, sem jafnframt var landskeppni Norðurlandanna gegn Svíþjóð. Finnbjörn og Haukur höfðu verið valdir til að keppa í liði Norðurlandanna. Finnbjörn í 100 m, langstökki og 4 x 100 m boðhlaupi og Haukur í 200 m og boðhlaupinu. Sænsku blöðin bollalögðu mikið um mótið fyrirfram og spáðu hvorugum miklum frama en annað átti eftir að koma á daginn. Þrír voru í hvoru liði eða sex í grein. Finnbjörn var aðeins hársbreidd frá sigri í 100 metrunum. Þegar skotið reið af var hann langfyrstur upp, hljóp síðan glæsilega 50–60 metra og var kominn á annan metra á undan hinum keppendunum. Á síðustu metrunum tókst Svíanum Lennart Strandberg hins vegar að pressa sig örfáa sentimetra fram úr en báðir hlutu sama tíma, 10,9 sek. Það var glæsilegur árangur því Strandberg var lengi einn besti spretthlaupari Evrópu og átti

Finnbjörn Þorvaldsson

m.a. Evrópumetið, 10,3 sek. Í fjórða sæti varð og silfurmaðurinn frá EM árið áður. Sama dag keppti Finnbjörn í langstökki og setti nýtt Íslandsmet, 7,09 metra, og varð fjórði.

ÍR-ingarnir 15 á áhorfendapöllunum, innan um 20 þúsund manns, biðu í ofvæni eftir 200 metrunum þar sem Haukur átti að keppa. Örn bróðir hans lýsti eftirvæntingunni í Íþróttablaðinu og komst svo að orði: „Við bjuggumst þó ekki við íslenskum sigri. Ég minnist þess nú, að áður en ég fór inn á áhorfendapallana kom til mín Sverker Benson ritstjóri við Sænska íþróttablaðið (en hjá honum bjuggum við Haukur meðan við dvöldum í Stokkhólmi) og sagði við mig: „Þú heldur ef til vill að ég sé orðinn vitlaus, en ég þori að veðja að Haukur bróðir þinn vinnur 200 metra hlaupið.“ Ég svaraði engu en hugsaði með mér, skyldi hann annars vera orðinn vitlaus. En sleppum því. Þegar kallarinn hafði tilkynnt, að 200 metra hlaupið væri næsta grein, komu þátttakendur gangandi inn á völlinn og var Haukur á 1. braut. Þegar keppendur höfðu grafið holurnar og voru komnir úr búningunum, þá æptum við strákarnir „áfram Ísland“ og veifaði Haukur þá til okkar. Okkur þótti hann furðu rólegur þegar hann var að fara af stað, en það hefir ef til vill verið af því að flestir álitu, að hann yrði síðastur.“

Tvíburabræðurnir Haukur og Örn Clausen voru í fremstu röð á því tímabili sem nefnt hefur verið gullöld íslenskra frjálsíþrótta og náðu árangri á heimsmælikvarða. Hér hlaupa þeir samhliða yfir grindur á Melavellinum.

Haukur náði einna slökustu viðbragði þegar skotið reið af og var síðastur þegar 50 metrar voru búnir. Þegar 75 metrar voru eftir í markið fór hann hins vegar að vinna verulega á og öllum á óvart varð hann fyrstur í mark, a.m.k. einum metra á undan næsta manni og tíminn nýtt Íslandsmet, 21,9 sekúndur, en Finnbjörn átti eldra metið, 22,1 sek, sem var ársgamalt. „Við vorum náfölir meðan hlaupið stóð yfir, en er því var lokið, vorum við stokkrauðir og skjálfandi af æsingi. Við vorum líka vissulega hreyknir af því að vera Íslendingar þarna á áhorfendapöllunum, enda glápti fólkið á okkur úr öllum áttum,“ skrifaði Örn Clausen í Íþróttablaðið.

Þegar hlaupinu var lokið ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna þar sem yngsti þátttakandi mótsins, hinn 18 ára gamli skólapiltur ofan af Íslandi, hafði sigrað svo óvænt og með yfirburðum, eins og sænsku blöðin komust að orði. Þegar Haukur hljóp til baka meðfram brautinni til þess að sækja æfingabúninginn eftir hlaupið hrópuðu áhorfendurnir, sem voru að mestu leyti Svíar, hvað eftir annað í kór: „Heia-heia-heia-Ísland-heia-Ísland“. Eftir því sem sænsku blöðin sögðu þá nutu Haukur og finnskur sigurvegari í maraþonhlaupinu mestrar hylli áhorfenda. Í boðhlaupinu daginn eftir henti það óhapp Hauk að hann sneri sig á fæti og gat ekki keppt meira í ferðinni.

Stöðugt hringt á Morgunblaðið og spurst fyrir um ÍR-ingana

Norðurlandaför ÍR-inga hófst er flogið var með Heklu til Ósló 24. ágúst en lauk með heimferð frá Kaupmannahöfn 18. september. Kepptu þeir á samtals tíu mótum, háðu m.a. félagakeppni við Skuru IK í Stokkhólmi 13. september og Örebro SK í samnefndum bæ daginn eftir. Í bæði skiptin kepptu tveir í grein frá hvorum aðila og vann ÍR báðar keppnirnar, 39-35 í Skuru og 45-29 í Örebro. Nokkrum dögum eftir að ferðin hófst sagði Morgunblaðið frá því að þangað hefði verið stöðugt hringt og spurst fyrir um gengi ÍR-inganna, ekki bara af félögum þeirra í ÍR, heldur af háum sem lágum, jafnt gömlum og virðulegum embættismönnum, skipstjórum og húsameisturum sem verið hefðu fullir eftirvæntingar.

Eftir heimkomuna var móttökufagnaður haldinn fyrir Norðurlandafarana þar sem auk forsvarsmanna ÍR töluðu m.a. Björn Ólafsson fyrrverandi ráðherra, Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra, formenn ýmissa íþróttasamtaka og Gunnar Thoroddsen borgarstjóri. Tilkynnti hann að bæjarráðið hefði samþykkt að veita ÍR 10 þúsund krónur í viðurkenningarskyni fyrir íþróttaförina. Þeim sem mestu afrekin

Hópur á tröppum gamla ÍR-hússins sem var við vetraræfingar fyrir Ólympíuleikana 1948.
Fyrir framan tröppurnar standa þeir (f.v.) Sigurjón á Álafossi, sem hljóp oft með hópnum sér til hressingar, Pétur Einarsson, Jakob Albertsson, Olle Ekberg þjálfari, Sveinn Björnsson (forseti ÍSÍ), Óskar Jónsson, Örn Eiðsson, Kjartan Jóhannsson.
Í fyrstu tröppu (f.v.) Ólafur Guðmundsson, Ingi Þorsteinsson, Haukur Clausen og Sigurjón Ingason.
Í annarri tröppu (f.v.) Finnbjörn Þorvaldsson, Reynir Sigurðsson, Örn Clausen og Gunnlaugur Ingason.
Í þriðju tröppu (f.v.) Friðrik Guðmundsson, Þórður Þorgeirsson og Indriði Jónsson.
Í fjórðu tröppu (f.v.) Magnús Jónsson, Bjarni Linnet og Páll Halldórsson.
Í fimmtu og efstu tröppunni (f.v.) Ásmundur Bjarnason, Vilhjálmur Vilmundarson og Trausti Eyjólfsson.

unnu í ferðinni, Óskari, Hauki og Finnbirni, voru afhentir silfurbikarar frá Íþróttasambandinu og sömuleiðis voru þeir sæmdir gullmerki ÍR. Loks las Lárus Salómonsson upp frumsamið ljóð til ÍR-inganna.

Árangur ÍR-inganna eftir stríð hafði verið ævintýri líkast. Afrek þeirra vörpuðu ekki bara ljóma á nafn félagsins heldur ekki síður á nafn Íslands. Fyrir utan glæsta sigra settu þeir 19 Íslandsmet í frjálsíþróttum árið 1947 og um 20 árið áður. Meðal methafanna var Reynir Sigurðsson sem fyrstur hljóp 400 m grindahlaup undir 60 sekúndum. Hann bætti metið nokkrum sinnum á árunum 1947 og 1948, síðast setti hann met, 57,1 sek., á Reykjavíkurmeistaramótinu 1948. Árið eftir bætti hann sig í 56,7 með sigri á meistaramóti Íslands en þá var metið komið nokkru neðar. Á þessum árum stökk Magnús E. Baldvinsson 7,06 metra í langstökki í móti á Melavellinum sem deilt var um vegna formgalla en besta stökk hans á viðurkenndu móti var 6,79 1948.

Jóel Sigurðsson átti Íslandsmet í spjótkasti, 66,99 m, í aldarfjórðung.

ÍR átti flesta ólympíufarana í London 1948

Framundan voru Ólympíuleikar í London 1948 og sýnt þótti að þar ætti ÍR marga fulltrúa. Ólympíunefndin ákvað í upphafi undirbúnings að fá færan erlendan þjálfara til að þjálfa fremstu íþróttamenn landsins til þátttöku. Vegna þekkingar sinnar og sambanda í Danmörku og Svíþjóð var Jóni Kaldal, sem átti sæti í nefndinni, falið að útvega hann. Lagði Jón til að Svíinn Olle Ekberg yrði ráðinn og kom hann til starfa sumarið 1947. „Ekberg var snjall þjálfari og glöggur á þá hæfileika, sem í mönnum bjó. Mér er minnisstætt einu sinni þegar hann kom upp á stofu til mín eftir að hann hafði æft piltana nokkurn tíma og sagði brosandi: „Nú er ég búinn að sjá mesta tugþrautarefni, sem ég hef nokkurn tíma séð.“ Mig grunaði strax að hér ætti hann við Örn Clausen“ segir Jón Kaldal í bókinni *Fram til orustu*.

Til Ólympíuleikanna í London 1948 var sendur stór hópur íslenskra íþróttamanna. Þar átti ÍR flesta fulltrúa eða níu talsins, sjö frjálsíþróttamenn og tvo sundmenn, þá Örn og Hauk Clausen, Finnbjörn Þorvaldsson, Reyni Sigurðsson, Óskar Jónsson, Stefán Sörensson, Jóel Sigurðsson og sundmennina Atla Steinarsson og Guðmund Ingólfsson. Frammistaða Íslendinganna var ekki eins góð og

búist hafði verið við. Ekberg reyndist sannspár því Örn stóð sig best, varð tólfti í tugþraut á nýju glæsilegu meti, 6.444 stigum. Haukur og Óskar stóðu sig einnig vel, sá fyrrnefndi varð annar í sínum riðli í 100 m og komst í milliriðil. Óskar komst í undanúrslit í 800 m og var tími hans, 1:55,4 mín., nýtt Íslandsmet. Voru þeir Óskar og Örn einir íslensku keppendanna á Lundúnaleikunum til þess að setja Íslandsmet.

Ákveðið var að íslenska ólympíusveitin skyldi komin til Lundúna viku fyrir leika til að fá tækifæri til að venjast loftslagi og mataræði ytra. Góður ásetningur en líklega reginmistök, eftir á að hyggja. „Það var mikil hitabylgja í London meðan við höfðumst þar við og það dró úr okkur. Einnig var matarskömmtun í landinu eftir stríð og vorum við nánast í svelti ytra og því verulega af okkur dregið þegar í keppnina kom. Allur fiskur sem var á boðstólum var nánast úldinn og ekki við okkar hæfi. Kjötið sem við fengum var eins og þunnar sneiðar ofan á brauð. Við urðum að leita að mat ef við ætluðum að fá eitthvað til viðbótar, en yfirleitt var lítið eða ekkert að fá. Það má því segja að fyrirætlanirnar hafi verkað öfugt. Aðrar þjóðir sendu sitt fólk með minni fyrirvara til Englands og margar höfðu eigin kokk með í ferðinni. Það virtist skynsamlegast að koma nánast beint í keppnina og stóðu þeir sig best sem þannig var ástatt fyrir,“ sagði Óskar Jónsson við bókarhöfund.

ÍR-met Stefáns hefði dugað í sjötta sæti í þrístökkinu

Meðal 29 keppenda í þrístökkinu í London var Stefán Sörensson. Hann hafði stokkið 14,79 metra á ólympíuleikmótinu svonefnda á Melavelli rétt áður en hann fór á leikana og hafði því góða von um að komast í aðalkeppnina. Því miður tóku hælmeiðsli sig upp þegar í fyrsta stökki og varð hann að hætta við svo búið. Það var sérstök óheppni því sjötti maður í úrslitum stökk skemmra en sem nam Íslands- og ÍR-meti Stefáns. Meðal 13 keppinauta Stefáns í seinni riðlinum var Adhemar Ferreira da Silva frá Brasilíu sem átti síðar eftir að heyja marga hildi við annan ÍR-ing, Vilhjálm Einarsson. Stökk da Silva 14,69 metra í London og varð 14.

Stefán naut aðeins of mikils meðvinds á ólympíuleikmótinu en níu dögum áður hafði hann sett Íslandsmet, 14,71, á úrtökumóti fyrir Ólympíuleikana. Tvíbætti hann metið á mótinu, stökk fyrst 14,60 m. Stefán stökk svo 14,88 metra á meistaramóti Íslands í byrjun september, en í aðeins of miklum meðvindi. Stökk hann aðeins einu sinni þar sem hann var ekki orðinn góður af meiðslunum frá Ólympíuleikunum. Þetta var engu að síður lengsta og fallegasta þrístökk sem sést hafði hér á landi.

Eftir Ólympíuleikana fóru þeir sex af íslensku keppendunum, sem bestir voru, til Norðurlanda í keppnisför. Fjórir þeirra voru ÍR-ingar, Finnbjörn,

Stefán Sörensson setti Íslandsmet í þrístökki 14,71 m árið 1948 og stóð það met þar til Vilhjálmur Einarsson bætti það 1955. Ljósm.: Pétur Thomsen.

Clausenbræður og Óskar. Nú var matur nógur og Íslendingar endurheimtu krafta sína. Kom í ljós að þeir voru betur undirbúnir undir þátttökuna í Ólympíuleikunum en frammistaðan í London gaf til kynna. Í ferðinni voru unnin mörg ágæt afrek og met sett og húsasmiðurinn var í essinu sínu. Hann setti nýtt Íslandsmet í 800 metrum í Ósló og nokkrum dögum síðar í 1.000 metrum í Gautaborg. Í 800 metra hlaupi í Kaupmannahöfn – þar sem Kaldal hafði glansað aldarfjórðungi áður – lagði Óskar svo að velli sterkan Dana og Bandaríkjamann sem varð fjórði á nýafstöðnum Ólympíuleikum. Sá hafði gefið út yfirlýsingar fyrir hlaupið að hann ætlaði sér sigur en hafði ekki. Og þegar Dananum varð ljóst að hann ætti ekki möguleika í Óskar brá hann á það ráð að stíga út af brautinni og hætta þegar nokkrir tugir metra voru eftir.

Íslenski flokkurinn vann 28 fyrstu verðlaun í þessari ferð og sigraði tvisvar sinnum í boðhlaupskeppni. Af þessum sigrum átti ÍR tæp 100% eða 26 í einstaklingsgreinum og flesta fulltrúana í boðhlaupssveitunum, sem sigruðu. Og slíkt var veldi ÍR á ólympíuárinu að þrátt fyrir að Clausenbræður væru erlendis er Reykjavíkur- og Íslandsmótin fóru fram hlaut ÍR langflesta Reykjavíkurmeistara 1948 og einnig flesta Íslandsmeistara.

Hraði Óskars og hlaupalag vakti athygli víða í Norðurlandaferðinni eftir Lundúnaleikana. Spáði sænska íþróttablaðið honum glæsilegri framtíð á hlaupabrautinni. Keppni hans fékk hins vegar óvenjulegan endi árið eftir, meðan enn bjó mikið í honum. Hann lagði hlaupaskóna á hilluna er hann var að komast í sitt allra besta form og farinn að kunna að æfa rétt, svo notuð séu hans eigin orð. Hann hafði á æfingum sumarið 1949 náð betri tímum en nokkru sinni og kvaðst viss um að setja nýtt Íslandsmet í 800 metra hlaupi á meistaramótinu. Hlaupið skipti gríðarlegu máli því með góðum árangri hefði Óskar verið valinn til að keppa fyrir hönd Norðurlandanna gegn Bandaríkjunum í Ósló. Reyndar var hann nánast kominn í liðið með besta árangri sínum fyrir meistaramótið, en það átti að ráða úrslitum. Pressan var mikil og hann ætlaði að standa sig vel á mótinu.

„Skilyrði til hlaupsins voru mjög góð þennan dag, lygnt og hlýtt, og ég ætlaði mér að setja met. Mér varð á að þjófstarta og fékk að sjálfsögðu aðvörun. Þegar ræsir kallar okkur á línuna aftur verður öðrum þátttakanda á að þjófstarta og eins og eðlilegt er fylgja aðrir keppendur með á eftir. En nú gerist það að ræsir segir mig hafa þjófstartað aftur og dæmir mig úr, þó að sá hlaupari sem raunverulega þjófstartaði viðurkenndi brot sitt á staðnum. Óskar fór þess á leit að fá að taka þátt í hlaupinu utan keppni og án þess að gera tilkall til verðlauna. Því var neitað. Ég reiddist þessum úrskurði, tók saman pjönkur mína og fór heim og lét ekki sjá mig í keppni aftur," sagði Óskar við bókarhöfund.

Úrskurður ræsisins kom eins og þruma úr heiðskíru lofti á mótinu, enda einsdæmi í svo löngu hlaupi. Við þennan óvenjulega atburð missti hlaupið mikinn svip og stemmningu keppenda sem áhorfenda. Þótti líklegt að Óskar hefði þarna farið á mis við að verða valinn í Stokkhólmsmótið, miðað við árangur þeirra sem þangað völdust. En hann var fastur fyrir og var hættur. Hafði bókstaflega verið rekinn úr leik úr frjálsíþróttum laugardaginn 20. ágúst 1949. Fyrir honum sjálfum var ákvörðunin ekki þungbær þegar reiðin var runnin því á þessum tíma hafði hann stofnað heimili og hafið eigin atvinnurekstur.

Haukur maður fyrstu landskeppninnar

Fyrsta landskeppnin í frjálsíþróttum var háð í Reykjavík 26. og 27. júní 1948 og var á eftir Ólympíuleikunum stærsti íþróttaviðburður ársins. Ekkert félag átti fleiri fulltrúa en ÍR í þeirri keppni. Þá fjóra einstaklingssigra, sem unnir voru af Íslendingum, unnu okkar menn, Haukur Clausen og Finnbjörn. Haukur vann fyrstu greinina, 200 metra hlaupið, og er því fyrsti sigurvegari Íslands í landskeppni við erlendar þjóðir. Ísland vann bæði boðhlaupin, en þrír ÍR-ingar voru í hvorri boðhlaupssveit. Norðmenn sigruðu í landskeppninni með 92 stigum gegn 73. Haukur Clausen var langstigahæsti einstaklingurinn, hlaut 18½ stig og sigraði í þremur einstaklingsgreinum, 100 og 200 m hlaupum og 110 m grindahlaupi, og var með í báðum boðhlaupssveitunum. Í 100 m og 110 m grind setti hann ný Íslandsmet.

Þátttakendur á frjálsíþróttanámskeiði ÍR sumarið 1949. Hér var á ferðinni öflugur hópur pilta sem létu mikið að sér kveða í þjóðfélaginu síðar meir. Ljósm.: Pétur Thomsen.

Merkasti viðburðurinn á sviði frjálsíþrótta árið 1949 var án efa keppni Arnar Clausen við bestu tugþrautarmenn heimsins í keppni Norðurlandanna gegn Bandaríkjunum, sem fram fór í Ósló. Örn háði þar harða keppni um annað sætið í keppninni og það var ekki fyrr en í síðustu greininni, 1.500 metra hlaupinu, að útséð var um það að Örn yrði annar. Munurinn var þó aðeins sex stig. Sigurvegari varð bandaríski ólympíumeistarinn Bob Mathias og hlaut hann aðeins um 160 stigum meira en Örn í þrautinni.

Mathias þáði boð Brussel-nefndarinnar svonefndu um að koma til keppni við Örn í Reykjavík árið eftir, sumarið 1950. Nefndin sá um þátttöku Íslendinga í Evrópumeistaramótinu. „Hér yrði um einstæða keppni að ræða, keppni, sem ekki aðeins myndi yfirfylla

Íþróttavöllinn á Melunum, heldur vekja heimsathygli. Það yrði ekki lítil auglýsing fyrir Ísland og íslenskar íþróttir, ef ólympíumeistarinn í tugþraut tekur sér ferð á hendur vestan frá Kaliforníu til að heyja hér einvígi við íslenskan íþróttamann. Örn Clausen hefir ekki til þessa keppt svo í tugþraut, að hann hafi ekki bætt árangur sinn. Við getum fyllilega treyst honum. Og Mathias er það ljóst, að þar sem Örn er á hann erfiðan andstæðing, sem gaman er að keppa við," sagði Morgunblaðið um væntanlega heimsókn Mathias.

Bailey leiðbeinandi á frjálsíþróttanámskeiði ÍR

Mathias kom og keppti í nokkrum greinum á Meistaramóti Íslands í ágústmánuði en ekkert varð úr að þeir Örn tækjust á í tugþraut, enda ekki nema rúm vika í EM. Í 110 metra grindahlaupi varð keppni þeirra Arnar mjög hörð. Þeir hlupu hlið við hlið yfir hverja grindina á fætur annarri og í markinu voru þeir svo hnífjafnir að dómararnir treystu sér ekki til að gera upp á milli þeirra. Tíminn var 15,3 sek. Hefði hann orðið betri ef brautin hefði ekki verið þung og hliðarmótvindur nokkur. Auk þess var kuldinn keppendum erfiður. Hinn 19 ára gamli afreksmaður sem kominn var um langan veg vakti aðdáun og athygli mótsgesta.

ÍR-ingarnir (frá vinstri) Örn Clausen, Haukur Clausen og Reynir Sigurðsson með McDonald Baily á Melavellinum.

Annar góður gestur heimsótti ÍR-inga vorið 1949; Trinidadmaðurinn Emmanuel McDonald Bailey sem keppti fyrir Bretland og setti heimsmet í 100 m hlaupi sem var breskt met í 25 ár. Hann varð sjötti í 100 metrunum á Ólympíuleikunum í London 1948 og í þriðja sæti fjórum árum síðar í Helsinki. Auk þess að keppa og sigra í spretthlaupum hljóp Bailey lokasprett í boðhlaupssveit ÍR sem vann 4 x 100 metra á Vormóti ÍR og varð meira en sekúndu á undan næstu sveitum.

Bailey dvaldi hér á landi í nokkrar vikur en með honum og Clausenbræðrum tókst mikill vinskapur. Og á þeim tíma gerði hann meira en æfa og keppa. Því til viðbótar var hann leiðbeinandi á þriggja vikna frjálsíþróttanámskeiði fyrir drengi 14 ára og yngri sem hófst síðla í maí. Auk hans kenndu flestir bestu frjálsíþróttamenn félagsins á námskeiðinu. Hefur það tæpast verið á hverjum degi sem ungir frjálsíþróttamenn hafa átt þess kost að láta heimsmethafa í spretthlaupum segja sér til.

Forgjafarkeppni allsráðandi í sigurför ÍR-inga í Írlandi og Skotlandi

Níu manna flokkur frjálsíþróttamanna úr ÍR hélt í tíu daga keppnisför til Skotlands og Írlands í lok júní 1949. Ytra bættist Reynir Sigurðsson í hópinn en hann hafði dvalið við nám í Englandi um veturinn. Voru þetta fyrstu íslensku íþróttamennirnir sem kepptu í hinu frjálsa Írlandi. Var þar með lagður grundvöllur að frekari íþróttasamvinnu Íslendinga og Íra. ÍR-ingarnir tóku þátt í þremur stórum íþróttamótum í Glasgow, Dublin og Edinborg, en hið síðasta var stórt alþjóðamót. Áhorfendur á mótum þessum voru 10 þúsund hið fæsta og upp í 20 þúsund.

Heimamenn höfðu boðið félaginu til keppni og naut það aðstoðar gamals liðsmanns síns, Sigursteins Magnússonar ræðismanns í Edinborg sem hafði milligöngu og annaðist undirbúning ytra. ÍR-ingarnir hlutu frábærar móttökur og þóttu aufúsugestir hvar sem þeir komu. Sköruðu þeir víðast hvar fram úr og náðu hlutfallslega bestum árangri af öllum þátttakendum, þótt það kæmi ekki alls staðar nógu vel fram þar sem jafnan var um forgjafarkeppni að ræða.

Fyrirkomulag af því tagi var óþekkt á Íslandi en algengt á Bretlandseyjum. Með því var lakari keppendum gefin það mikil forgjöf að þeir gætu háð jafna keppni við sér betri menn. Gat því sá hæglega fengið fyrstu verðlaun sem raunverulega var lakastur væri forgjöf hans nægileg. Þrír ÍR-inganna fengu þó aldrei forgjöf, enda voru þeir taldir bestir keppenda í viðkomandi greinum. Þetta voru Haukur Clausen í spretthlaupum og grindahlaupi, Óskar Jónsson í 880 jarda hlaupi og mílu og Jóel Sigurðsson í spjótkasti.

Haukur hljóp 100 jarda á 9,8 sek., sem var jafnt skoska metinu og ágætt afrek, þótt hagstætt hafi verið að hlaupa. Í 120 jarda grindahlaupi, sem er nánast jafnt 110 metrum, hljóp Haukur á 15,6 sek., sem var aðeins 3/10 úr sek. lakara en Íslandsmet hans. Óskar hljóp oft 880 jarda, sem samsvarar 804½ m, og náði þar bestum tíma 1:56,5 mín., sem samsvaraði 1:55,9 í 800 m. Míluna, 1.609 metra, hljóp hann einu sinni á 4:25,8 mín., sem var nýtt Íslandsmet.

Áhorfendum þótti jafnan mikið til um spjótkast Jóels Sigurðssonar, enda kastaði hann mjög jafnlangt og lengst 62,53 m. Í því móti hlaut hann þó aðeins önnur verðlaun en hin fyrstu maður sem kastaði um 37 metra því forgjöf hans var 28 metrar!

Finnbjörn Þorvaldsson vann mörg hlaup í ferðinni en hann fékk venjulega eina stiku í forgjöf vegna Hauks. Auk þeirra sem þegar hafa verið nefndir voru í ferðinni Pétur Einarsson, Magnús Baldvinsson, Þorsteinn Löve og fararstjórarnir Axel Konráðsson formaður ÍR og Ingólfur Steinsson, formaður frjálsíþróttadeildarinnar. Alls hlaut flokkurinn 34 verðlaun og verðlauna-



Drengjameistarar í 4x100 m boðhlaupi 1950. F.v.: Rúnar Bjarnason, Ólafur Örn Arnarson, Þorvaldur Óskarsson og Vilhjálmur Ólafsson.

gripi. Þeir hefðu vafalaust orðið fleiri ef getan ein hefði ráðið úrslitum í stað hinnar flóknu forgjafar, sem ÍR-ingarnir áttu erfitt með að átta sig á.

Skosk og írsk blöð birtu margar greinar og myndir af ÍR-ingunum og gátu þeirra mjög lofsamlega. Sjálfir voru þeir harðánægðir með ferðina, þótt keppnisfyrirkomulagið hefði komið

Í Skotlands- og Írlandsferðinni árið 1949 var ÍR-hópnum m.a. boðið að skoða kolanámu í Skotlandi. Efri röð frá vinstri: Tveir Skotar, Ingólfur P. Steinsson, Axel Konráðsson formaður ÍR, Magnús E. Baldvinsson, Óskar Jónsson og skoskur fararstjóri. Fremri röð frá vinstri: Skoskur námamaður, Haukur Clausen, Reynir Sigurðsson, Pétur Einarsson og skoskur námamaður.

þeim nýstárlega fyrir sjónir. Eins og áður segir hlutu ÍR-ingarnir hvarvetna góðar móttökur. Í Skotlandi var þeim boðið ofan í kolanámu af styrktarfyrirtæki eins mótanna og þótti sú för niður í iður jarðar fróðleg. Í Dublin var hópnum boðið í skoðunarferð um bruggverksmiðju hinnar frægu ölgerðar Guinness. Gestgjafar vildu nesta þá við lok heimsóknarinnar og tóku ekki annað í mál en ÍR-ingar færu með tunnu bjórs með sér. Það þótti íþróttamönnunum fullmikið í lagt og sæst var á að lokum að þeir tækju við kvartéli bjórs. Leigubílstjóri sem kallaður var til að flytja hópinn heim á hótel var hins vegar ófáanlegur til að taka kvartélið svo skilja varð það eftir. Mótanna vegna sem eftir voru hefur það kannski verið hópnum fyrir bestu.

Þegar heim á hótelið kom spurði hótelstjórinn hvernig ÍR-ingunum hefði líkað skoðunarferðin hjá Guinness. Hann varð hins vegar forviða er þeir sögðust hafa afþakkað tunnuna og þegið kvartél, sem þó varð að skilja eftir. „Norðmennina munaði ekkert um að taka tunnuna í fyrra!“ sagði hann um hóp norskra íþróttamanna sem gistu hótel hans árið áður.

Daginn fyrir ferðalagið til Írlands og Skotlands vann Jóel Sigurðsson sitt besta afrek í spjótkasti, kastaði 66,99 m á afmælismóti Ármanns á Melavelli. Ekki var það aðeins Íslandsmet sem stóð í aldarfjórðung, heldur lagði Jóel að velli finnska spjótkastarann Vesterinen en hann varð fjórði á leikunum í London árið áður. Hann kastaði 64,10 m. Jóel bætti met sitt frá því á meistaramótinu 1948 um hálfan annan metra, en það var 65,49. Einnig setti Jóel Íslandsmet í spjótkasti beggja handa á mótinu, kastaði samanlagt með báðum höndum 99,02 m.

Segja má að met þetta hafi legið í loftinu því á móti á Ísafirði um hvítasunnuna þremur vikum fyrr kastaði Jóel 65,15 metra og á 64,93 á afmælismóti KR í lok maí. Á Ármannsmótinu vann Óskar Jónsson 800 metra hlaup sem er merkilegt sakir þess að í öðru

sæti varð finnski hlauparinn Rolf Haikkola sem varð síðar þjálfari hins fræga hlaupara Lasse Virens og einnig framkvæmdastjóri finnska frjálsíþróttasambandsins.

Bergmál eyðilagði 200 metra hlaupið

Óvæntar uppákomur geta átt sér stað á frjálsíþróttamótum. Margir urðu fyrir vonbrigðum er keppni fór fram í 200 m hlaupi á Reykjavíkurmeistaramótinu í júlí 1949. Haukur Clausen hljóp að vísu með ágætum, á 21,7 sek., sem var aðeins broti úr sekúndu frá Íslandsmeti hans. En þar með er sagan ekki öll sögð. Í úrslitunum hljóp Haukur á fyrstu braut, Guðmundur Lárusson á annarri, Hörður Haraldsson á þriðju og Finnbjörn Þorvaldsson á fjórðu. Við fyrstu tilraun hljóp Haukur upp áður en skotið var. Í annað sinn er þeir þutu upp úr holunum var allt löglegt. En rétt þegar hlaupararnir hafa lagt af stað hægir Finnbjörn á ferðinni og stoppar alveg. Guðmundur og Hörður hika og draga úr ferðinni, en Haukur heldur áfram. Enginn skildi neitt í þessu en svo kom skýringin.

Skotið hafði bergmálað í Þjóðminjasafnsbyggingunni nýju og Finnbjörn hélt að ræsirinn væri að skjóta til baka, til merkis um að einhver hefði þjófstartað. Hann lagði svo af stað aftur þegar hann sá að hinir héldu áfram. Miðað við tíma Hauks og góðar aðstæður þótti ekki óvarlegt að ætla að jafnvel allir fjórir hefðu hlaupið á innan við 22 sekúndum ef þetta einstæða atvik hefði ekki komið fyrir, Finnbjörn ekki stoppað og hinir ekki hikað.

Á móti þessu sýndi Óskar Jónsson að hann var að komast í sína bestu æfingu nokkru sinni. Hljóp hann keppnislaust og vann 800 metrana á 1:55,5 mín., sem var jafnt vallarmeti Norðmannsins Bjørns Vade og Bretans Harolds Tarraway, sem varð heimsmeistari stúdenta í 800 m árið 1947. Var þetta síðasta hlaup Óskars, en áður er lýst hvernig hann lét frjálsíþróttakeppni lönd og leið.

Tvö sérlega mikil verkefni fengu fremstu afreksmenn ÍR við að glíma sumarið 1949. Annars vegar keppni Norðurlandanna og Bandaríkjanna í Ósló í júlí og norrænu landskeppnina í Stokkhólmi í september. Í fyrra mótinu kepptu þrír bestu Norðurlandabúarnir í hverri grein gegn Ameríkumönnum en í landskeppninni áttust við þriggja manna landslið Svía annars vegar og úrvalslið annarra Norðurlanda hins vegar. Jafnan var litið á þá keppni sem Norðurlandameistaramót.

Fimm íslenskir frjálsíþróttamenn völdust til keppninnar við Bandaríkin, þar af þrír ÍR-ingar, Clausenbræður og Finnbjörn. Finnbjörn og Haukur Clausen völdust síðan í lið Norðurlandanna gegn Svíum, tveir fjögurra íslenskra keppenda. Samhliða keppninni tók Örn Clausen þátt í Norðurlandameistaramótinu í tugþraut og sigraði með tæplega 500 stiga yfirburðum á nýju íslensku meti, 7.259 stigum.

Örn hetja keppni Norðurlandanna gegn Bandaríkjunum

Örn var hetja keppni Norðurlandanna gegn Bandaríkjunum. Þar var keppt í öllum greinum, þ.á m. tugþraut. Norsk blöð sögðu hann hetju fyrri dag keppninnar er hann hafði forystu í tugþrautinni og enn meiri hetju daginn eftir er honum tókst að komast upp á milli hinna sterku Bandaríkjamanna, Bobs Mathias, Irvs Mondschein og Williams Albans. Sá fyrstnefndi varð ólympíumeistari í London 1948 og heimsmethafi en Mondschein m.a. þrisvar sinnum bandarískur meistari í þraut.

Hrifningin vegna góðrar frammistöðu Arnar var mikil, ekki bara á áhorfendapöllunum heldur og víðar. Norska útvarpið var mjög upptekið af framgöngu hans. „Við getum ekki búist við því að hann nái fyrsta sætinu af Ameríkönunum, en erfiður getur hann orðið þeim," sagði það eftir fyrri daginn. Hann varð í öðru sæti í 100 m hlaupi og þriðji í langstökki en í báðum á undan Mathias. Varpaði svo kúlu lengra en nokkru sinni áður og tók forystu í þrautinni. „Það kom gleðilega á óvart að Clausen skyldi leiða eftir þrjár greinar," sagði þulur norska útvarpsins sem sendi beint frá mótinu. Hann varð að láta Mondschein eftir efsta sætið í hástökkinu en var ekki búinn að segja síðasta orðið.

Síðasta grein fyrri dagsins, 400 m hlaupið, var eftir. Örn hljóp í riðli með Mathias og Mondschein og var á miðbrautinni. Ameríkanarnir fóru fram úr í byrjun hlaupsins en þegar á síðustu beinu brautina kom tók Örn forystuna og kom um sjö metrum á undan Mathias, sem varð annar að marki. Þetta hlaup Arnar var frábært. Var aðeins tveimur brotum frá Íslandsmetinu á 50,6 sek. Þá var þetta nærri sekúndu betri tími en Örn hafði nokkru sinni hlaupið á áður. „Hann er einn vinsælasti keppandi hér á Bislett," sagði þulur útvarpsins er Örn sleit snúruna. Hann var kominn aftur í fyrsta sætið að stigum, með 3.977 stig, en Mondschein var með 3.974, Mathias þriðji með 3.855 og Albans fjórði með 3.790.

Örn hélt enn forystunni eftir fyrstu grein seinni dagsins þótt Albans og Mathias hefðu hann í 110 m grindahlaupi. Honum mistókst í næstu grein, kringlukasti, en það vann ólympíumeistarinn Mathias með yfirburðum og þeir Mondschein komust nú fram úr Erni. Áhorfendur stóðu síðan á öndinni er Örn glímdi við byrjunarhæð sína í stangarstökki, 2,80 m, í þriðja sinn. Hann var aðalvon Norðurlandanna og spennan mikil. Öllum til léttis komst hann yfir. Og þótt hann ætti í basli við næstu hæð tók hann síðan flugið, fór yfir allar hæðir í fyrstu tilraun. Bætti sinn besta árangur í hverju stökki svo að heldur betur lyftist brún manna. Áfram var Örn þriðji eftir bæði stöngina og spjótkastið. Þegar aðeins 1.500 metrarnir voru eftir sagði þulur vallarins að Örn þyrfti að vera um 10 sekúndum á undan Mondschein sem var með 54 stigum meira fyrir lokagreinina. Spurningin sem brann á allra vörum var hvort Erni tækist að vinna þessi 54 stig í 1.500 metra hlaupinu. „Clausen hefur sýnt að hann er spretthlaupari," sagði nú þulur norska útvarpsins, og bætti við: „og við getum því tæplega búist við því að hann sé einnig 1.500 metra hlaupari."

Strax og tugþrautarmennirnir höfðu verið ræstir byrjuðu hvatningarópin til Norðurlandabúanna og þó einkum til Arnar. Með félagsskap af sænskum keppanda keyrði Örn eins og hann gat í 1.500 metrunum. Um tíma virtist sem hann myndi gefa sig, „en drengurinn er sterkur", sagði þá útvarpsmaðurinn. Og það reyndist rétt því Örn kom útkeyrður í mark í fyrsta sæti. Mondschein var með á nótunum, hélt góðri ferð og lagði allt í sölurnar á miklum endaspretti. Gerði það sem hann gat til að nálgast Örn en var 8,6 sekúndum á eftir að marki. Töldu flestir að hann hefði verið nógu stutt á eftir Erni til að halda öðru sæti. Annað kom á daginn er stigin voru reiknuð – persónulegt met Arnar í „maraþoni" tugþrautarmanna dugði; hann fékk 7.197 stig og annað sætið, var sex stigum á undan Mondschein.

Þegar þulurinn tilkynnti að Örn Clausen væri í öðru sæti í tugþrautinni ætlaði allt um koll að keyra á Bislett, slíkur var fögnuður áhorfenda. Bob Mathias og Irv Mondschein hylltu hann með því að leiða Örn á milli sín að verðlaunapallinum. Árangur Arnar var 217 stigum betri en er hann setti Íslandsmet hálfum mánuði áður og betri árangur en Mathias náði á Ólympíuleikunum í London árið áður. Var þetta þó aðeins þriðja tugþraut Arnar frá upphafi.



Finnbjörn Þorvaldsson átti glæstan feril sem spretthlaupari og langstökkvari. Hann var besti spretthlaupari Norðurlanda og setti fjölmörg Íslandsmet. Á myndinni er Finnbjörn í langstökki á Melavellinum en í þeirri grein setti hann Íslandsmet, 7,16 m, 1948.

Og hann átti einnig eftir að bæta metið í þremur þeim næstu. Athygli vakti að í fjórum greinum, kúluvarpi, 400 metrum, stangarstökki og 1.500 metrum, náði hann betri árangri en nokkru sinni áður og í þeirri fimmtu, hástökki, jafnaði hann sitt besta.

ÍR-ingarnir þrír í keppninni við Bandaríkin voru í öllum tilvikum betri en Norðurlandabúar í sömu greinum. Finnbjörn varð fjórði í 200 m hlaupi, næstur á eftir Ameríkönunum á 21,8 sek. Haukur varð fimmti á sama tíma. Finnbjörn varð líka fjórði í 100 metrunum en þar gat Haukur ekki keppt vegna meiðsla. Örn Clausen bar síðan af en hann var eini Íslendingurinn í keppninni sem tókst að riðla röð Ameríkananna og það svo um munaði.

Finnbjörn stigahæsti maður Norðurlandamótsins 1949

Aftur var haldið Norðurlandamót 1949 og voru fimm Íslendingar meðal þátttakenda, þar af þrír ÍR-ingar; Clausenbræðurnir og Finnbjörn Þorvaldsson sem sigraði bæði í 100 og 200 metra hlaupum. Örn varð sigurvegari í tugþraut með miklum yfirburðum. Féllu því þrír Norðurlandameistaratitlar Íslands af fjórum ÍR-ingum í skaut. Norðmenn fengu jafnmarga og Finnar einnig en Danir eignuðust enga meistara á Norðurlandamótinu 1949 sem fram fór í Stokkhólmi. Áttu Íslendingar þrjá fyrstu menn í 200 metrunum og varð Haukur Clausen þriðji, en Finnbjörn vann hlaupið, sem fyrr segir.

Íslendingarnir fimm fengu hlutfallslega fleiri stig en hin Norðurlöndin og reyndist frammistaða þeirra hin ágætasta landkynning. Finnbjörn varð stigahæsti maður mótsins með 15¾ stig að meðtöldum stigum fyrir 4 x 100 m boðhlaup en auk hans var Haukur í sveitinni sem sigraði. Í 100 metra hlaupinu sjálfu jafnaði Finnbjörn met Hauks í 100 metrunum, 10,6 sek., og Örn setti Íslandsmet í tugþraut, 7.259 stig. Eftir fyrri dag þrautarinnar var hann með 4.147 stig sem var sjötti besti fyrri dagur þrautar í heiminum 1949.

Sögulegt tugþrautareinvígi Arnar og Heinrichs

Næstu tvö ár, 1950 og 1951, voru mjög viðburðarík á frjálsíþróttasviðinu. Hæst ber á þeim Evrópumeistaramótið í Brussel og þrjá landskeppnissigra, tvo yfir Dönum og einn yfir Norðmönnum. Alls voru tíu Íslendingar sendir til Brussel 1950 og var helmingur þeirra úr ÍR. Glæsilegustu afrekin unnu Torfi Bryngeirsson og Gunnar Huseby, sem urðu Evrópumeistarar í langstökki og kúluvarpi.

Sögulegust varð þó keppni Arnar Clausen við Ignace Heinrich hinn franska í tugþraut. Bestu greinar Arnar voru sex fyrstu greinar þrautarinnar og að þeim loknum virtist stefna í sigur Íslendingsins vinsæla. Var hann þá með 345 stiga forskot á Heinrich, eftir fyrstu grein seinni dagsins, 110 m grindahlaup. Úr því tók Frakkinn hins vegar að saxa á forskotið. Hélt Örn þó forystu í keppninni þar til í níundu og næstsíðustu grein, spjótkastinu, en þá komst Heinrich fram úr. Síðasta greinin, 1.500 metra hlaupið, hlaut því að skera úr um það hvor yrði Evrópumeistari í erfiðustu grein frjálsíþróttanna.

Örn þurfti að verða 11 sekúndum á undan í lokagreininni til að hreppa Evróputitilinn. Hann lagði allt undir og gerði ítrekaðar tilraunir til að hrista Heinrich af sér en tókst ekki. Þegar um 100 m voru eftir sá Örn að vonlaust var að sigra Heinrich í tugþrautinni. Hann hægði því á sér, svo að Frakkinn náði honum. Örn rétti honum höndina, játaði ósigur og áfram hlupu kapparnir saman í mark, Örn þó aðeins á undan. Þótti þetta mikið drengskaparbragð hjá Erni og hlaut hann mikið lof fyrir.

Sumarið eftir kom Heinrich hingað til lands og keppti sem gestur á Meistaramóti Íslands í tugþraut, 29.–30. júlí. Aftur varð keppni þeirra Arnar geysihörð og mjög skemmtileg. Þrátt fyrir mjög óhagstætt veður bæði kvöldin, hvasst og kalt veður, troðfylltu áhorfendur Melavöllinn. Nutu þeir einvígisins en sjaldan hafa verið jafnmargir áhorfendur á frjálsíþróttakeppni hér á landi. Í lokin munaði aðeins 23 stigum. Heinrich vann sigur og setti nýtt franskt met, 7.476 stig. Örn setti Norðurlandamet með 7.453 stigum og bætti met Akkilsar Järvinens sem var 7.378 stig og á sínum tíma heimsmet. Keppt var eftir stigatöflu sem nýverið hafði verið felld úr gildi. Hefði hins vegar verið keppt eftir þeirri stigatöflu er tók við af hinni eldri hefði Örn sigrað í einvíginu; hlotið 6.884 stig en Heinrich 6.780.

Ef til vill hefur keppni þeirra Heinrichs haft sitt að segja þegar tímaritið Allt um íþróttir bauð lesendum sínum að kjósa íþróttamann ársins 1951. Tilkynnt var um niðurstöður kosningarinnar í jólablaði ritsins og voru úrslitin afgerandi. Alls greiddu 454 atkvæði og hlaut Örn Clausen 275 þeirra eða tæplega 61%. Næstur varð Torfi Bryngeirsson með 28% og Ríkharður Jónsson með 6,2% en sex aðrir fengu mun minna.

Leið mistök voru gerð þegar keppendur voru valdir til þátttöku í EM í Brussel. Haukur Clausen hafði verið einn allra besti 200 metra hlaupari Evrópu um árabil en stjórn Frjálsíþróttasambandsins þóknaðist samt ekki að velja hann í sína bestu grein, fyrst og fremst fyrir stífni. Haukur vildi keppa í 200 í Brussel en fékk ekki, þú hleypur 100 sagði stjórnin. „Ég vil líka keppa í 200," sagði Haukur og stóð í stappi. „Þú hleypur 100," var svarað og þar við sat. Hann hafði skorast undan því að keppa í greininni á meistaramótinu, en þá var kalsaveður. Haukur tók ekki áhættuna að togna og hljóp því ekki. Eftir EM fór Haukur ásamt fleirum í keppnisferð til Norðurlanda og hljóp á 21,3 sek. í Eskilstuna í Svíþjóð. Bætti hann Norðurlandametið um sekúndubrot. Tíminn var sá besti í Evrópu og hefði því dugað til sigurs á EM. Sagan segir að stjórnarmenn FRÍ hafi verið heldur skömmustulegir heima á Íslandi er fréttist af methlaupi Hauks og árangri.

Sigurinn mikli í Ósló 28.–29. júní 1951

Einhver mesti sigur Íslendinga fyrr og síðar á íþróttasviðinu er sigurinn á Dönum og Norðmönnum í fullri landskeppni á Bislett-leikvanginum í Ósló 28. og 29. júní 1951. Bæði Danir og Norðmenn þóttust vissir um sigur á Íslendingum sem létu það ekki á sig fá. Enda stóð í ávarpi norska frjálsíþróttasambandsins í leikskrá mótsins, að Íslendingar væru besta frjálsíþróttaþjóð heims ef miðað væri við höfðatöluna. Og það gerðist sem fæsta hinna 10 þúsund áhorfenda hafði órað fyrir. Lið litla landsins reyndist sterkast, lagði Noreg að velli með 110½ stigi gegn 101½ og Dani með 113½ stigum gegn 98½ stigi.

Franski tugþrautarmaðurinn Ignace Heinrich og Örn Clausen.

Örn Clausen

Örn Clausen gaf tóninn er hann sigraði í fyrstu greininni, 400 metra grindahlaupi, sem hann hafði aldrei keppt áður í en setti Íslandsmet, 54,7 sekúndur, sem enn þykir ekki ónýtur tími á Íslandi. Örn sigraði einnig í 110 metra grindahlaupi og varð þriðji í langstökki og 100 metra hlaupi.

Auk Arnar voru í liðinu frá ÍR í þessari sögulegu keppni þeir Haukur bróðir hans, sem tognaði í sinni fyrstu grein, 200 metrunum, en varð samt fjórði, Kristján Jóhannsson í 5 og 10 km hlaupum, Sigurður Guðnason í 800 og 1.500 m og Jóel Sigurðsson, sem varð þriðji í spjótkasti.

Niðurstaða keppninnar, sigur Íslendinga á Dönum og Norðmönnum, vakti feikna athygli, ekki bara í löndunum þremur heldur um heim allan. Ekkert alvörublað lét ósagt frá keppninni. Voru öll blöð á einu máli um að það væri undrunarefni hvernig jafnlítil þjóð og Íslendingar gæti teflt fram svo sterku liði í öllum greinum.

Örn setur heimsmet fyrstur Íslendinga

Örn Clausen er fyrsti Íslendingurinn til að setja heimsmet í íþróttakeppni. Það gerðist á alþjóðlegu frjálsíþróttamóti í Helsinki 5. september 1948. Var hann í sveit með þremur hlaupurum frá Jamaíku sem hljóp 1.000 metra boðhlaup á 1:50,8 mínútum og bætti fyrra metið um hálfa sekúndu, en það met áttu tvær sveitir, Jamaíkusveit og blönduð sveit.

Örn var fenginn til að hlaupa fyrsta sprettinn í hlaupinu í stað Leslies Laing sem var með hettusótt og treysti sér ekki til keppni. Hljóp Örn fyrsta sprettinn, 100 metra, og félagar hans voru allt heimsþekktir hlauparar. Lloyd LaBeach hljóp 200 metra, Herbert McKinley 300 metra og Arthur Wint 400 metra. Á móti sveitinni hljóp finnsk tíu manna sveit þar sem hver maður hljóp 100 metra.

Örn hljóp fyrsta sprettinn sem fyrr segir, „og ég stakk Finnann af“, sagði hann. Finnsku sveitinni tókst þó að lokum, er sprettir heimsmetssveitarinnar tóku að lengjast, að komast fram úr og verða á undan í mark.

Svanasöngur Hauks Clausen

Haukur Clausen hafði náð einstökum árangri og átt glæsilegum keppnisferli að fagna er hann hætti keppni rétt tæpra 23 ára vegna náms í tannlækningum. Svanasöng sinn söng Haukur á Melavellinum á Reykjavíkurmeistaramótinu í tugþraut helgina 15. og 16. september 1951. Var bæði hvasst og kalt báða dagana er 11 keppendur hófu leik en níu þeirra luku þrautinni. Þrátt fyrir veðrið varð árangur mjög góður.

Haukur sýndi þarna að hann var efni í ágætan tugþrautarmann því hann varð Reykjavíkurmeistari með 6.663 stig. Var það 14. besta afrek í Evrópu og 21. besta þraut í heiminum þetta ár. Í öðru sæti á Evrópuskránni var Örn bróðir hans með 7.453 stig og í því þriðja á heimsskránni.

Haukur varð annar Íslendingurinn til að fara yfir sex þúsund stig. Hinn var auðvitað Örn en þetta var fyrsta – og eina – þraut Hauks. Til samanburðar náði Örn 6.444 stigum í sinni fyrstu þraut. Árangur Hauks í einstökum greinum var sá að hann hljóp 100 m á 10,4 sek., stökk 6,74 í langstökki, varpaði kúlu 12,01 m, stökk 1,75 í hástökki, hljóp 400 m á 52,9 sek., 110 m grind á 15,8 sek., kastaði kringlu 38,44 m, stökk 2,80 m á stöng, kastaði spjóti 43,42 m og hljóp loks 1.500 m á 4:54,4 mín.

Tíminn í 100 metrunum var hagstæður vegna vinds en þeim stigum sem keppendur græddu á því töpuðu þeir áreiðanlega aftur í 400 metra hlaupinu og sennilega meira til. Veðrið á sunnudag var betra. Valdimar Örnólfsson ÍR varð þriðji og setti nýtt íslenskt drengjamet, hlaut 5678 stig, eða 301 stigi betra en fyrra metið sem annar ÍR-ingur, Gylfi Gunnarsson, átti. Sería Valdimars – í sömu röð og árangur Hauks – var sem hér segir: 11,0 – 6,56 – 12,31 – 1,60 – 58,2 – 17,1 – 30,56 – 3,00 – 39,21 – 4:56,8.

Kristján keppti við Zatopek og setti Íslandsmet í 10 km

Ólympíuför Íslendinga til Helsinki 1952 var fyrir margra hluta sakir merkileg. Meðal þátttakenda Íslands voru ÍR-ingarnir Örn Clausen og Kristján Jóhannsson. Sá síðarnefndi keppti í 5 og 10 km hlaupum og stóð sig vel, setti Íslandsmet í 10 km. Örn var kominn í góða æfingu þegar að leikunum kom en hann hafði misst úr tvo mánuði á útmánuðum vegna uppskurðar. Fór hann með góðum fyrirvara til leikanna og stundaði æfingar á íþróttamiðstöðinni Vierumäki í boði finnska frjálsíþróttasambandsins. Svo slysalega vildi til að nokkrum dögum fyrir tugþrautarkeppnina meiddist hann á öxl og gat þess vegna ekki tekið þátt í leikunum. Var það mikið áfall fyrir íslenska flokkinn því Örn var stærsta von Íslands á leikunum, eins og hann hafði svo oft verið áður á alþjóðamótum. Hefði hann ekki orðið fyrir meiðslunum og náð árangri sínum frá því árið áður hefði hann orðið annar eða þriðji í tugþrautinni.

Keppendur í 10 km hlaupinu voru 32 alls en það fór í sögubækur sakir sigurs Tékkans Emils Zatopek og kúnstugrar hlaupatækni hans. Keppti Kristján nú aðeins þriðja sinni á þessari vegalengd og fékk nú fyrst að vita hvað keppni var. Hann ætlaði sér að halda í kunnan danskan hlaupara, Tørgersen, og gerði það lengi. Með aðra áætlun fór hann ekki í hlaupið. Hljóp Kristján vel en er um 8 km voru búnir tapaði hann af Dananum.

„Hélt hann þó vel uppi heiðri Íslands og lauk hlaupinu með því að setja nýtt Íslandsmet á 32 mínútum sléttum,“ sagði Íþróttablaðið en spjótkastarinn úr ÍR, Gylfi Snær Gunnarsson, fylgdist með leikunum og skrifaði um þá í blaðið. Kristján varð 26. í röðinni af 32 keppendum sem luku hlaupinu.

Haukur Clausen

Kristján bætti Íslandsmetið í einu vetfangi um eina mínútu og þrjár sekúndur sem er með eindæmum mikil breyting. Afrek hans létti brúnina á íslenska ólympíuhópnum sem að öðru leyti hafði ekki staðið undir væntingum. Vegna keppnisáætlunar sinnar hljóp hann tiltölulega greitt framan af og fyrri helming þess rúmlega mínútu hraðar en þann seinni. Millitími hans eftir 1.500 metra var 4:26 mín., eftir 3 km 9:01,2 eða aðeins 9 sek. frá Íslandsmeti í þeirri vegalengd, og eftir hálfnað hlaup 15:26,2 sem einnig var skammt frá Íslandsmeti í þeirri grein.

Skömmu eftir leikana tók Kristján þátt í 5 km hlaupi á móti í bænum Lahti og setti nýtt Íslandsmet, hljóp á 15:11,8 mín. og varð þriðji í hlaupinu. Áður hafði hann á Reykjavíkurmeistaramótinu slegið elsta met íslenskra frjálsíþrótta er hann bætti met Jóns Kaldal frá 1922 um þrjár sekúndur, úr 15:23,0 í 15:20,0 mín. Á svonefndu septembermóti á Melavellinum bætti hann svo meti á þriðju vegalengdinni í safnið með því að bæta met Óskars Jónssonar í 3 km um tvær sekúndur í 8:50,2 mín. Ólympíuárið var Kristjáni gjöfult því auk þriggja Íslandsmeta vann hann fimm Íslandsmeistaratitla á árinu af sjö sem komu í hlut ÍR.

Kristján átti eftir að hlaupa vel og lengi og margbæta metin á þessum vegalengdum öllum næstu árin. Og það þrátt fyrir að hann stórslasaðist í Eyjafirði skammt innan Akureyrar í lok maí 1954. Hafði hann þá um vorið sigrað í víðavangshlaupi ÍR og sett Íslandsmet í 3.000 og 5.000 m hlaupum samkeppnislaust. Kristján var á bifhjóli og í því að hann mætir stórum vörubíl hyggst jeppi taka fram úr vörubílnum. Skipti þá engum togum að jeppinn og bifhjólið skullu saman með þeim afleiðingum að Kristján kastaðist af hjólinu og lenti úti í skurði mikið slasaður. Reyndist hann við rannsókn margbrotinn, þrjú ristarbein brotnuðu, tær og hnéliður opnaðist. Auk þess hlaut hann skurð mikinn á upphandlegg og hægri fótur marðist auk þess illa. Þurfti hann að liggja rúmfastur vikum saman. Með Kristjáni á mótorhjólinu var lærlingur hans í íþróttum. Hann hlaut einnig beinbrot.

Millibilsástand myndaðist hjá ÍR er margir af fræknustu frjálsíþróttamönnum félagsins hættu að keppa 1951 og 52, svo sem Finnbjörn, Haukur, Örn, Stefán Sörensson, Reynir Sigurðsson og fleiri. En hvers vegna hurfu menn eins og Clausenbræður úr keppni á besta aldri, á 24. ári? Stærstan þátt í því áttu eftirmál Ólympíuleikanna í Helsinki.

Stjórn FRÍ mátti ekki svipta Örn Clausen keppnisleyfi

Fljótlega eftir heimkomu af Ólympíuleikunum í Helsinki dró til tíðinda. Stjórn Frjálsíþróttasambandsins ákvað að refsa þremur íþróttamönnum fyrir meint brot á reglum í ferðinni. Meðal þeirra var Örn Clausen úr ÍR en hinir voru úr KR. Fékk Örn þyngstu refsinguna, var dæmdur frá keppni til

ársloka 1952. Hann hafði sótt það fast við upphaf leikanna, þegar ljóst var að hann gæti ekki keppt vegna meiðsla, að fá að hverfa aftur heim til Íslands. Illu heilli synjaði því flokksstjóri frjálsíþróttamanna, þáverandi formaður FRÍ. Og féllst ekki heldur á að hann mætti gista annars staðar en íþróttamennirnir sem áttu eftir að keppa. Bað hann um að fá að vera í slagtogi með glímuflokki á sýningarferð í Finnlandi og losna undan kvöðum keppenda. Nei, engu tauti varð við komið. Örn skyldi vera hluti af íslensku ólympíusveitinni þótt meiddur væri og lúta flokksaga.

Kærumálið kom til kasta fjölmiðla en þar sem stjórn FRÍ gerði aldrei opinberlega grein fyrir sakarefninu fóru sögusagnir á kreik og þóttu engum til hróðurs, hvorki íþróttamönnunum, FRÍ né ólympíunefndinni sem, þrátt fyrir að standa fyrir ferðinni, lét málið afskiptalaust. Sat hún undir margs konar gagnrýni vegna leikanna og að mati Íþróttablaðsins þótti málsmeðferðin öll aðeins til þess fallin að vekja grunsemdir almennings. Sagði blaðið það síst bæta úr skák að humma fram af sér málið og „láta óhróðurinn leika lausum hala vikum saman“. Voru Örn og annar hinna sakaðir um brot á reglum um bindindi og allir þrír um brot á dvalarskyldu á gististað flokksins.

Fyrir förina til Helsinki gengust íþróttamennirnir undir nýsettar reglur um skyldur og framkomu íþróttaflokka á vegum FRÍ. Í þær vantaði þó öll ákvæði um málsmeðferð og viðurlög önnur en þau að fararstjóra var heimilt að kippa viðkomandi út úr keppni og jafnvel senda heim úr ferð. Augljóst þótti að brot íþróttamannanna hefðu verið refsiverð.

Kristján Jóhannsson setti mörg Íslandsmet í lengri hlaupum og sló m.a. Íslandsmet ÍR-ingsins Jóns Kaldal í 5 og 10 km hlaupi. Kristján keppti á Ólympíuleikunum 1952 og setti þar Íslandsmet í 10 km hlaupi. Á myndinni leiðir Kristján í keppni við Kristleif Guðbjörnsson KR á Melavellinum. Ljósm.: Þorvaldur Óskarsson

Lágu mistök stjórnar FRÍ hins vegar í því að ákveða þeim refsingu.

Stjórn ÍR brást harkalega við fyrir hönd Arnar og skaut málinu til æðri aðila til þess að fá úr því skorið hvort FRÍ hefði fellt úrskurð sinn á réttum forsendum. Fann ÍR að því að dómurinn yfir Erni hefði verið felldur á grundvelli munnlegrar skýrslu flokksstjórans en ekki skriflegrar, að fararstjóri ólympíufaranna hafði ekki verið kvaddur til ráða og í þriðja lagi hafði Erni ekki verið gefinn kostur á að hafa í frammi varnir. Loks hafði honum verið meinað að hverfa heim af leikunum þrátt fyrir ítrekaða ósk þar um.

Sigurður Guðnason var í fremstu röð millivegalengdahlaupara landsins á sjötta áratugnum og setti Íslandsmet í 3.000 m hlaupi. Ljósm.: Þorvaldur Óskarsson.

Dómstóllinn féllst á málsástæður ÍR og vítti stjórn FRÍ

ÍR kærði ákvörðun stjórnar FRÍ til héraðsdóms Íþróttabandalags Reykjavíkur sem ómerkti útilokun Arnar og vítti stjórn FRÍ fyrir að gerast sjálf brotleg við dóms- og refsiákvæði ÍSÍ með því að taka sér hlutverk dómstóla sem hún hefði ekki haft lagastoð til. Ekki tóku forkólfar þessari niðurstöðu og tók nú framkvæmdastjórn ÍSÍ að sér að kæra íþróttamennina þrjá og hafði til þess tilstyrk sambandsráðsfundar. Hóf hún mál gegn þeim fyrir Héraðsdómstóli Íþróttabandalags Reykjavíkur. Eftir mikinn og langan málarekstur kvað dómstóllinn loks upp úrskurð 30. mars 1954. Niðurstaða hans var að tveir íþróttamannanna hefðu gerst brotlegir við reglur um skyldur og framkomu íþróttaflokka en ákvað að gera þeim enga refsingu. „Við mat á refsingu … verður að taka tillit til þess, að Örn Clausen hefur þegar sætt 3 mánaða þátttökubanni í íþróttum, sem var ranglega lagt á hann af framkvæmdaaðila, sem ekki hafði dómsvald til að ákveða slíka refsingu. Þykir því ekki ástæða til að gera Erni frekari refsingu," segir í dómnum.

Þegar hér var komið og aðeins hálfur sigur unninn fékk framkvæmdastjórn ÍSÍ sambandsráð til að samþykkja að áfrýja málinu ekki og var rekstri þess hætt. Eftir sem áður sat stjórn FRÍ uppi með vítur en alvarlegustu afleiðingar málsins urðu þær að þeir bræður Örn og Haukur Clausen fengu sig fullsadda á drottnunarvaldi leiðtoganna og mættu ekki til keppni á ný. Stjórn FRÍ taldi sig milda skaðann sem Örn hefði af keppnisbanni með því að láta það gilda að vetri til. Engin hindrun á keppni sumarið eftir yrði á hann lögð. Örn leit hins vegar fyrst og fremst á bannið sem tilraun til að lítillækka sig sem mest. Brást hann strax illur við banninu og sagði að stjórnarmenn FRÍ og önnur fyrirmenni skyldu ekki fara fleiri utanlandsferðir út á þá bræður. Þeir væru því hættir.

Nýir menn fylla smám saman í skörðin

Fljótlega fóru nýir afreksmenn að koma í ljós til að fylla smám saman það skarð sem Clausenbræður, Finnbjörn og fleiri skildu eftir sig. Má þar nefna Guðmund Vilhjálmsson, Kristján Jóhannsson, Sigurð Guðnason, Daníel Halldórsson, Skúla Thorarensen, Björgvin Hólm, Heiðar Georgsson, Vilhjálm Ólafsson, Hauk Böðvarsson, Adolf Óskarsson, Ingimar Jónsson, Helga Björnsson, Bjarna Linnet, Brynjar Jensson, Gylfa Gunnarsson, Valbjörn Þorláksson, Vilhjálm Einarsson o.fl. Þessi efnilegi hópur vann marga glæsilega sigra á sjötta og sjöunda áratugnum.

Huseby með lengsta kast Evrópu á Vormóti ÍR og hindrun hlaupin í fyrsta sinn

Vormót ÍR er um margt merkilegt íþróttamót en mót með því nafni var fyrst haldið um miðja tuttugustu öldina. Oftast hefur mótið verið nokkurs konar opnunarmót utanhússvertíðarinnar. Met og góður árangur hafa séð þar dagsins ljós og jafnvel besti árangur í Evrópu. Þannig var það til dæmis vorið 1951. Þar urðu þau gleðilegu tíðindi að Gunnar Huseby náði lengsta kasti í Evrópu er hann sigraði í kúluvarpi á mótinu með 16,30 metra kasti. Ofan í kaupið var það nýtt vallarmet á Melavelli. Á þessu sama móti var í fyrsta sinn keppt í 3.000 metra hindrunarhlaupi á Íslandi. Meginástæða þess var að í landskeppninni frægu í lok júní þetta sumar var hindrunarhlaup meðal keppnisgreina.

Nokkur ný hlauparaefni höfðu æft þessa nýju grein um vorið og voru fimm keppendur skráðir til leiks en fjórir luku keppni. Eiríkur Haraldsson úr Ármanni tók forystuna þegar á fyrsta hringnum og hélt henni hlaupið út. Hljóp hann hlaupið létt í gegn og ætti að geta bætt tímann allverulega í góðu veðri og harðri keppni. Eiríkur hljóp þetta tímamótahlaup á 10:51,0 mínútum, annar varð Hörður Hafliðason á 10:58,4 mín., þriðji Guðmundur Bjarnason ÍR á 11:06,8 mín. og fjórði Hörður Guðmundsson UMFK á 11:34,4 mín.

Huseby var oft í ham á Vormóti ÍR og setti hann til að mynda tvö Íslandsmet á mótinu 31. maí 1950 þrátt fyrir kalsaveður. Bætti hann kringlukastsmetið um tvo metra í 49,04 metra sem skipaði honum á bekk með bestu kringlukösturum Evrópu.

Efnt var til keppni í svonefndu beggja handa kringlukasti þar sem lögð voru saman lengstu köst með hvorri hendi og setti Huseby þar einnig met, 81,14 metra. Á þessu Vormóti ÍR stökk Torfi Bryngeirsson hærra á stöng en nokkur annar hafði gert í Evrópu eða 4,21 metra. Meðal keppenda í 400 metra hlaupi á mótinu var þýski fimmtarþrautarmeistarinn Ulrich Jonath sem var þjálfari hjá ÍR um skeið þetta ár. Reynir Sigurðsson, síðar formaður ÍR, sigraði í æsispennandi keppni en Jonath hlaut sama tíma, 52,0 sek. Þriðji varð Sveinn Björnsson KR, síðar forseti ÍSÍ.

Á fyrri degi mótsins 1950 gerðist sá fáheyrði atburður að í fjórða riðli í 100 metra hlaupi drengja þjófstörtuðu allir keppendurnir fjórir tvisvar og var vísað úr leik. Þeir fengu að hlaupa utan keppni en ekki gekk ræsingin alveg þrautalaust fyrir sig þá því það tók Guðmund Sigurjónsson ræsi þrjár tilraunir í viðbót að koma þeim af stað.



ÍR-ingar á æfingu í ÍR-húsinu við Túngötu 1955. Aftari röð frá vinstri: Björgvin Hólm, Valbjörn Þorláksson, Guðmundur Vilhjálmsson, Skúli Thorarensen, Karl Hólm, Heiðar Georgsson, Sigurður Guðnason. Fremri röð frá vinstri: Friðbjörn Hólm, dr. Ingimar Jónsson, Marteinn Guðjónsson, Daníel Halldórsson, Helgi Björnsson, Jóhannes G. Sölvason, Ólafur Hólm, Guðmundur Þórarinsson þjálfari. Ljósm.: Ljósmyndastofan Filman.

Fjör færðist í starfið er Jakob Hafstein varð formaður ÍR

Sumarið 1953 var Meistaramót Reykjavíkur gert að stigamóti og það félag sem flest stig hlyti skyldi fá titilinn „Besta frjálsíþróttafélag Reykjavíkur“. ÍR vann þetta mót með yfirburðum 1955 og 1956 og mörgum sinnum eftir það.

Um haustið 1953 urðu formannaskipti í ÍR. Gunnar Steindórsson baðst undan endurkosningu eftir gott starf hjá félaginu en við tók Jakob Hafstein. Jakob var frumkvöðull ýmissa nýjunga í ÍR, m.a. fóru flokkar félagsins að fara oftar í keppnisferðir út um land, til að tengja vina- og íþróttabönd við samherja landsbyggðarinnar. Var mikið gagn að þessu, bæði fyrir félagið og einstaka íþróttamenn þess.

Nær árlega buðu ÍR-ingar afburða íþróttamönnum til að keppa á mótum félagsins. Sumarið 1953 þáði mesti sleggjukastari heims á fyrri hluta sjötta áratugarins, Norðmaðurinn Sverre Strandli, boð félagsins og hafði nýlega sett heimsmet er hann keppti hér. Strandli var íslenskum íþróttaunnendum vel kunnur, enda verið meðal bestu sleggjukastara heims allt frá 1949. Hann hafði unnið keppni Norðurlandanna fjögurra gegn Svíum, orðið Evrópumeistari í Brussel og sett nokkur heimsmet. Ætla mætti að marga hefði fýst að sjá þennan heimsþekkta afreksmann sýna listir sínar á Melavelli um miðjan júlí. Það fór á annan veg, áhorfendur voru sárafáir. Strandli lét það ekki á sig fá og skemmti þeim fáu sem á áhorfendabekkjunum sátu.

Strandli sagði við blaðamenn að íslensku sleggjukastarana, sem hann hefði séð, skorti einkum hraða og jafnvægi í snúningum. Með réttri þjálfun gætu þeir fljótlega komist yfir 50 metra og allt í 55 metra. Keppti hann tvo daga í röð og ráðgert var að hann keppti hinn þriðja einnig. Varð hann þó of seinn til mótsins því sama dag skrapp hann austur í Haukadal til að sjá Geysi, en freistaðist til að bíða of lengi eftir gosi og kom því of seint til baka.

Lyftingar voru snar þáttur í æfingum Strandlis. Slík tæki til notkunar í eigin íþróttasal eignaðist ÍR fyrst íþróttafélaga á árunum 1954–55. Um var að ræða eina stöng og lóð svo lyfta mátti allt að 140–150 kílóum í einu.

ÍR-ingar vinna þrjár félagakeppnir í Svíþjóð og Noregi 1955

Merkasti þátturinn í félagsstarfinu á þessum árum er samvinna ÍR við sænska íþróttafélagið Bromma í Stokkhólmi sem var sterkasta frjálsíþróttafélag Svíþjóðar. Vorið 1955 komst ÍR í samband við þetta félag og var Rúnar Bjarnason, síðar slökkviliðsstjóri, milligöngumaður í því máli en hann stundaði nám í Svíþjóð og kynntist þar íþróttamönnum úr Bromma. Í júní komu fjórir Brommamenn hingað til keppni og kostaði ÍR för þeirra hingað. Var það eina heimsókn erlendra frjálsíþróttamanna hingað til lands um sumarið. Sýndi ÍR nú eins og svo oft áður dugnað og framsýni. Í ágúst fór 17 manna flokkur frjálsíþróttamanna úr ÍR í keppnisferð til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Flest mótin sem ÍR-ingarnir tóku þátt í fóru fram í Svíþjóð. Brommamenn tóku á móti flokknum þar, skipulögðu keppni hans og greiddu uppihald.

Frammistaðan var mjög góð, flokkurinn þreytti þrisvar félagskeppni við sænsk félög og bar sigur úr býtum í öll skiptin. Fyrsta keppnin var við Bromma og vann ÍR með 51 stigi gegn 45. Næst var keppt við íþróttafélagið Oliv í Stokkhólmi og aftur vann ÍR með sex stiga mun, 24:18. Loks var keppt við Oslo Turnforening í Ósló og var sigurinn þar mun stærri, 65:44. Til marks um góða frammistöðu í ferðinni urðu ÍR-ingar 72 sinnum í verðlaunasæti á mótum, þar af 34 sinnum á efsta þrepi verðlaunapalls. Fóru þeir heim hlaðnir verðlaunum, m.a. myndavélum, klukkum, töskum, borðum, vösum, bikurum o.m.fl. Þá settu íþróttamennirnir 35 sinnum persónuleg met í förinni.

Urðu fyrstir í fjórum greinum á Óslóarmeistaramótinu

Tvö Íslandsmet voru sett í ferðinni. Þórir Þorsteinsson úr Ármanni, sem var gestur ÍR-inga í ferðinni, hljóp 800 metra á 1:52,6 mín. í keppninni við Bromma í Stokkhólmi 23. ágúst og bætti frægt met Óskars Jónssonar ÍR-ings frá 1948 um 1,4 sekúndur. Þá var Sigurður Guðnason í ham í ferðinni og bætti sig mjög. Setti hvert persónulega metið af öðru og nýtt Íslandsmet í 3.000 metra hlaupi í Södertälje í Svíþjóð 30. ágúst. Hljóp á 8:45,6 og bætti met Kristjáns Jóhannssonar um tvö sekúndubrot. Þá setti yngsti þátttakandinn í ferðinni, hinn 18 ára gamli Ingimar Jónsson drengjamet í 400 metra grindahlaupi, 59,2 sek., á fyrsta móti ferðarinnar, í Ósló 19. ágúst. Ingimar varð síðar kunnur íþróttafræðingur og þjálfari.

Norðurlandaför 1955. Aftari röð frá vinstri: Björgvin Hólm, Guðmundur Vilhjálmsson, Vilhjálmur Einarsson, Adolf Óskarsson, Helgi Björnsson, Vilhjálmur Ólafsson, Sigurður Guðnason, Heiðar Georgsson, Jóel Sigurðsson, Skúli Thorarensen og Örn Eiðsson fararstjóri. Fremri röð frá vinstri: Jakob V. Hafstein, formaður ÍR, Þórir Þorsteinsson, Ármanni, Ingimar Jónsson, Bjarni Linnet, Daníel Halldórsson og Guðmundur Þórarinsson, þjálfari.

ÍR-ingarnir kepptu sem gestir á Óslóarmeistaramótinu á öðrum degi ferðarinnar og stóðu sig með prýði, urðu fyrstir í fjórum greinum. Guðmundur Vilhjálmsson vann 200 m á 22,9 sek., Skúli Thorarensen vann kúluvarp á 14,26 m. Vilhjálmur Einarsson, þá ennþá í UÍA, vann þrístökk á 14,02 m og íslenska sveitin varð fyrst í 1.000 m boðhlaupi á 2:01,8 mín. Auk þessa stórbætti Sigurður Guðnason árangur sinn í 5 km hlaupi, varð annar á 15:27,2 mín. Að sögn Vilhjálms varð boð ÍR-

Skúli Thorarensen varpaði kúlu 16,00 m árið 1957 og var það ÍR-met þar til Erlendur Valdimarsson sló það. Dómarinn til vinstri er ÍR-ingurinn Marteinn Guðjónsson sem var einn aðal kastdómari landsins um áratuga skeið. Ljósm.: Þorvaldur Óskarsson.

inga um þátttöku í ferðinni og samstarf við hið sænska félag til þess að hann ákvað að ganga í ÍR árið eftir.

Áfram hélst samvinna félaganna og komu 17 Brommamenn til Reykjavíkur í júní 1956 og unnu ÍR í félagskeppni, 81:66. Eins og árið áður var þetta eina heimsókn erlendra frjálsíþróttamanna til landsins. Auk félagskeppninnar var háð keppni milli Reykjavíkur og Bromma og sigraði Reykjavík með yfirburðum. Einnig sendi ÍR flokkinn til Akureyrar til keppni. Varð það til þess að auka töluvert kostnað ÍR vegna móttöku sænsku íþróttamannanna.

Silfur Vilhjálms stærsta og besta afmælisgjöfin

ÍR varð hálfrar aldar gamalt 11. mars 1957 og má segja að frjálsíþróttamenn ÍR hafi veitt félaginu sína stærstu og bestu afmælisgjöf rétt áður en afmælisárið rann upp, en það er árangur Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne þar sem hann vann til silfurverðlauna í þrístökki. Vilhjálmur náði silfurstökkinu í annarri umferð. Rödd þularins hljómaði um leikvanginn: „Íslendingurinn Vilhjálmur Einarsson hefur sett nýtt ólympíumet.“ Hann stökk 16,26 metra og var fagnað geysilega. Keppnin stóð lengi og í rúmar tvær stundir hafði hann forystu en undir lokin komst heimsmethafinn da Silva frá Brasilíu loks fram úr, stökk 16,35. Í keppninni í Melbourne bætti Vilhjálmur árangur sinn mjög því hann hafði stokkið 15,83 metra og sett Norðurlandamet á móti í Karlstad fyrr um haustið, skömmu áður en hann hélt til Melbourne. Dvaldist hann í rúmlega mánaðartíma í Svíþjóð fyrir ólympíuförina og segir það hafa átt mikinn þátt í hversu vel gekk í Melbourne.

Hjartað hoppaði í Ólafi er stökklengd Vilhjálms var tilkynnt

Við skulum drepa niður í frásögn Ólafs Sveinssonar fararstjóra þegar hann lýsir metstökki Vilhjálms í grein í Íþróttablaðinu eftir heimkomuna frá Melbourne í desemberbyrjun 1956. „Dómararnir við stökkplankann voru lengi að skoða hann en réttu svo upp hvíta veifu til marks um það að stökkið væri gilt. Þá létti mér ákaflega. Nokkur stund leið þangað til stökklengdin var birt á töflunni. Ég trúði ekki mínum eigin augum og spurði þann, sem sat næstur mér, hvort þetta væri ekki 15,25 m frekar en 16,25 m.

Hann sagði eins og var – 16,25 m. Það hoppaði í mér hjartað. Rétt á eftir kvað við rödd þularins: „Number 638, Einarsson of Iceland, has just set a new Olympic record by jumping 53 feet 4 inches, 16,25 meters.“ Þarna var það. Hvorki meira né minna en nýtt ólympíumet.“

Ólafur gat þess einnig í grein sinni að vart myndu dæmi þess að helmingur flokks nokkurs lands á Ólympíuleikum hafi unnið til silfurverðlauna á leikunum en þátttakendur Íslands voru tveir.

Vilhjálmur bjóst ekki við sigri en hafði ekki viðurkennt tap fyrirfram, hafði allt að vinna en engu að tapa og enga afsökun fyrir að standa sig illa, eins og hann hefur komist að orði. Hann stökk inn í úrslitakeppnina í fyrsta stökki undankeppninnar. Heppnin lét þó bíða eftir sér í úrslitunum, fyrsta stökkið var ógilt og vegna fjölda keppenda leið nærri því heil klukkustund milli tilrauna, sem gerir keppni á Ólympíuleikum öðrum mótum erfiðari. Um annað stökkið, silfurstökkið, og það sem á eftir fylgdi hefur Vilhjálmur komist svo að orði í bók sinni, Silfurmanninum:

„Það var margt, sem þaut í gegnum huga minn, þar sem ég beið eftir öðru stökkinu. Ég fylltist örvæntingu við þá tilhugsun að allt misheppnaðist, og fimm vikna erfiði rynni út í sandinn, og að ég brygðist því trausti, sem mér hafði verið sýnt með því að senda mig í þessa dýru ferð.

Ólýsanleg tilfinning að standa á verðlaunapallinum og sjá íslenska fánann dreginn að hún

Eins og oft þegar mannssálin ráfar í myrkrum örvæntingarinnar er bænin eina leiðin, og þar sem ég sat þarna á íþróttagallanum, þá baðst ég innilega fyrir. Ég bað samt ekki um gull eða silfur, heldur það, að mér mætti heppnast að sýna ávöxt þess erfiðis, sem undirbúningurinn hafði haft í för með sér, að mér mætti heppnast vel. Einnig bað ég þess, að ef mér heppnaðist vel, þá mætti mér auðnast að nota áhrif mín, ef einhver yrðu, til góðs fyrir Ísland og íslenska æsku.

Næsta stökk heppnaðist vel, miklu betur en ég eða nokkur annar, held

Verðlaunahafar í þrístökki á Ólympíuleikunum 1956, frá vinstri: V. Kreer, Da Silva, Vilhjálmur Einarsson.

ég, hafði þorað að vona. Það var svo hárfínt á plankanum, að það leið löng stund þar til það var úrskurðað gilt. Ég var eitthvað svo dofinn eftir einbeitinguna að mér fannst ekkert til koma. Þótt ég brosti og veifaði til fólksins var eins og ég væri ekki viðstaddur. Þegar da Silva bætti metið með því að stökkva 16,35 metra varð ég ekkert hissa, ég bjóst eiginlega við fleirum fram fyrir mig. Það sem mér þótti verst var, að vegna ökklanna og þreytu í skrokknum var ég vonlaus um að bæta mig … Ég var alveg búinn, en þvílík heppni að fá þetta stökk svo snemma í keppninni … Það var ólýsanleg tilfinning að standa á verðlaunapallinum og sjá íslenska fánann dreginn að hún með þeim brasilíska sem var í miðjunni og þeim rússneska til vinstri.“

Þegar Vilhjálmur steig út úr flugvélinni á Reykjavíkurflugvelli við heimkomuna fékk hann höfðinglegar móttökur. Haldin var vegleg og fjölmenn veisla í Ráðherrabústaðnum og honum afhentur silfurbikar áletraður af ríkisstjórninni.

Annar ÍR-ingur, Valbjörn Þorláksson, var í mikilli framför árið 1956 og átti sér þann draum að komast á leikana í Melbourne. Hann rættist ekki því ákveðið var að senda aðeins tvo keppendur þangað. Margir töldu að Valbjörn hefði einnig náð langt því árangur hans á árinu hefði dugað til fjórða sætis í Melbourne. „Lágmarkið fyrir Ólympíuleikana var ákveðið 4,30 metrar og strax á fyrsta mótinu fór ég yfir 4,25 metra og síðar um sumarið náði ég lágmarkinu. Það fór hins vegar svo að ólympíunefndin tímdi ekki að senda mig og urðu það mér óneitanlega mikil vonbrigði, því ég hefði getað orðið framarlega í Melbourne," sagði Valbjörn í blaðaviðtali löngu seinna. Fyrir honum átti eftir að liggja að keppa á þrennum næstu Ólympíuleikum, í Róm 1960, Tókýó 1964 og Mexíkó 1968.

Afmælisins minnst með glæsilegum afrekum

Í tilefni 50 ára afmælis félagsins efndi frjálsíþróttadeildin til innanhússmóts á Hálogalandi í marsmánuði 1957 þar sem sett voru þrjú ný Íslandsmet. Vilhjálmur Einarsson setti met í hástökki án atrennu, stökk 1,65 m, og í þrístökki án atrennu, stökk 9,92 m. Þá setti Valbjörn Þorláksson met í stangarstökki, stökk 4,10 m. Hafði sérstaklega verið smíðuð 21 metra löng færanleg atrennubraut vegna þessa móts. Annar í stangarstökkinu varð Heiðar Georgsson, stökk 3,90 m. Var þetta í fyrsta sinn sem keppt var á opinberu móti hér á landi í stangarstökki innanhúss, áður hafði verið keppt í greininni á innanfélagsmótum. Valbjörn hafði sett met á innanfélagsmóti í ÍR-húsinu árla í janúar en þá stökk hann 3,88 metra og bætti eldra metið um átta sentimetra. „Stangarstökkskeppnin í ÍR-húsinu við Túngötu var nokkuð erfið, atrennubraut mjög stutt og sennilega ekki hægt að stökkva hærra en 4 metra þar vegna lofthæðar hússins. Hins vegar er það ákaflega þýðingarmikið fyrir stangarstökkvara okkar að geta verið að stökkva allt árið, í stað þess að snerta varla á stönginni í marga mánuði. Valbjörn var nálægt því að fara yfir 4 metra," sagði Morgunblaðið. Annar varð Brynjar Jensson með 3,45 og þriðji Valgarður Sigurðsson með 3,35 metra.

Annað innanhússmót mánuði síðar, afmælismót Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur á Hálogalandi, komst í fréttirnar. „100 kg maðurinn stökk 1,60 metra í hástökki án atrennu," sagði í fyrirsögn á frétt um mótið í Morgunblaðinu. Þar var átt við hástökk kúluvarparans Skúla Thorarensen, sem náði öðrum besta árangri Íslendings í greininni. Stökk 1,60 og reyndar munaði aðeins örlitlu að hann smygi yfir methæðina 1,67. Þótti það gott af manni í þessum þyngdarflokki. Skúli vann svo kúluvarpið með besta innanhússárangri vetrarins og varð loks annar í langstökki án atrennu, stökk 3,12 m. „Þetta er árangur sem vert er að halda á lofti," sagði blaðið.

Um vorið dvaldi hér á vegum deildarinnar í fjórar vikur Edvard Rüssmann, kennari við íþróttaháskólann í Köln, en hingað kom hann fyrir milligöngu Valdimars Örnólfssonar, sem verið hafði nemandi hans þar. Í viðtali við Morgunblaðið í lok dvalar sinnar sagðist hann hafa glaðst mjög er hann tók til starfa hér og sá stóran hóp íþróttamanna, kröftugra, stórra og glæsilegra. Í honum væru svo margir líklegir til stórafreka að Ísland þyrfti á sviði frjálsíþrótta engu að kvíða í framtíðinni, ef æft væri. Sagðist hann undrast af hve mikilli elju íslenskir íþróttamenn mættu þeim miklu erfiðleikum sem þeir ættu við að stríða og væru meiri en hann hafði órað fyrir; umhleypingasamri veðráttu og húsnæðisvandræðum. „Það er stórfurðulegt og jafnvel óskiljanlegt hvern árangur og áhuga t.d. stangarstökkvararnir hafa sýnt í litla ÍR-húsinu," sagði hann. Og vissulega átti sá áhugi Valbjörns eftir að skila sér í glæstum afrekum. Hann hafði stokkið yfir fjóra metra í fyrsta sinn 1955 í landskeppni Íslands og Hollands og sáu menn þá, að er tímar liðu myndu Íslendingar eignast jafnoka Torfa Bryngeirssonar, þótt enn væri langt í met hans, 4,35.

Dagana 21.–22 . júní héldu ÍR-ingar afmælismót á Melavellinum í tilefni 50 ára afmælis félagsins. Ekkert var til sparað og boðið átta erlendum keppendum, m.a. verðlaunamönnum frá Ólympíuleikunum í Melbourne árið áður. Fyrir vikið töluðu fjölmiðlar um „stjörnumót" ÍR. Meðal keppenda voru þrír rússneskir frjálsíþróttamenn og vegna þátttöku þeirra er 50 ára mótið markvert í íþróttasögunni. Var það í fyrsta sinn sem rússneskir íþróttamenn kepptu á Íslandi. Tveir þeirra unnu bronsverðlaun í Melbourne, Vitold Kreer í þrístökki og Viktor Zibulenko í spjótkasti. Um tíma var að því stefnt að hinn frægi rússneski langhlaupari Vladimir Kutz kæmi en hann var ólympíumeistari í 5 og 10 km í Melbourne. Einnig var þess freistað að fá norska spjótkastarann Egil Danielson, ólympíumeistara í Melbourne. ÍR hafði fengið keppnisleyfi fyrir þá en af komu hvorugs þeirra varð þó. Engu að síður var mótið stjörnum prýtt því frá Austur-Þýskalandi komu fjórir keppendur; Klaust Richtzenhain silfurmaður í 1.500 metrum frá í Melbourne, Evrópumethafinn í stangarstökki, góður spjótkastari og annar millilengdahlaupari. Loks varð á síðustu stundu af þátttöku vestur-þýska spretthlauparans Manfreds Germar, besta spretthlaupara Evrópu. Hann varð eini Evrópumaðurinn sem komst í úrslit 100 metra hlaupsins í Melbourne en í því varð hann fimmti.

„Má ég koma á ÍR-mótið?" spurði besti spretthlaupari Evrópu

„Spretthlauparinn símaði: Má ég koma á mótið – Germar keppir hér", sagði

Morgunblaðið í fyrirsögn á frétt um komu Germars. Honum hafði fyrir löngu verið boðið til mótsins. Síðar barst skeyti frá þýska frjálsíþróttasambandinu um að hann gæti ekki komið til Íslands því sú ferð rækist á aðra keppnisferð hans. Tveimur dögum fyrir mót kom skeyti frá Germar sjálfum. Sagðist hann langa mjög til að koma til Íslands og taldi möguleika á að honum tækist að ná íslensku flugvélinni. Honum var þegar í stað svarað að hann væri velkominn og farmiði biði í Hamborg ef hann vildi. Tími gafst ekki til svars en svo birtist hann kvöldið eftir á Reykjavíkurflugvelli.

Kreer hinn rússneski var kominn til keppni við Vilhjálm Einarsson í þrístökki. Við komuna til landsins kvaðst hann í góðri þjálfun. Sagðist búast við miklu og lét þá von í ljós að honum mætti takast að bæta sinn besta árangur þetta sumar um 20 sentimetra og stökkva um 15,75 metra. Þeir Vilhjálmur höfðu mæst þremur vikum áður í Varsjá og þar hafði ÍR-ingurinn betur og skildu 30 sm þá að. Yrði Kreer að ósk sinni átti bilið að minnka á ÍR-mótinu. Þriðji Rússinn sem hingað var kominn, Jonas Pipine, 21 árs millilengdahlaupari, setti rússneskt met í 1.500 metrum á mótinu í Varsjá, 3:43,4 mín. Var þetta fyrsta ferð hans til Norðurlanda.

Í setningarræðu mótsins talaði Jakob Hafstein formaður ÍR til íþróttamannanna. Hann vék sérstaklega að Vilhjálmi Einarssyni og sagði hann hafa beint augum heimsins að Íslandi með afrekum sínum. Með þeim hefði hann og lagt fram stóran skerf til þess að hinir kunnu íþróttamenn vildu þekkjast boð ÍR um að koma til mótsins.

„Þetta er stærri og betur skipaður „stjörnu-hópur“ en áður hefur komið til eins og sama frjálsíþróttamótsins. Má kalla það djarft fyrirtæki ÍR-inga að leggja út í slíkt heimboð því aðsókn að frjálsíþróttamótum hefur, þótt vaxandi sé, ekki verið mikil, en vonandi kann almenningur að meta það þegar vel er séð fyrir harðri keppni og strangri jafnvel eins og best gerist á stærri mótum erlendis,“ sagði Morgunblaðið daginn sem mótið hófst.

Vilhjálmur vann Kreer og náði þriðja besta afreki í heimi

ÍR-mótið heppnaðist einstaklega vel og fékk þá einkunn fjölmiðla að vera árangursríkasta frjálsíþróttakeppni sem hér hafði farið fram. Fyrsta kvöldið urðu á þriðja þúsund áhorfendur vitni að mjög skemmtilegri keppni. Árangurinn var stórkostlegur. Vallarmet voru sett í fjórum greinum, spjótkasti, stangarstökki, míluhlaupi og þrístökki fyrsta kvöldið. Rússneskt met var sett í míluhlaupi og sömuleiðis íslenskt met. Þá var sett vallarmet í 1.500 metra hlaupi og Íslandsmet í 3.000 m á „aukastjörnumóti“ fjórum dögum seinna.

Af helstu úrslitum fyrsta kvöldið má nefna að þáverandi Evrópumethafi, Manfred Preussger, sigraði í stangarstökki, stökk 4,36 m. Valbjörn varð í öðru sæti, stökk 4,30 m. Vilhjálmur sigraði í þrístökkinu, stökk 15,92 m eftir harða keppni við Kreer, sem stökk 15,88 m. Zibulenko sigraði í spjótkasti, kastaði 75,22 m. Árangur Vilhjálms í þrístökkinu var þriðja besta þrístökksafrekið í heiminum þetta sumar. Var þetta vallarmet á Melavelli, en á þjóðhátíðarmótinu viku fyrr hafði Vilhjálmur bætt vallarmetið um 36 sentimetra með 15,55 metra stökki, þrátt fyrir lausa atrennubraut og litla viðspyrnu. Hlaut Vilhjálmur forsetabikarinn svonefnda fyrir það afrek.

Mótið hófst með keppni í spjótkasti og í fyrsta kasti kom vallarmet hjá Frost 73,69. Zibulenko svaraði þegar með 75,12 m og bætti svo vallarmetið í 75,22 síðar í keppninni. Glíma þessara tveggja eggjaði Jóel Sigurðsson til átaka og kastaði hann í fyrsta sinn á sumrinu yfir 60 m.

Allir stangarstökkvararnir, Preussger, Valbjörn og Heiðar, flugu yfir 4 m en á 4,10 féll Heiðar út. Einvígið hófst milli hinna tveggja og var hart og tvísýnt. Valbjörn fór í fyrstu tilraun yfir 4,30 m, en Preussger í annarri. Stillt var á nýtt íslenskt met, 4,36 metra, og munaði litlu að Valbjörn færi yfir. Preussger fór hins vegar fallega yfir og vann.

Míluhlaupið þótti stórkostlegt. Hraðinn var mikill á Pipine sem hafði forystu fyrstu 1.300 metrana. Richtzenhain fylgdi fast á eftir og fór fram úr 300 m frá marki. Pipine reyndi ákaft en tókst ekki að ná honum. Svavar Markússon setti Íslandsmet og því urðu metin fjögur í þessu hlaupi hjá fjórum keppendum. Richtzenhain setti vallarmet, Pipine rússneskt met, Svavar íslenskt og Kristleifur Guðbjörnsson unglingamet. Germar rann 100 m skeiðið fagurlega og vann hlaupið á 10,5 sekúndum en Hilmar náði 10,7 sek.

Þá var eftir greinin sem allir biðu í ofvæni eftir: Þrístökkseinvígi silfur- og bronsmannanna frá Melbourne. Vilhjálmur tók forystuna í fyrsta stökki, stökk 15,82 m en Kreer náði 15,30. Í öðru stökki stökk Vilhjálmur 15,67 en nú hleypti Kreer fjöri í keppnina með því að taka forystuna með 15,88 m stökki. Vilhjálmur bjó sig vel undir að svara. Meðan hann einbeitti sér í upphafi aðhlaups ríkti grafarþögn á Melavellinum og allt þar til mannfjöldinn lauk upp fagnaðarópi að stökkinu loknu, því það mældist 15,92 m. Eftir þetta bætti hvorugur árangur sinn og skemmtilegu einvígi lauk með sigri Vilhjálms. Sigurstökkið reyndist þriðja besta afrekið er náðst hafði í heiminum á árinu, hin betri voru tveimur og þremur sentimetrum lengri.

Á öðrum mótsdegi setti Austur-Þjóðverjinn Helfried Reinnagel vallarmet í 1.000 metrum, 2:24,6 mín. Mesta athygli vakti þó hinn 18 ára gamli Kristleifur Guðbjörnsson, sem bætti Íslandsmet Kristjáns Jóhannssonar í 3.000 metrum um 4,8 sekúndur, hljóp á 8:38,4 mín. Kristján átti eftir að endurheimta metið síðar um sumarið.



Kristján Jóhannsson. Ljósmyndari: Þorvaldur Óskarsson.

Á þriðja og síðasta degi stjörnumótsins náðist toppárangur sem hina dagana. Hæst bar þó vallarmet Rússans Pipine sem hljóp 1.500 metra á 3:47,4 mín. Hinn frægi norski hlaupari Arne Hamarsland átti fyrra vallarmetið, 3:52,0 mín. Germar hljóp svo 100 m á 10,5 sek. og Hilmar Þorbjörnsson varð annar á 10,6 sek., sem var besti tími Íslendings það sem af var ári.

Valbjörn Þorláksson í stangarstökki í gamla ÍR-húsinu. Guðmundur Þórarinsson þjálfari er fyrir miðri mynd, Heiðar Georgsson stendur uppi á kubb og Sæmundur Pálsson (Sæmi rokk) er lengst til hægri. Atrennan var aðeins nokkrir metrar og lent á þunnri samanbrotinni leikfimidýnu. Ljósm.: Ólafur K. Magnússon.

Valbjörn slær stangarstökksmet Torfa

Í landskeppni Dana og Íslendinga, sem fram fór á Melavellinum 1. og 2. júlí, voru margir ÍR-ingar meðal þátttakenda. Létu þeir verulega að sér kveða og áttu stóran þátt í að íslenskur sigur vannst í keppninni. Vilhjálmur, sem var fyrirliði landsliðsins, setti Íslandsmet í langstökki, stökk 7,46 m. Hann vann einnig öruggan sigur í þrístökki og var í 4 x 100 metra sveitinni sem vann þá dönsku. Öllum á óvart varð Helgi Björnsson annar í langstökkinu í sinni fyrstu landskeppni, stökk 6,99 m. Vilhjálmur var í miklu stuði og tvíbætti met Torfa Bryngeirssonar, stökk fyrst 7,41 og 7,46 í næsta stökki. Öll stökk hans voru lengri en gamla metið sem hann bætti um 16 sm. Kristján Jóhannsson setti met í 5.000 m hlaupi, fékk tímann 14:56,2 mín. Bætti hann eigið met um 11 sekúndur og hafði með því bætt hið fræga met Kaldals um 27 sek. Daníel Halldórsson varð annar í 400 m grind á 55,8 sek. sem var hans langbesti árangur. Í kúluvarpinu sigraði Skúli Thorarensen mjög óvænt, varpaði 16 metra slétta. Kristján varð þriðji í 10 km hlaupi á 31:58.0 mín. Íslendingar fóru með sigur af hólmi í stigakeppninni, hlutu 116 stig á móti 95 stigum Dana. Valbjörn Þorláksson varð annar í stangarstökkinu, stökk 4,25 m eða jafnhátt og Daninn Larsen, sem setti nýtt danskt met.

Fjölmiðlar veltu sér upp úr góðri frammistöðu íslenska liðsins sem fór það kröftuglega af stað að það vann fyrstu fimm greinar mótsins. „Aldrei hefur nokkur landskeppni Íslendinga byrjað eins vel og keppnin við Dani, sem hófst í gær. Aldrei hefur eitt íslenskt landslið frjálsíþróttamanna verið eins samstillt til stórra átaka. Aldrei hafa íslenskir frjálsíþróttaunnendur verið gripnir eins föstum tökum hrifningar og spennings til síðustu stundar keppninnar," sagði í frásögn Morgunblaðsins af keppninni. Áhorfendur voru um 4.000 hvort kvöld og var það meiri fjöldi en verið hafði á frjálsíþróttamóti um langt árabil.

Efnt var til aukakeppni í stangarstökki eftir landskeppnina. Auk dönsku og íslensku keppendanna var frægur finnskur stökkvari, Pironen, meðal keppenda. Þeir Valbjörn flugu báðir yfir 4,15 en Larsen komst ekki hærra en 4,00 ásamt Heiðari Georgssyni. En nú skildi leiðir því Finnanum var þrotinn kraftur enda kalt í veðri. Áhorfendur biðu því spenntir eftir sólósýningu Valbjörns. Fór hann svimandi hátt yfir 4,25 og kliður fór um áhorfendur því stökkið var knálegt og fallegt. Ráin var hækkuð í 4,37 eða tveimur sentimetrum hærra en Íslandsmet Torfa Bryngeirssonar frá 1952. Mikil eftirvænting ríkti á áhorfendapöllunum, en var bjartsýnin of mikil?

Stæltur og fimur hljóp Valbjörn að á feiknahraða, felldi stöngina og vó sig fimlega og leiftursnöggt yfir rána án þess að snerta hana. Fagnaðaróp áhorfenda köfnuðu fljótlega því norðanstrekkingur feykti stönginni á rána en ekki frá henni og felldi hana. Vonbrigðin voru mikil, fólkinu hafði hitnað af spenningnum en nú var aftur kalt og ónotalegt. Önnur tilraun og nú tóku allir gleði sína á ný því allt gekk upp hjá Valbirni, atrenna, felling og uppstökk. Fyrr en varði lá hann í gryfjunni og ráin hvíldi óhagganleg á okunum. Meti Torfa hafði hann rutt úr vegi og stuttu seinna bætti hann um betur. Stökk 4,40 og sigraði á stórmóti í Stokkhólmi þar sem hann lagði að velli besta stökkvara Svía, Lind, og frægan Bandaríkjamann.

Í tilefni 50 ára afmælisins var ráðist í keppnisför til útlanda. Nú skyldi haldið lengra en nokkru sinni áður eða til Svíþjóðar og Rússlands. Hinn 17. júlí lagði 15 manna hópur upp

ÍR-ingar á góðri stund í félagsaðstöðunni sem þeir höfðu á efri hæð ÍR-hússins. Frá vinstri: Vilhjálmur Einarsson, Marteinn Guðjónsson, Birgir Guðjónsson, Helgi Hólm og Kristján Eyjólfsson. Á veggnum má sjá vegglampa með ÍR-merkinu. Ljósm.: Þorvaldur Óskarsson.

í þá för en þeir voru: Vilhjálmur Einarsson, Valbjörn Þorláksson, Skúli Thorarensen, Heiðar Georgsson, Daníel Halldórsson, Sigurður Guðnason, Kristján Jóhannsson, Björgvin Hólm, Unnar Jónsson og Adólf Óskarsson. Að auki voru með í förinni þeir Höskuldur Goði Karlsson ÍBK og Ingólfur Bárðarson HSK og Gunnar Huseby KR og Hilmar Þorbjörnsson Ármanni slógust í hópinn í lokamótunum. Keppti hópurinn á mörgum stöðum í Svíþjóð og einnig í Moskvu. Mjög góður árangur náðist í þessari för og féllu nokkur Íslandsmet.

Kristján setti met í hverju hlaupi

Fyrsta keppnin var á alþjóðlegu móti í Stokkhólmi 19. júlí. Á því móti sigraði Valbjörn í stangarstökki á

nýju Íslandsmeti, 4,40 m. Vilhjálmur vann þrístökk, Daníel varð þriðji í 400 m hlaupi á 49,9 sek. Skúli varð einnig þriðji í kúluvarpi og Sigurður Guðnason varð í sama sæti í 1.500 metra hlaupi á sínum besta tíma, 3,58.0 mín. Kristján Jóhannsson var í betri æfingu en nokkru sinni fyrr og steig vart á hlaupabrautina öðruvísi en setja met. Kvöldið eftir Stokkhólmsmótið kepptu ÍR-ingarnir í Malmö og voru óspart hvattir af nokkrum Íslendingum á áhorfendabekkjum. Þá afhenti íslensk stúlka verðlaun fyrir stangarstökkið og var henni óspart fagnað, enda falleg, eins og segir í frásögn Arnar Eiðssonar fararstjóra. Í miðju móti rufu þrumur kyrrðina og skýfall fylgdi strax á eftir, en um daginn hafði hiti verið óvenjulega mikill í bænum, um 30 stig í forsælu.

Stangarstökkvararnir áttu í miklum erfiðleikum í rigningunni og mótvindi. Valbjörn sigraði þó með miklum yfirburðum, fór yfir 4,00, 4,10, 4,20 og 4,30 í fyrstu tilraun en mistókst við nýja methæð, 4,42 metra. Enda var farið að skyggja og erfitt orðið að greina rána. Atrennubrautin í langstökki var slæm og auk þess mótvindur. Það aftraði ekki Vilhjálmi frá því að vinna með yfirburðum. Hann stökk 7,02 metra lengst en annar varð Þjóðverjinn Hajke sem stokkið hafði vel yfir 7 um sumarið en aðeins 6,52 nú.

Til leiks í 3.000 metra hlaupi voru mættir nokkrir af bestu langhlaupurum Norðurlanda, þeirra á meðal Daninn Thyge Thøgersen. Kristján hélt sig í miðjum tíu manna hópnum allt hlaupið. Millitími hans eftir 1.500 metra var 4:15 mínútur. Kristján spretti mjög úr spori á síðasta hring en áttaði sig ekki á því að tvö endamörk voru við brautina og hætti hlaupi aðeins of snemma. Mun hann hafa tapað a.m.k. sekúndu á því. Þrjár klukkur voru á Kristjáni og sýndu allar 8:37,5 mín. eða nýtt Íslandsmet. Hlaut Kristján sérstök aukaverðlaun fyrir metið og var einn af vinsælustu keppendunum. Nokkrum dögum seinna, í Mjölby, varð hann fjórði í 2ja enskra mílna hlaupi á 9:35,2 mín. sem einnig var nýtt Íslandsmet í þessu 3,2 km hlaupi þótt hlutfallslega mun slakara væri en 3 km hlaupið. Var millitíminn í þessu hlaupi eftir 3.000 metra 8:55,0 mín.

Sigurður Guðnason stóð sig mjög vel á mótinu, í 1.500 metra hlaupi. Daninn Benny Stender, sem unnið hafði 1.500 m hlaupið í landskeppni Dana og Íslendinga á Melavelli þremur vikum áður, hafði forystu allt hlaupið. Sigurður var í öðru til þriðja sæti af tíu keppendum fyrstu 800 metrana en þá fór einn Svíi fram úr. Þegar hringur var eftir var Sigurður orðinn 30–40 metrum á eftir þriðja manni en tók mikinn og glæsilegan endasprett. Tókst honum á síðustu metrunum að fara fram úr Svíanum við mikil fagnaðarlæti og varð þriðji á sínum besta tíma um sumarið, 3:57,8 mín. Í lokagreininni stefndi óvænt í sigur ÍR-sveitarinnar en á móti henni keppti sænsk sveit og alþjóðleg sveit sem skipuð var tveimur

Bandaríkjamönnum og tveimur bestu Svíunum. Eftir að skipting mistókst algjörlega er Valbjörn skyldi taka við keflinu af Daníel Halldórssyni mátti sveitin sætta sig við annað sætið.

„Þokkafulli íslenski flokkurinn vakti hrifningu“

ÍR-ingarnir unnu mjög hylli áhorfendanna ef marka má ummæli sænska blaðsins *Sydsvenska Dagbladet* sem skrifaði svo: „Hinn glæsilegi og þokkafulli íslenski flokkur vakti eins mikla hrifningu áhorfenda og bandaríski flokkurinn, enda sigruðu þeir í nokkrum greinum. Stangarstökkið var glæsilegast með methafann Þorláksson sem sigurvegara, en hann stökk 4,30 m. Mettilraun á 4,42 heppnaðist ekki vegna bleytu og myrkurs. Samt var sett eitt íslenskt met og vakti það mesta hrifningu áhorfenda þegar tilkynnt var, en það var met Kristjáns Jóhannssonar. Þekktasti gestur keppninnar var Íslendingurinn V. Einarsson sem tók verðlaunin í Melbourne. Hann keppti í ró og næði og stökk 7,02 þrátt fyrir hina slæmu langstökksbraut í Malmö.“

Í Mjölby sigraði Vilhjálmur í langstökki, Björgvin Hólm í 110 m grindahlaupi, Höskuldur Goði varð annar í 100 m á 10,9 sek. Vilhjálmur keppti við sænska methafann Wålander sem stokkið hafði 7,53 m. Svíinn náði ekki yfir sjö metrana í þetta sinn en Vilhjálmur var grimmur og öll stökk hans nema eitt voru yfir sjö metrum, hið lengsta 7,22 m.

Og baráttuviljinn hafði ekki dvínað í Sigurði Guðnasyni. Hann tók forystuna í 1.500 metra hlaupinu og hélt henni fyrstu 800 metrana er Svíi tók fram úr. Sigurður reyndi aftur að ná honum en varð annar af 12 keppendum á 3:58,8 mín. Valbjörn og Heiðar unnu tvöfaldan sigur í stangarstökki í Mjölby. Valbjörn stökk 4,20 og bætti vallarmetið um 20 sm.

Heiðar háði aukakeppni um sigur

Daginn eftir var keppt í Thureberg og var það fjórða keppnin á sex dögum svo þreytu var farið að gæta hjá sumum. Þó ekki Heiðari sem stökk langbest allra á stöng. Hann setti persónulegt met, stökk 4,15 m. Háði harða baráttu við Bandaríkjamanninn Applemann og urðu þeir að heyja aukakeppni um sigur. Hafði sá bandaríski þá betur. Heiðar átti allgóðar tilraunir við 4,20 og var kominn í „Norðurlandaklassa“.

Frá Svíþjóð hélt hópurinn og keppti á miklu alþjóðlegu móti á Lenínleikvanginum í Moskvu sem fram fór dagana 29. júlí–5. ágúst. Þar voru saman komnir íþróttamenn frá 49 þjóðum og settu ÍR-ingarnir mikinn svip á mótið. Sex þeirra komust í úrslit í sínum greinum. Vilhjálmur stóð sig með glæsibrag, varð annar í þrístökki eftir harða keppni og sentimetrastríð við heimsmethafann og ólympíumeistarann Da Silva, stökk 15,90 metra en Brasilíumaðurinn 15,92 m. Í þriðja sæti varð Evrópumethafinn Tsjerbakov með 15,76 m.

Valbjörn Þorláksson. Ljósmyndari: Þorvaldur Óskarsson.

Á þessu móti setti Kristján þriðja Íslandsmet sitt í ferðinni, nú í 10 km hlaupi, fékk tímann 31.37,6 mín. Stóð það met í 17 ár eða þar til annar ÍR-ingur, Sigfús Jónsson, sló það vorið 1974 í London. Valbjörn var ekki orðinn góður í ökkla af meiðslum sem hann hlaut í Svíþjóð og varð nr. 6 í stangarstökki með 4,20 m. Á heimleið keppti hópurinn í Málmey. Þar kórónaði Kristján góða ferð með því að ná sínum besta tíma í 1.500 m hlaupi, 4,00.0 mín. Sömuleiðis setti Sigurður Guðnason persónulegt met í 800 m hlaupi, 1,57.8 mín. Þeir kepptu einnig í 5 km og hljóp Kristján á 15:03,2 en Sigurður á 15:17,8. Þá hljóp Daníel Halldórsson 400 m grindahlaup á 55,2 sek. sem einnig var hans besti tími. Setti hann Íslandsmet um sumarið í fimmtarþraut, fékk 3.302 stig.

Ólympíumeistarinn í þrístökki, Da Silva frá Brasilíu, er hér með Vilhjálmi Einarssyni að leiðbeina ungum drengjum á Melavellinum árið 1958.

Tveir ÍR-ingar voru í liði Norðurlandanna sem kepptu við Balkanlöndin í Aþenu í október og stóðu sig með miklum sóma. Vilhjálmur sigraði í þrístökki, stökk 15,95 m, og Valbjörn varð annar í stangarstökki, stökk 4,30 m, sömu hæð og sigurvegarinn.

Um sumarið efndi deildin til frjálsíþróttanámskeiðs og mættu 80 til 100 unglingar til leiks. Nokkrir þeirra áttu eftir að láta mjög að sér kveða, langmest Jón Þ. Ólafsson sem gerði garðinn frægan í hástökki. Þarna byrjuðu einnig sinn feril þeir Jón Ögmundur Þormóðsson, Kristján Eyjólfsson, Ómar Ragnarsson og Helgi Hólm.

Vilhjálmur sigrar da Silva á Melavelli

Vilhjálmur Einarsson var skærasta íþróttastjarna ÍR og Íslands á þessum árum og eftirsóttur til keppni erlendis. Það var því hvalreki fyrir íslenska íþróttaunnendur er heimsmethafinn í þrístökki og tvöfaldur ólympíumeistari, Brasilíumaðurinn da Silva, kom hingað til lands í boði ÍR í júlí 1958 til einvígis við Vilhjálm. Hann hlaut heimsfrægð er hann sigraði á Ólympíuleikunum í Helsingfors og setti nýtt heimsmet, 16,22 m. Það þótti einn athyglisverðasti árangur á leikunum. Grunaði engan þá að fyrsti maðurinn til að bæta það ólympíumet yrði Íslendingur, en það gerði Vilhjálmur Einarsson í Melbourne.

Er Da Silva kom til keppni á vegum ÍR hafði hann ekki tapað keppni í sjö ár og var ókrýndur konungur þrístökksins. Aðeins tvisvar hafði honum verið ógnað og átti Vilhjálmur þar í hlut í bæði skiptin; í Melbourne 1956 og Moskvu árið eftir. Á fyrra mótinu hafði Da Silva betur, stökk 15,62 m, en Vilhjálmur 15,42 m. Brautirnar voru nokkuð þungar á Melavellinum eftir undangengnar rigningar. Þeir öttu kappi aftur viku seinna, einnig á Melavellinum, og varð keppnin söguleg. Frammi fyrir eitt þúsund áhorfendum varð Da Silva að láta í minni pokann í fyrsta sinn í sjö ár því nú sigraði Vilhjálmur, stökk 15,84 m í fyrsta stökki gegn 15,64 m. Vilhjálmur gerði fimm stökk sín ógild í keppninni og Da Silva þrjú. Eftir þessa keppni héldu þeir Vilhjálmur og Da Silva út á land og sýndu þrístökk á Akureyri og í Atlavík.

Seinna um sumarið keppti Vilhjálmur þrívegis við da Silva á mótum í Svíþjóð og vann hann þá einu sinni. Keppnisferð þeirra þangað vakti mikla athygli og auglýstu sænskir fjölmiðlar mótin sem þeir tóku þátt í óspart upp sem einvígi bestu þrístökkvara heimsins. Segja má að einvígi þeirra hérlendis hafi leitt til þessara móta. Þegar farið var að athuga fjárhaginn í sambandi við komu Brasilíumannsins kom í ljós að tekjurnar hrukku aðeins til að greiða kostnað við aðra leiðina og dvöl da Silva hér. Vaknaði því spurningin hvernig ÍR ætti að koma honum til síns heima. Um verulega fjármuni var að ræða en nú kom samband ÍR við Svíþjóð í góðar þarfir því samið var við Svía um að taka við þeim félögunum og að þeir tækju þátt í nokkrum mótum ytra en Svíar myndu síðan skila da Silva heim til sín. Þetta átti reyndar seinna eftir að draga dilk á eftir sér er sænskir fjölmiðlar báru á Vilhjálm að hann hefði þegið greiðslur fyrir íþróttir þar í landi og yrði því að skoðast atvinnumaður. Upphæðin háa, sem hann hafði tekið við, fór í að kaupa farseðil fyrir da Silva heim til Brasilíu.

Valbjörn stal senunni í Varsjá

Það var ekki bara Vilhjálmur sem var í sviðsljósinu þetta sumar. Valbjörn Þorláksson gerði einnig víðreist um Evrópu 1958 og keppti á mörgum stórum mótum. Hvarvetna naut hann vinsælda meðal áhorfenda og stal jafnvel senunni – jafnvel þótt frægir meistarar væru meðal keppenda. Það gerðist til dæmis í júní á minningarmóti um pólska járnbrautarstarfsmanninn Kusocinski, ólympíumeistarann í 10 km hlaupi í Los Angeles 1932. Eftirfarandi frásögn af mótinu birtist í Alþýðublaðinu:

„Stangarstökkskeppnin var dálítið söguleg, sérstaklega hvað snerti Valbjörn. Keppendur voru alls 10, átta Pólverjar, tékkneski meistarinn og Valbjörn. Eins og kunnugt er eiga Pólverjar 3–4 bestu stangarstökkvara Evrópu, Wasny (4,47), Krezinski (4,45) og Janiewski (4,40). Þessir kappar voru allir skráðir og mættir til leiks.

Byrjunarhæðin í keppninni var 3,80 og reyndu allir nema Valbjörn og Wasny. Þeim tókst flestum að fara yfir stórslysalaust. Næst var hækkað í 4 m og fara allir yfir í fyrstu tilraun nema Valbjörn og þrír aðrir. Það skal tekið fram að aðstaða var ekki sem best, misvinda, og því erfitt að fá atrennu til að passa. Í annarri tilraun tókst

tveimur af þessum fjórum að fara yfir, en Valbirni og einum Pólverja mistókst, þó að litlu munaði hjá Valbirni. Nú var útlitið orðið alldökkt, aðeins ein tilraun eftir og ef hún mistækist, þá var Valbjörn úr keppni, án þess að fara nokkra hæð og Valbjörn ætlaði aðeins að reyna, ef allt passaði.

Valbjörn leggur af stað í þriðju tilraun, hann sér að ekki passar og snýr við. Augu hinna 40 þúsund áhorfenda nema næstum öll á honum þegar hann leggur af stað aftur. Í þetta skipti heppnaðist allt og Valbjörn flaug yfir a.m.k. 40 sm ofar ránni. Fagnaðarlæti áhorfenda voru slík að það var eins og hann hefði sett met eða eitthvað þess háttar.

Nú fór allt að ganga betur, á 4,10 féllu nokkrir úr, en sex eða sjö reyndu við 4,20. Valbjörn sleppti 4,10 og fór hátt yfir 4,20 í fyrstu tilraun. Aðeins fjórir stukku 4,20 þ.e. Valbjörn og Pólverjarnir þrír. Var nú hækkað í 4,30. Wasny stökk fyrstur og fór vel yfir. Valbjörn var næstur og stökk mjög glæsilega yfir þá hæð. Janiewski mistókst en Krezinski fór yfir í þriðju tilraun.

Valbjörn vildi nú láta hækka í 4,42 m, nýja íslenska methæð, og var það samþykkt af pólsku dómurunum og Wasny. Pólverjinn reyndi fyrstur og mistókst þótt ekki munaði miklu. Valbjörn var næstur og er mikill hraði í atrennunni í þetta skipti og hann flýgur yfir við mikil fagnaðarlæti og keppinautar hans koma hlaupandi úr öllum áttum og óska honum til hamingju með metið. Báðum Pólverjunum mistókst en ekki munaði miklu hjá Wasny. Næst var hækkað í 4,50 en það reyndist of mikið í þetta skipti.

Við verðlaunaafhendinguna hlaut Valbjörn mikið lófaklapp og hann varð mjög vinsæll meðal áhorfenda á mótinu."

Reyndu að þurrka atrennubrautirnar með því að kveikja í þeim

Evrópumeistaramótið fór fram á ólympíuleikvanginum í Stokkhólmi í ágúst 1958. Tóku níu keppendur héðan þátt, þar af fjórir ÍR-ingar. Vilhjálmur Einarsson komst aftur á pall á stórmóti, varð þriðji í þrístökkinu, stökk 16,00 metra og vantaði aðeins 2 sm á að hljóta silfrið. Veðrið var slæmt, úrhellisrigning í þær tæpu þrjár stundir sem keppnin tók og allar brautir undir vatni er úrslitakeppnin fór fram. Reynt var að þurrka upp dýpstu pollana með stórum svampklútum og kveikt var í bensíni á atrennubrautum en það stoðaði lítið og ekki þurftu keppendur að vaða logana. Breiddur hafði verið segldúkur yfir atrennubrautina í þrístökkinu. Hún varð rennblaut áður en ein umferð var búin. Eftir hana var hellt bensíni á brautina og kveikt í henni, en þar kom að eftir þriðju umferð var hún ónothæf og var þá stokkið í annarri stökkbraut hinum megin vallarins. Þeirri aðferð að kveikja í til að þurrka malarsvæði var beitt í kasthringjum á Melavellinum fram yfir 1960 eða allt þar til þeir voru steyptir. Stigu þá svartir reykjarbólstrar til himins og væri hætt að rigna dugði íkveikja af þessu tagi til að þurrka hringinn út keppnina.

Vilhjálmur kunni vel við sig á Stokkhólmsstadion og tók rigningu og hinum erfiðu aðstæðum ekki illa. Þegar 18 menn höfðu stokkið þrjú stökk hver og sex manna úrslit skyldu hefjast var brautin að gryfjunni einn pollur og algerlega ónothæf. Var úrslitakeppnin þá flutt að annarri gryfju.

Vilhjálmur var lengi vel í fjórða sæti Evrópumótsins en féll niður í það fimmta í fimmtu umferð. Í þeirri umferð lengdu keppinautar hans sig en sjálfur gerði Vilhjálmur ógilt. Að sögn stökkdómaranna var það um 16,20 metrar. Fyrir sjöttu og síðustu umferðina gerði enn eitt skýfallið. Vilhjálmur hafði þó ekki sagt sitt síðasta orð. Þegar allt blés á móti stæltist hann á örlagastund og keppnisskap hans kom í ljós. Allir íslensku frjálsíþróttamennirnir höfðu lokið keppni. Vilhjálmur var á vellinum til að segja síðasta orðið af Íslands hálfu. Einbeitnin skein úr andliti hans. Eins og í Melbourne áður bjó hann sig vel og lengi undir stökkið áður en hann lét til skarar skríða og geystist niður atrennubrautina. Og þegar hann lenti í gryfjunni kváðu við gífurleg fagnaðarlæti áhorfenda, sem voru 32.000 talsins og þeirra á meðal Gústaf Adolf konungur. Stökkið hafði heppnast vel og mældist 16,00 metrar sléttir. Vilhjálmur hafði hreppt bronsverðlaunin og fært Íslandi í leiðinni fjögur stig í óopinberri keppni þjóða í millum. Honum einum hafði tekist að bæta sig í lokaumferðinni og var aðeins tveimur sentimetrum á eftir Rússanum Rjakhovski en sigur hafði Pólverjinn Schmith sem stökk 16,43 metra.

„Ég held að stór happdrættisvinningur hefði ekki gert okkur Íslendingana, sem þarna vorum, glaðari. Okkur fannst allt í einu þessi blauti leikvangur vera fallegur – sá fallegasti í heimi. Klukkustund síðar var verðlaunum úthlutað. Fáni Íslands var dreginn að hún ásamt þeim pólska og rússneska. Engum nema kannski Pólverjum og Rússum gat blandast hugur um hver fánanna þriggja var fallegastur," skrifaði blaðamaður Morgunblaðsins sem fylgdist með keppninni. Sagðist hann aldrei hafa séð fegurri fána á stöng. Að sögn blaðsins var Vilhjálmi fagnað ákafast er hann mætti á verðlaunapallinn ásamt hinum verðlaunahöfunum.

Björgvin keppti í tugþraut í fyrsta sinn á stórmóti. Varð hann í 18. sæti með 5.742 stig. Var hann óheppinn, sérstaklega í stangarstökkinu þar sem hann stökk 2,70m, en þó setti hann þrjú persónuleg met, í kúluvarpi, 13,48 m, í 400 m, 51,7 sek., og í 1.500 m 4:30.6 mín. Valbjörn varð aðeins 14. í stangarstökki af 21 sem í úrslit fóru; komst yfir 4,20 í þriðju tilraun en felldi 4,30.



Björgvin Hólm

Í landskeppni við Dani stuttu seinna sigraði Valbjörn með sömu hæð. Jóel Sigurðsson – þá á 20. keppnisári sínu – sigraði í spjótkasti í þeirri keppni og Björgvin í 400 m grindahlaupi á 55,8 sek. Vilhjálmur varð annar í þrístökkinu. Sárþjáður og reyndar ófær um að keppa vegna tognunar stökk hann 14,21 m í síðustu umferð. Áður hafði hann stokkið 13,70 m en þar sem það þýddi 4. sæti í keppninni bað hann um kvalastillandi sprautu og tókst svo með fádæma hörku að komast fram fyrir Danina. Þessi harka Vilhjálms tryggði Íslandi sigurinn í landskeppninni, hvernig svo sem 4 x 400 m boðhlaupið færi. Ísland vann boðhlaupið og þar með landskeppnina með 110 stigum gegn 101.

Þetta sumar kepptu nokkrar stúlkur undir merki ÍR í frjálsum íþróttum. Mun það hafa verið upphaf reglulegrar frjálsíþróttaiðkunar kvenna hjá félaginu. Fremst í flokki stúlknanna fór Rannveig Laxdal. Átti hún eftir að vera nær ósigrandi í spretthlaupum næstu árin og setja mörg Íslandsmet. Náði hún besta árangri ársins í 200 metra hlaupi er hún varð í öðru sæti í fyrstu keppni hérlendis í fimmtarþraut kvenna, í september 1959.

Varð hún önnur í þrautinni en þrjár stúlkur aðrar úr ÍR kepptu í þessari tímamótagrein, systurnar Svala og Mjöll Hólm og Helena Óskarsdóttir. Varð Mjöll þriðja en nær sömu daga varð bróðir hennar Björgvin Hólm Íslandsmeistari í tugþraut og náði öðrum besta árangri Íslendings, 6.864 stigum; aðeins Örn Clausen hafði gert betur. Og á móti á Melavellinum í október setti Björgvin svo nýtt Íslandsmet í fimmtarþraut, 3.467 stig. Fyrir utan systur hans Svölu og Mjöll æfðu fjórir bræður Björgvins með deildinni á þessum árum, Karl, Helgi, Ólafur og Friðbjörn, og náðu ágætum árangri.

Björgvin vann það óvenjulega afrek að verða Íslandsmeistari í fimmtarþraut árið 1959 þótt hann lyki aðeins keppni í fjórum greinum af fimm. Er það óvenjulegur árangur þar sem hann lagði Valbjörn að velli í leiðinni. Keppni þeirra var jöfn og árangur það góður að eftir fyrstu þrjár greinar stefndi til mets hjá báðum en sá möguleiki virtist aðeins vera hjá Björgvini eftir fjórðu greinina. Gömul meiðsl á fæti tóku sig hins vegar upp eftir að hann var lagður af stað í 1.500 metra hlaupið. Hætti hann hlaupinu en þó svo færi sigraði hann samt. Valbjörn lagði aldrei af stað í þessa síðustu grein þrautarinnar, ákvað að sleppa henni. Munaði á þeim 69 stigum.

Simonyi Gabor kemur til sögunnar

Tímamót urðu 1959 er hingað til lands kom á vegum frjálsíþróttadeildarinnar Ungverjinn Simonyi Gabor. Hann var einn af landsliðsþjálfurum Ungverja og kynnti hann hér ýmsar nýjungar í íþróttaþjálfun og hikaði ekki við að fara ótroðnar slóðir varðandi stíl og tækni.

Hann hafði gefið sig fram við ÍR-inga í Moskvuferðinni og lýst áhuga á að koma til Íslands. Aðstæður hans höfðu versnað mikið við valdatöku kommúnista eftir uppreisnina 1956 og hafði hann hug á að flytja úr landi. Áttu ÍR-ingarnir fund með honum í Moskvu og leiddi það til þess að hann var ráðinn til ÍR. Gabor átti eftir að hafa áhrif á æfingar margra, ekki síst Vilhjálms Einarssonar sem telur að leiðsögn hans eigi mikinn þátt í að honum tókst að bæta sig um hálfan metra og jafna gildandi heimsmet í þrístökki.

Stangarstökkvarar félagsins voru enn á ný í sviðsljósinu. Á þjóðhátíðarmótinu í Vestmannaeyjum 9. ágúst náðu þeir Heiðar Georgsson og Valgarður Sigurðsson sínum besta árangri í stangarstökki, Valgarður 4,00 m og Heiðar 4,20 m. Með stökki sínu varð Valgarður fjórði Íslendingurinn til að stökkva yfir fjóra metra í stangarstökki. Heiðar var ákaflega handsterkur maður. Enginn stóðst honum snúning í armglímu eða „sjómanni“ og voru þeir þó margir sem það reyndu. Hann kunni vel við sig í Herjólfsdalnum á þjóðhátíð og varð þriðji Íslendingurinn til að stökkva 4,20. Fyrstur gerði það Vestmannaeyingurinn Torfi Bryngeirsson og síðan Valbjörn. Á þessum tíma áttu ekki margar þjóðir tvo 4,20 metra stökkvara. Til dæmis var nýlokið landskeppni milli Austur-Þjóðverja og Englendinga er Hreiðar stökk í Eyjum. Í henni stökk besti Englendingurinn 4,11 og þótti gott. „Stangarstökkvarar láta mjög vel af því að stökkva í Eyjum. Stafar það af örlítið aðhallandi atrennubraut og einnig af því að í þröngum dal milli hárra og brattra fjalla sýnist stökkhæðin lægri en hún í raun og veru er og styrkir það stökkmanninn,“ sagði Morgunblaðið í frétt af afreki Heiðars og Valgarðs.



Rannveig Laxdal í grindahlaupi. Hún var mjög sigursæl í spretthlaupum og setti fjölda Íslandsmeta um 1960 og ruddi brautina fyrir vaxandi þátttöku ÍR-inga í kvennaflokki.
Ljósm.: Sveinn Þormóðsson.

Jón Þ. Ólafsson segir að um margt hafi verið svipað að stökkva á Laugardalsvelli, allavega í upphafi stökks. Rána hafi borið við miðjar hlíðar Esjunnar og hæðin ekki virst mikil. Þegar á atrennuna var liðið hafi hins vegar málin breyst; Esjan lækkaði við sjóndeildarhring eins og hún sykki í sæ og í staðinn bar rána við himinblámann hátt yfir borgarfjallinu. „Ráin virtist þá orðið miklu hærri en Esjan sem þó var níuhundruð og eitthvað metrar svo hæðin virtist alltíeinu mjög mikil!“ segir Jón.

Vilhjálmur Einarsson í metstökkinu þegar hann jafnaði þágildandi heimsmet, 16,70 m. Simonyi Gabor þjálfari fylgist með, sem og formaður FRÍ, Jóhannes Sölvason ÍR-ingur. Ljósm.: Guðjón Einarsson.

Árið 1959 var sigurganga Valbjörns Þorlákssonar löng og glæsileg en það sumar kórónaði hann með Íslandsmeti á stórmóti í Leipzig í Austur-Þýskalandi. Gekk ekki þrautalaust að komast til mótsins. Í Kaupmannahöfn fengu Valbjörn og ferðafélagar hans ekki flugfar því kaupsýslumenn og frúr á leið til árlegrar vörusýningar fylltu allar flugvélar til Leipzig. Var því flogið til Hamborgar, leigður bíll þar og ekið í austurátt. Ferðin tók um 20 stundir, lentu þeir í villum og fengu loks vegabréfsáritun til Austur-Þýskalands eftir mikið stapp í Berlín. Til Leipzig náðu félagarnir loks er um fimm stundir voru í mót. Byrjuðu á að borða í fyrsta sinn í nær sólarhring og lögðu sig í einar þrjár stundir. Valbjörn hafði þrátt fyrir þetta erindi sem erfiði því hann stökk 4,45 metra og sigraði á mótinu á nýju Íslandsmeti. Átti það ekki lítinn þátt í að Valbjörn var kjörinn íþróttamaður ársins.

Síðar um sumarið, seint í september, bar Valbjörn sigur úr býtum á Rudolf Harbig-stórmótinu í Dresden með 4,40 metra stökki. Var það góður endahnútur á nær óslitinni sigurgöngu hans á stórum mótum sem smáum um Norðurlönd og víðar í Evrópu þetta sumar.

Vilhjálmur jafnar heimsmet

Frjálsíþróttamenn æfðu vel veturinn 1959–60 undir stjórn þeirra Guðmundar Þórarinssonar og Gabors og um vorið náðu ýmsir ÍR-ingar ágætum árangri sem lofaði góðu fyrir sumarið. Hápunktur sumarsins á innlendum vettvangi var 34. Meistaramót Íslands sem haldið var á Laugardalsvellinum 6.–7. ágúst, en á því móti voru mörg glæsileg afrek unnin. Hið mesta og frábærasta vann þó Vilhjálmur í þrístökkinu þar sem hann jafnaði gildandi heimsmet Rússans Fedossejevs, stökk 16,70 m. [Tveimur dögum áður hafði Pólverjinn J. Schmidt reyndar stokkið lengra en heimsmetið.] En hvað hefði Vilhjálmur sá mikli keppnismaður gert þennan dag, hefði hann fengið virkilega harða keppni, en undir slíkum kringumstæðum vann hann flest sín bestu afrek? Þríbætti hann gamla Íslands- og Norðurlandametið á Laugardalsvelli og sprengdi alþjóðastigatöfluna (1.500 stig) í heimsmetsjöfnunarstökkinu, en gera má ráð fyrir að það hafi samsvarað um 1.750 stigum. Var stökkið líklega eitt mesta íþróttaafrek Íslendings fyrr og síðar. Stendur það enn óhaggað sem Íslandsmet, hálfri öld síðar.

Minnstu munaði reyndar að Vilhjálmur missti af mótinu því hann hélt að keppnin byrjaði mun seinna en raun varð á, raðaði því í sig kótelettum í hádeginu og sat síðan fyrir svörum hjá ritstjóra barna- og unglingablaðs sem beðið hafði um viðtal. Sátu þeir í rólegheitum er síminn hringdi liðlega tvö og skjálfandi rödd spyr Vilhjálm hvort eitthvað sé að. Þetta var Gabor að grennslast fyrir um hann því þrístökkskeppnin átti að fara að byrja og sagði honum að koma eins og skot. Þáði Vilhjálmur far með ritstjóranum á gömlum jeppa en fannst hann aka hægar

en tali tæki. Þóttist fljótari að hlaupa en lét það þó ógert. Birtist Vilhjálmur loks á vellinum er nafnakall fór fram en ekki nógu fljótt til að mýkja sig upp fyrir fyrstu umferð. Því sleppti hann henni og hóf keppni í þeirri næstu. Þríbætti hann metið og í fimmta og síðasta stökkinu kom heimsmetsjöfnunin, ofurlétt að honum fannst, og taldi hann sig hljóta að geta stokkið miklu lengra. Hvernig ætli hefði farið hefði hann fengið sjötta stökkið? Stökksería Vilhjálms var: sleppti – 16,23 – 16,30 – 16,33 – 16,46 – 16,70.

Vilhjálmur náði lengst þeirra sem kepptu fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Róm í ágústmánuði. Stökk 16,37 metra og varð í 5. sæti en sá árangur var betri en gildandi ólympíumet frá Melbourne 1956. Og sætið var betri árangur en nokkur Íslendingur hafði náð í frjálsíþróttum á Ólympíuleikum að honum einum undanskildum. Fyrir síðustu umferðina var Vilhjálmur fjórði og ríkti dauðaþögn á ólympíuleikvanginum er hann stökk sitt lokastökk. Var honum fagnað gífurlega en vonbrigðastunur heyrðust frá áhorfendum er stökklengdin birtist á tilkynningartöflunni. Að endingu var Vilhjálmur aðeins sjö sentimetrum frá bronsverðlaunum og árangurinn glæsilegur þó svo vonir hans og annarra hefðu staðið til meira.

Björgvin Hólm var ákaflega fjölhæfur íþróttamaður. Hann setti Íslandsmet í fimmtarþraut og keppti í tugþraut á Ólympíuleikunum í Róm 1960. Ljósm. Þorvaldur Óskarsson.

Björgvin Hólm hóf keppni í tugþraut daginn sem þrístökkið fór fram. Þrautin var mikil þrekraun fyrir alla keppendur í hitunum miklu í Róm. Það var og nýtt fyrir Björgvin að taka þátt í svo langdreginni keppni en íþróttamennirnir höfðu verið 27 stundir á vellinum þegar tugþrautinni loks lauk. Hann vann jafnt og þétt á og lét ekki úrhellisrigningu í miðju hástökkinu fyrri daginn slá sig út af laginu. Varð af hennar sökum að stöðva keppnina í hálftíma. Björgvin var í 19. sæti af 31 keppanda með 3.569 stig er seinni dagur hófst. Stóð hann af sér hitann og hafnaði að endingu í 14. sæti og hlaut 6.261 stig. Verður það að teljast góður árangur miðað við aðstæður, en vegna hitanna gáfust sjö keppendur upp, 24 af 31 luku keppni.

Gabor reyndi að loka Valbjörn inni

Valbjörn Þorláksson hafði staðið sig vel á mótum erlendis og voru bundnar við hann vonir á Rómarleikunum. Íslandsmet hans var 4,45 og hann þótti líklegur til að gera betur, en honum brást þó bogalistin í Róm og árangur hans varð undir meðallagi. Fór Valbjörn yfir 4,20 í undankeppninni hinn 5. september, en hefði dugað að stökkva 4,30 metra, sem hann felldi þrívegis, til að komast í úrslitakeppnina. Forsvarsmenn ólympíuliðsins, aðalfararstjóri og þjálfari frjálsíþróttamannanna höfðu greinilega gert sér meiri vonir og voru svekktir yfir frammistöðu Valbjörns. Stöðugum sólböðum hans var kennt um, en mikil hitabylgja var meðan á leikunum stóð. „Hegðun var yfirleitt góð og reglum þeim, sem fararstjórn setti, fylgt að undanskildu banni við sólböðum. Var Valbjörn mjög breyskur í þessu efni og raunar fleiri, þótt í smærri stíl væri.

Gekk svo langt með Valbjörn, að Gabor, sem daglega dvaldi mikið hjá okkur, bókstaflega sat við herbergisdyr Valbjarnar, til þess að gæta þess, að hann slyppi ekki út í sólina. Var það álit Gabors að það hefði verið sólböðunum um að kenna, að afrek Valbjarnar á leikunum voru langt undir meðallagi hans. Annars vandaði ég oft um við Valbjörn, t.d. bæði 29. og 31. ágúst, og tók hann því jafnan með þögn en taldi sig stunda sólböð eins og hann væri vanur heima. Hinn 29. ágúst festi ég upp auglýsingu í íbúð okkar um að stranglega bannað væri að vera í sól án venjulegs klæðnaðar lengur en ½ klst. fyrir hádegi og ½ klst. eftir hádegi, að æfingum meðtöldum," segir í skýrslu flokksstjóra frjálsíþróttamannanna á Rómarleikunum.

Og Benedikt Jakobsson þjálfari hnykkti á þessu í sinni skýrslu þar sem segir svo: „Sett voru ýmis fyrirmæli um hátterni keppenda varðandi eitt og annað. Sum fyrirmæli voru illa haldin, t.d. varðandi sólböð og hvíldir. Svo var fyrir mælt, að um heitasta tíma dags skyldu allir halda kyrru fyrir inni og forðast á þann hátt sólarhitann. Þessi fyrirmæli voru þverbrotin af Björgvini Hólm og Valbirni Þorlákssyni, allan tímann, þrátt fyrir margendurtekin fyrirmæli og óskir um hlýðni. Vafalaust er hér að leita skýringar á hinum lélega árangri Valbjörns Þorlákssonar í stangarstökkskeppninni, 4,20 m."

Kepptu þrisvar á dag ef vindur var góður fyrir kringlu

Á haustin voru nær látlaust auglýst innanfélagsmót í kastgreinum á Melavellinum. Treyst var á að haustlægðirnar gæfu góðan vind til að þeyta kringlunni sem lengst. Var algengt á þessum árum að þrjú mót væru haldin á dag – eitt hjá hverju félagi, ÍR, KR og Ármanni – og oft kepptu sömu keppendur á þeim öllum. Þessu var haldið áfram þar til útilokað var að athafna sig lengur sökum myrkurs og kulda. Fyrir kom að kringlur týndust í snjósköflum og eitt sinn fauk kringlan yfir bárujárnsgirðinguna við Suðurgötu og fór inn um afturglugga á sendibíl sem ók um götuna. Af þessu hlutust þó engin slys. Á einu þessara móta setti Þorsteinn Löve nýtt ÍR-met í kringlukasti, kastaði 53,90 m.

Þorsteinn Löve átti lengi ÍR-met í kringlukasti og sleggjukasti.

Kringlukastararnir fylgdust vel með veðurfréttum í útvarpinu. Væru góðar lægðir í uppsiglingu voru tafarlaust

gerðar viðeigandi ráðstafanir til undirbúnings innanfélagsmótum á réttum tíma. Fremstur í flokki kringlukastaranna fór Þorsteinn og ríkti sjaldan lognmolla þar sem hann var. Fyrir gat komið að hann skipti skapi. Bitnaði það þá helst á ýmsum hlaupurum, svo og knattspyrnumönnum sem gerðu kröfur til knattspyrnuvallarins til æfinga. En væri hagstæðara að kasta inni á sjálfum vellinum en af kastplöttunum var Þorsteinn stundum ekkert á því að gefa völlinn eftir. Kom það sér þá oft vel fyrir fyrrgreinda að vera fljótir að hlaupa.

Jón Þ. Ólafsson var besti stökkvari Íslendinga um langt árabil og setti fjölda Íslandsmeta. Hann var meðal bestu stökkvara Evrópu og keppti á Ólympíuleikunum 1964 og 1968. Á myndinni er hann í keppni á Melavellinum 1966. Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Einráðir í stökkgreinum og ÍR-húss-atrenna lykill að metstökki í Rostock

Jón Þ. Ólafsson var keppnismaður sem ólst upp í ÍR og sló í gegn árið 1961. Við afar erfiðar aðstæður setti hann nýtt innanhússmet í hástökki á móti í ÍR-húsinu í janúar, stökk 1,99 m. Og við enn erfiðari aðstæður, eða í úrhellisrigningu, í Rostock í Austur-Þýskalandi setti hann fyrsta utanhússmet sitt. Brautirnar voru undir vatni en engu að síður bætti Jón gamla Íslandsmetið tvívegis, stökk fyrst 2,01 m og síðan 2,03 m.

Mánuði áður hafði Jón stokkið 1,96 metra sem var unglingamet. Sigraði hann ýmsa af bestu hástökkvurum Austur-Þjóðverja á þeirra heimavelli. Meðal annars methafann Gerd Dürkopf sem nýbúinn var að stökkva 2,09. Þjóðverjarnir komust ekki hærra en 1,90 metra en Jón vakti mikla athygli við hinar erfiðu aðstæður í Rostock og sveif hvað eftir annað yfir rána við mikinn fögnuð áhorfenda. „Það var óðs manns æði að reyna fulla atrennu svo ég ákvað að taka bara þrjú skref. Tiplaði fyrst aðeins einn til tvo metra og tók svo þriggja skrefa atrennu. Þetta var ÍR-húss-atrennan sem ég notaði í Rostock og hún smellpassaði," sagði Jón.

Á ÍR-mótinu í lok júní, nokkrum dögum áður en Jón hélt til Rostock, veitti hann Evrópumeistaranum frá 1958, Richard Dahl frá Svíþjóð, verðuga keppni. Hafði gesturinn sigur þótt báðir stykkju sömu hæð, 1,95 m. ÍR-ingar voru reyndar alveg einráðir í stökkgreinum á þessum árum með hið öfluga tríó Vilhjálm, Valbjörn og Jón Þ. Valbjörn var iðinn við metaslátt sumarið 1961. Í sex liða keppni á Bislett-leikvanginum í Ósló 13. júlí vann hann einhverja þá jöfnustu stangarstökkskeppni sem fram hafði farið á vellinum. Stökk 4,47 og bætti eigið met um tvo sentimetra. Stangarstökkið var hápunktur seinni dagsins og í þeirri raun stóð Valbjörn sig hetjulega. Fór hann yfir allar hæðir í fyrstu tilraun og vann því sigur. Norðmaður stökk sömu hæð og setti líka landsmet en þurfti fleiri tilraunir. Öryggi Valbjörns færði Íslandi mikilvægan sigur í keppninni.

Valbjörn var og „maður Íslandsmeistaramótsins" rúmri viku seinna. Þar vann hann það frækilega afrek að stökkva 4,50 m í stangarstökki og setja aftur glæsilegt Íslandsmet. Hann átti síðan þrjár ágætar tilraunir við 4,60 metra. Morgunblaðinu þótti þetta sýna að Valbjörn væri einna líklegasti Norðurlandabúinn til að bæta Norðurlandamet Finnans Landströms sem var 4,57 metrar.

Tíu dögum seinna var Valbjörn aftur á Bislett til keppni við Landström á Norðurlandameistaramótinu. Hann var ekki í essinu sínu í það sinn, varð fimmti með aðeins 4,30 en Landström sigraði með 4,50 metra stökki.

Nokkrum dögum seinna bar Valbjörn hins vegar af í stangarstökki tugþrautarinnar á mótinu. Sjaldan eða aldrei mun hafa verið jafn hátt stokkið í tugþrautarkeppni, eða 4,40 metra. Lét hann svo hækka rána í 4,60 metra og var mjög nærri því að fara yfir þá hæð. En í tilraunum sínum við nýtt Norðurlandamet tognaði Valbjörn í baki og varð að hætta keppni. Átti hann þó öruggt þriðja sætið í tugþraut þar sem hann hafði komið mjög á óvart í hverri greininni af annarri. Við brottfall hans færðist Björgvin Hólm upp í þriðja sæti og vann bronsverðlaunin. Morgunblaðinu getur þess sérstaklega að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem Valbjörn verður fyrir því óláni að togna í íþróttum. Tognunin hafi þó ekki verið alvarleg, bætir blaðið við.

Metstökk Valbjarnar á meistaramóti Íslands bar hæst á mótinu. Reyndist það vera 37. besta afrekið á heimsafrekaskrá og 11. besta hjá Evrópubúa árið 1961. Heimsmetið var 4,80 m en Evrópumetið 4,65 m svo Valbjörn var að gera tilraunir til að ná árangri sem var við það besta, a.m.k. í Evrópu. Það átti hins vegar ekki fyrir honum að liggja eftir þetta að komast hærra en á meistaramótinu. Fór hann aldrei hærra og breyttist það ekki með tilkomu trefjaglersstanganna.

ÍR-ingar unnu til einu verðlauna Íslendinga á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Ósló í lok júlí og byrjun ágúst. Jón Þ. Ólafsson varð fyrstur Íslendinganna sex, sem sendir voru til mótsins, til að vinna verðlaun fyrir frammistöðu sína á Bislett. Stökk Jón öðru sinni yfir tvo metra, eða 2,01, en nokkurra vikna met hans var 2,03. Hann var nærri silfrinu en það féll Evrópumeistaranum Richard Dahl í hlut. Jón ógnaði sjálfum Evrópumeistaranum, þeir stukku sömu hæð en Dahl var öruggari að þessu sinni. Björgvin Hólm vann svo loks bronsverðlaun í tugþraut eins og fyrr greinir.

Heimsmet sett í ÍR-húsinu

Þrístökkið á Norðurlandamótinu þótti daufara en við var búist og árangur lakari en vonir stóðu til. Vilhjálmur vann silfur með 15,34 metra stökki. Hann var betur stemmdur skömmu seinna og vann mesta afrekið í landskeppni milli B-liðs Austur-Þýskalands og Íslands sem haldin var í Reykjavík í ágúst. Sigraði með 16,17 metra stökki sem var áttunda besta heimsafrekið þetta ár. Sá ljóður varð á keppninni við Austur-Þjóðverja að Þorsteinn Löve mætti til leiks með of létta kringlu og hlaut langt keppnisbann fyrir. Nokkrar breytingar urðu hjá frjálsíþróttadeildinni því um haustið hélt Guðmundur Þórarinsson til Svíþjóðar þar sem hann dvaldist í nokkur ár. Kom Gabor að nýju og tók þá aftur við þjálfun hjá deildinni.

Vilhjálmur hafði ekki sagt sitt síðasta á árinu því hann vann það einstaka afrek að setja heimsmet í hástökki án atrennu á innanfélagsmóti sem haldið var í ÍR-húsinu 1. nóvember 1961. Íslendingar höfðu aldrei fyrr sett heimsmet í einstaklingsíþrótt. Enginn hafði höggvið nærri þeim nema Vilhjálmur, bæði í þessari grein og þrístökkinu. Þar var hann um árabil í fremstu röð og metstökkið frá 1960 var í árslok 1961 enn fjórða lengsta þrístökk sem sögur fóru af. Á þessu stigi hafði Vilhjálmur verið ÍR-ingur um sex ára skeið. Og það var skemmtileg tilviljun að þetta fyrsta heimsmet Íslendings skyldi sett í hinu gamla ÍR-húsi, elsta fimleikahúsi landsins, sem byggt var úr gamalli kirkju.

„Í gær varð hið gamla og sögufræga ÍR-hús við Túngötu vettvangur fyrsta heimsmetsins sem sett er á Íslandi. Þar fór fram keppni í hástökki án atrennu og Vilhjálmur Einarsson ÍR stökk þar 1,75 m en það var 1 sentimetra hærra en skráð heimsmet í þessari grein. Norðmaðurinn Johan Christian Evandt átti gamla metið, sem var 1,74 m, sett á sl. ári.

Allar aðstæður voru löglegar. Þrír dómarar voru viðstaddir, Jóhannes Sölvason, form. Frjálsíþróttasambandsins, Örn Eiðsson og Ólafur Unnsteinsson. Við endurmælingu á hæð stökksins kom í ljós að ráin var 1,755 m yfir gólfi. Verður skrá um afrek þetta sent Alþjóðafrjálsíþróttasambandinu sem skráir met í atrennulausum stökkum en þau eru ekki lengur formlega staðfest," sagði Morgunblaðið daginn eftir.

Keppendur voru þrír, Jón Þ. Ólafsson og Karl Hólm auk Vilhjálms. Hann fór 1,50 í fyrstu tilraun og 1,60 einnig. 1,69 fór hann í þriðju tilraun en það var sentimetra hærra en gamla Íslandsmetið hans. Næst var hækkað í 1,75 og fór Vilhjálmur yfir í fyrstu tilraun. Hann snerti rána svo hún hreyfðist á okunum en féll ekki. Síðan var hækkað í 1,76 og átti Vilhjálmur þrjár góðar tilraunir við þá hæð og var nærri því að fara yfir.

Atrennulausu stökkin voru ekki mikið iðkuð á þessum tíma og hætt að staðfesta met í þeim. Alþjóðasambandið skráði þau hins vegar og met Vilhjálms var staðfest Norðurlandamet því á Norðurlöndum var enn allmikill áhugi fyrir þessum greinum. Vilhjálmur hafði lengi höggvið nærri metinu og oft gert tilraunir við það. Um tíma var það 1,69 metrar er Íslandsmet hans var 1,68. Fór vel á því að þessi mikli íþróttamaður yrði fyrstur Íslendinga til þess að setja heimsmet í einstaklingsíþróttagrein. „Þetta stökk Vilhjálms er mjög athyglisvert og frábært afrek og mun verða veitt athygli víða um heim. Hann hefur æft mjög vel síðustu vikurnar og var léttur og fjaðurmagnaður í keppninni," sagði Alþýðublaðið um metstökkið.

Heimsmet fyrir fullu húsi áhorfenda á afmælismóti ÍR á Hálogalandi

Í tilefni 55 ára afmælis félagsins var efnt til afmælismóts innanhúss á Hálogalandi í mars 1962. Til keppninnar var boðið fyrrnefndum Evandt, en auk þess að eiga heimsmet í langstökki án atrennu hafði hann nokkru fyrir mótið bætt heimsmet Vilhjálms í hástökki án atrennu í 1,76 m. Jón Þ. hafði reyndar stokkið enn hærra eða 1,78 en það var á æfingu og árangurinn fékkst því ekki viðurkenndur. Mörgum fannst djarft teflt að leggja í kostnað við erlenda þátttöku í stökkum án atrennu. Það skemmtilega gerðist hins vegar að áhorfendur fjölmenntu í gamla Hálogalandsbraggann báða keppnisdagana. Voru þeir ánægðir með valið á hinum erlenda gesti og vegna aðsóknarinnar varð hagnaður af ævintýrinu. Þótti mótið það best heppnaða sem haldið hafði verið í landinu í áratug. Reynir Sigurðsson, formaður ÍR, var leikstjóri og stjórnaði mótinu af miklum myndarskap.

Johan Evandt, Noregi, setur heimsmet í langstökki án atrennu á 55 ára afmælismóti ÍR í Hálogalandi. Dómarar eru Karl Hólm (t.v.) og Þórarinn Magnússon, faðir Guðmundar Þórarinssonar.

Heimsmet sá dagsins ljós í langstökki án atrennu er Norðmaðurinn, í geysikröftugu fyrsta stökki, bætti sitt gamla met um átta sentimetra og stökk 3,65 m. Evandt var í sérflokki og voru allir á einu máli um að glæsilegra stökk og svif á manni hefðu þeir ekki séð. Vann hann hug og hjarta áhorfenda. Vilhjálmur var aðeins sentimetra frá meti sínu í greininni, stökk 3,31 m.

Þeim Vilhjálmi og Jóni tókst ekki að veita Evandt jafnharða keppni í hástökki án atrennu og búist hafði verið við. Norðmaðurinn var einnig öruggur sigurvegari þar og fór vel yfir 1,74 metra og lét síðan hækka í 1,77 m sem var sentimetra betra en heimsmet hans. Þá hæð tókst honum þó ekki að stökkva að þessu sinni. Jón var reyndar

með forystu í stökkinu þegar hækkað var í 1,74 og hafði einn keppenda farið allar hæðir í fyrstu tilraun. Yfir 1,74 komst hann þó ekki og stökk því hæst 1,71. Vilhjálmur varð þriðji með 1,65 en sömu hæð stökk annar ÍR-ingur, Halldór Ingvason. Þá var einnig keppt í hástökki með atrennu og þar stökk Jón Ólafsson 2,01 metra sem var nýtt innanhússmet. Keppt var í hástökki án atrennu báða mótsdagana. Evandt sigraði aftur seinni daginn, stökk þá 1,72. Tilraunir bæði hans og Vilhjálms, heimsmethafanna tveggja, við nýtt heimsmet tókust ekki í það sinn.

Noregsför ÍR 1962. Aftari röð frá vinstri: Jón Ö. Þormóðsson, Jón Þ. Ólafsson, Halldór Jónasson, Björgvin Hólm. Fremri röð frá vinstri: Skapti Þorgrímsson, Ólafur Unnsteinsson og Valbjörn Þorláksson.

Á 17. júní-mótinu sigraði Valbjörn í stangarstökkinu. Út af fyrir sig taldist það ekki til tíðinda heldur hitt að hann notaði þá í fyrsta sinn nýja stöng, svokallaða trefjaglersstöng, sem Haukur Clausen gaf frjálsíþróttadeildinni. Í júlí héldu átta ÍR-ingar í tveggja vikna keppnisför til Noregs. Í henni tóku þátt Vilhjálmur Einarsson, Jón Ögmundur Þormóðsson, Skapti Þorgrímsson, Ólafur Unnsteinsson, Valbjörn Þorláksson, Björgvin Hólm, Halldór Jónasson og Jón Þ. Ólafsson. Kepptu þeir á fjölmörgum stöðum, m.a. á Bislett í Ósló, og var árangur af förinni góður. Nýja trefjaglersstöngin var með í för og á henni stökk Valbjörn 4,40 sem var hans besti árangur með stöng af þessari gerð fyrr og síðar. Margir góðir sigrar voru unnir og hópurinn vann til fjölmargra verðlauna.

ÍR-ingar fögnuðu afmælisárinu með Íslandsmetum utanhúss í hástökki og tugþraut. Jón Þ. byrjaði á því að bæta hástökksmet sitt í 2,04 m á Melavelli í júlí og í október á sama stað stökk hann svo 2,05. Valbjörn jók svo hróður sinn mjög sem afreksmaður er hann bætti 11 ára gamalt tugþrautarmet Arnar Clausen á Melavelli. Hlaut 6.983 stig en met Arnar var 6.889 stig en bæði metin voru sett á Melavellinum. Met Arnar var á sínum tíma eitt besta íþróttaafrek Evrópu og athyglisvert þótti að Valbjörn sló það keppnislaust en honum tókst sérlega vel upp í flestum greinum.

Valbjörn byrjaði keppnina með 10,8 sek. í 100 m hlaupi, sem var hans besta á árinu. Hann jók á möguleika sína með ágætu langstökki, 6,81 metra. Í kúluvarpi dalaði hann, varpaði 12,41 metra, en þetta bætti hann upp með 1,80 m í hástökki. Lauk hann svo fyrri degi með 51,5 sek. í 400 m hlaupi. Var með 3.846 stig og hafði aldrei náð betri árangri fyrri dag sem gaf honum góðar vonir um met. Fyrsta grein seinni dags gerði eiginlega út um gamla metið því Valbjörn vann 110 m grind á ágætum tíma, 15,8 sek., langbesta tíma sem hann hafði náð.

„Ég trúi þessu varla," sagði Valbjörn er hann heyrði tímann. Hann fékk nú byr undir báða vængi og nýtt met blasti við ef ekkert færi úrskeiðis. Hann náði ekki sínu besta í kringlunni, kastaði 39,04 m, en möguleikarnir voru enn miklir. Valbjörn þurfti að bíða lengi eftir að komast að í stangarstökkinu. Loks er aðrir voru úr leik byrjaði hann á 3,80 m. Flaug yfir og hækkað var í 4,00 m sem voru engin hindrun heldur. Sama gerði hann við 4,15 m en tvívegis felldi hann 4,30. Möguleikarnir á meti voru ekki búnir, þótt hann hefði ekki þá hæð, en metið tryggt ef hann færi. Það varð því mikill fögnuður þegar hann smeygði sér yfir í síðustu tilraun. Spjótinu kastaði Valbjörn 55,54 m og ljóst var að met Arnar væri fallið. Hann leiddi 1.500 m hlaupið og vann það á 5:05,2 mín. og orðið var skuggsýnt og mjög napurt er þrautinni loks lauk.

Vilhjálmur setti Ísland á blað með 6. sæti í þrístökki

Evrópumeistaramótið í Belgrad í september var eiginlega svanasöngur Vilhjálms Einarssonar í keppni. Með sjötta sæti í þrístökki tókst honum eina ferðina enn að skipa Íslandi á bekk með þeim þjóðum sem stig hlutu í óopinberri stigakeppni stórmóts sem þessa en það þótti eftirsóknarvert að vera í þeim ríkjahópi. Honum tókst aldrei vel upp í keppninni, stökk 15,62 metra. „Ég er alls ekki upplagður og mér finnst ég vera óvenjulega þungur," sagði Vilhjálmur við fréttamann Morgunblaðsins á mótinu áður en keppnin hófst. „Það myndi mikið hjálpa ef ég fengi meðvind," bætti hann við.

Honum varð ekki að ósk sinni. Hann fékk mótvind og beiðni keppenda um að fá brautinni snúið við var hafnað. Fyrir vikið stukku þeir allir um 30 sm styttra en þeir höfðu áður gert. Það dró einnig úr árangri Vilhjálms sem stökk lengst í fyrsta stökki. Út af fyrir sig var sjötta sætið mjög gott afrek en Vilhjálmur gat betur ef upplagður var. Það gekk fleira á móti honum en vindurinn. Atrennubrautin var afmörkuð og þar sem hann hafði vanið sig á óvenjulangt aðhlaup var hún of stutt fyrir hann. Þar við bættist að dómararnir fjarlægðu öll merki sem stökkvararnir höfðu sett af gömlum vana til að merkja þáttaskil í atrennu sinni. Slík merki höfðu ætíð fengið að standa á stórmótum.

Eins og fyrr segir dró Vilhjálmur nú saman seglin eftir glæsilegan keppnisferil heima og erlendis. Í þessu síðasta alþjóðlega móti hans voru þrír af fjórum keppendum Íslands ÍR-ingar, þeir Vilhjálmur, Valbjörn og Jón Þ. Valbjörn varð í 10. sæti í tugþraut með sinn næstbesta árangur, 6.790 stig, og Jón varð 15. í hástökkinu með 2,00 m.

Valbirni tókst ekki að komast yfir lágmarkshæð í stangarstökkinu en það



Jón Þ. Ólafsson í hástökki án atrennu á afmælismóti ÍR 1962 í Hálogalandi. Jón stökk 1,71 m.

reyndi hann samtímis því að vera að keppa í tugþraut. Hins vegar lék hann sér að því daginn áður að stökkva yfir 4,59 metra á æfingu í Belgrad. Met hans frá árinu áður var 4,50 en árangur á æfingu er ekki viðurkenndur.

Jón með Norðurlandamet og næstbesta hástökksafrekið í heiminum

Um haustið bætti Jón innanhússmetið í hástökkinu nokkrum sinnum, eða úr 2,01 í 2,08, og þannig var metið þegar kom að jólamóti ÍR í ÍR-húsinu 29. desember. Hann hafði ekki belgt sig út um jólin því þar byrjaði Jón á að bæta eigið langstökksmet án atrennu úr 3,36 m í 3,38 m. Í næstu keppnisgrein jafnaði hann svo Íslandsmet Vilhjálms í hástökki án atrennu, 1,75 m, og í þriðju og síðustu keppnisgreininni, hástökki með atrennu, bætti hann Íslandsmetið úr 2,08 m í 2,11 m. Þessi árangur var Norðurlandamet innanhúss og næstbesta afrekið í greininni í heiminum það árið. Og fjórða besta innanhúss í heiminum frá upphafi og hefði verið heimsmet þremur árum áður.

Stökk án atrennu voru mikið iðkuð innanhúss á tímabilinu 1950–1970. Iðkun þeirra var oft meginuppistaðan í æfingum stórs hóps frjálsíþróttamanna um land allt sem urðu að búa við léleg æfingaskilyrði í litlum íþróttahúsum. Iðkun þeirra gaf mjög góða snerpu og stóraukinn stökkkraft. Fjölmargir íþróttamenn hófu sinn keppnisferil með þátttöku í þessum greinum og skólamót í þeim voru haldin í flestum skólum landsins og síðan var árlegt úrslitamót haldið í Reykjavík. Iðkun þessara greina heyrir nú nánast sögunni til.

Margir íþróttamenn sem tóku þátt í þessum greinum af rælni, t.d. í skólamótum, urðu síðar góðir íþróttamenn.

Eftir EM í Belgrad hélt Gabor til Ungverjalands og við þjálfun deildarinnar tók Höskuldur Goði Karlsson, íþróttakennari og fyrrverandi landsliðsmaður í spretthlaupum. Gabor sneri að nýju til Íslands ári seinna og tók aftur við þjálfun hjá deildinni. Bjó hann ásamt fjölskyldu sinni uppi á lofti í ÍR-húsinu.

Að öðrum ólöstuðum áttu Valbjörn og Jón Þ. mjög gott ár og settu sín á milli 19 af 23 Íslandsmetum sem sett voru og staðfest í frjálsíþróttum árið 1962. Nítján þessara meta settu þeir innanhúss en í sínum aðalgreinum, hástökki, stangarstökki og tugþraut, settu þeir ný utanhússmet. Um þá Vilhjálm, Jón Þ. og Valbjörn má segja að varla hefur nokkurt íþróttafélag í heiminum – og ekki heldur nokkur bandarískur eða rússneskur háskóli – haft á að skipa betra liði stökkvara en ÍR-ingar á árunum 1960–62. Vilhjálmur með heimsárangur upp á 16,70 í þrístökki og 7,46 í langstökki, Jón með Norðurlandamet og besta árangur innanhúss í Evrópu í hástökki og Valbjörn með 4,50 metra á stálstöng sem var einn besti árangur í Evrópu.

Félagaskipti Valbjörns úr ÍR í KR vekja athygli

Um áramótin 1962/63 gekk Valbjörn Þorláksson í KR og spruttu af því blaðadeilur. Með því hafði ÍR misst tvo sína bestu og fjölhæfustu íþróttamenn úr keppni á sama tíma þar sem Vilhjálmur var hættur keppni. Og málið vakti athygli. „Valbjörn hætti hjá ÍR og keppti fyrir KR í gærkvöldi“ sagði í stórri fyrirsögn í Morgunblaðinu 10. janúar á frásögn blaðsins af innanfélagsmóti KR. Alþýðublaðið sagði einnig frá málinu og flutti þá fregn að Valbjörn hefði aldrei tilkynnt nein félagaskipti. „Þetta kemur flatt upp á mig sem og fleiri ÍR-inga,“ hafði Morgunblaðið eftir Reyni Sigurðssyni, nýkjörnum formanni ÍR.

„Ég vil sem minnst segja um þetta að svo komnu máli, en piltarnir í frjálsíþróttadeildinni telja þetta stórmál. Þeir vilja t.d. að málið sé kært og benda á að samskonar mál hafi áður komið fyrir, er Guðjón Guðmundsson KR ætlaði að ganga í ÍR. Þá segja þeir að KR hafi kært til ÍSÍ og þó að Guðjón hafi skriflega sagt sig úr KR fyrirfram hafi framkvæmdastjórn ÍSÍ hrundið þeirri brottsögn og dæmt hann aftur í KR.

Hitt get ég fullyrt að Valbjörn hefur aldrei á það minnst við stjórn ÍR að hann hygðist skipta um félag. Ég vil líka benda á það að stjórnin hefur unnið að því nú undanfarið að skapa hinum ágætu frjálsíþróttamönnum ÍR góðan þjálfara og hefur nú svo til ráðist að Ungverjinn Simonyi Gabor mun koma til Íslands og þjálfa frjálsíþróttamenn ÍR eins og hann hefur gert undanfarin ár til ómetanlegs gagns fyrir félagið og alla frjálsíþróttamenn aðra, sem hafa viljað nota sér af hans miklu kunnáttu. Hefur Gabor ekki síst lagt sig fram við þjálfun Valbjarnar. Ég held bara að þetta sé einhver misskilningur með þessi félagaskipti því ég trúi því ekki að KR vilji ekki heimila ÍR-ingi að þjálfa í sínu húsi, án þess að hann skipti um félag, þótt aðstaða sé betri til stangarstökks innanhúss hjá KR en hjá ÍR í bili,“ sagði Reynir.

ÍR-ingar á æfingu í ÍR-húsinu við Túngötu um 1960. Efsta röð frá vinstri: Hannes Wöhler, Jón Þ. Ólafsson, Björgvin Hólm, Karl Hólm, Simonyi Gabor, Sigurður Jónsson. Miðröð frá vinstri: Vilhjálmur Einarsson, Jón Ögmundur Þormóðsson, Friðrik Friðriksson, Kristján Eyjólfsson, Helgi Hólm, Marteinn Guðjónsson, Karl Bjarnason. Fremsta röð frá vinstri: Birgir Guðjónsson, 4 ónafngreindir. Ljósm.: Þorvaldur Óskarsson.

Stjórn félagsins íhugaði að skjóta málinu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ þar sem hún taldi að um brot á móta- og keppendareglum væri að ræða. Félagaskiptin höfðu aldrei verið tilkynnt, en samkvæmt lögum ÍSÍ þurfti að tilkynna til sérráðs eða sambands ef íþróttamaður ætlar að skipta um félag

Helgi Hólm

með minnst mánaðar fyrirvara. Taldi stjórnin æskilegt að fá úr því skorið hvort félagsskipti Valbjörns hefðu farið fram eftir settum reglum. Þó sagðist hún á engan hátt vilja hindra hann né nokkurn annan félaga í því að keppa með því félagi sem þeir óskuðu. Um síðir var málið látið niður falla. Enda vildu ÍR-ingar ekki standa í neinum illdeilum við sinn gamla góða félaga. Á félagsfundi var meira að segja rætt um, að tillögu Hauks Clausen, að senda Valbirni frekar blóm þótt ekki hefði af því orðið.

Það á svo við um Valbjörn sem aðra, sem um stundarsakir hafa yfirgefið félagið, að hann gekk síðar aftur í raðir ÍR-inga og átti eftir að vinna sigra í nafni félagsins, einkum í öldungaflokki. Hið sama er að segja um tugþrautarmanninn Elías Sveinsson, en nokkur hávaði varð, aðallega í síðdegispressunni, er hann „gekk úr Guðmundi“ eins og hann orðaði það 1976. Nokkrum árum seinna var hann aftur kominn heim í heiðardal ÍR og hefur allar götur síðan keppt með góðum árangri í öldungaflokki.

Vildi ekki láta neyða sig til að keppa fyrir KR

Þræta ÍR og KR um Valbjörn var ekki eina orrusta félaganna um íþróttamenn. Fimm árum áður þrættu þau um hlutgengi Guðjóns Guðmundssonar, fjölhæfs íþróttamanns sem keppti í hlaupum, stökkum og köstum. Guðjón leitaði til framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem úrskurðaði að með þátttöku í ætluðu innanfélagsmóti KR í byrjun árs hefði hann bundið hlutgengi sitt við KR. Og gilti einu hvort mótið hefði verið löglegt eða ólöglegt. Málið blossaði upp er Guðjón keppti undir merkjum ÍR á innanfélagsmóti í ÍR-húsinu 13. mars. ÍR hélt því fram að hann hefði sagt sig úr KR og ekki tekið þátt í móti þess félags 1. febrúar sem félagsmaður KR.

Guðjón brást illa við úrskurði framkvæmdastjórnar ÍSÍ og sendi gamla félaginu sínu tóninn í bréfi, en þar segir m.a.: „Svo sem ykkur mun kunnugt er nú fallinn úrskurður í máli því, er þér skutuð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ vegna úrsagnar minnar úr félagsskap ykkar. Það furðulega hefur skeð, að yfirstjórn íþróttahreyfingarinnar í landinu hyggst neyða mig til keppni fyrir félag sem ég af eigin hvötum og fúsum og frjálsum vilja hefi talið mér nauðsynlegt og fyrir bestu að losna úr, ýmsra hluta vegna.

Hvorki ykkur né forráðamönnum ÍSÍ verður af þessu nein ánægja né heiður, því ég mun ekki – alls ekki – keppa í frjálsum íþróttum fyrir ykkur á þessu ári. Ég get hins vegar þakkað ykkur – ef þakka ber – að búið er að eyðileggja frjálsíþróttakeppni fyrir mér á yfirstandandi almanaksári. Tilgangur ykkar var ef til vill sá í máli þessu?

Ég mun – í skjóli míns nýja félags – fá kost á ágætri þjálfun á þessu ári, keppnum á erlendum vettvangi og á ýmsan hátt aðra fyrirgreiðslu til jafns

við núverandi íþróttafélaga mína. Þið þurfið því engar áhyggjur að hafa mín vegna og best fer á því að þið látið mig með öllu í friði, því að ekki mun ég ónáða ykkur. Þannig kveð ég ykkur.“

Jón tekur við kyndlinum af Vilhjálmi og Valbirni

Eftir að Vilhjálmur og Valbjörn voru horfnir var Jón Þ. Ólafsson yfirburðamaður og aðalskrautfjöður frjálsíþróttadeildar ÍR fram eftir sjöunda áratugnum. Bætti hann Íslandsmet sitt í hástökki um einn sentimetra í senn, fyrst í 2,05 metra á Norðurlandameistaramótinu í Gautaborg 1963, þar sem hann varð fjórði með sömu hæð og bronsmaðurinn. Á móti í Bergen stuttu seinna bætti hann metið í 2,06 m.

Jón bar kyndilinn vel sem hann tók við af þeim Vilhjálmi og Valbirni. Strax á innanhússmeistaramótinu 1963 lét hann að sér kveða; var stjarna þess móts með því að verða Íslandsmeistari í fjórum greinum mótsins af sex. Það var einstakt afrek, ekki síst sakir þess að allar greinarnar fóru fram sama dag. Jón keppti í fimm þeirra, varð fjórði í kúluvarpi. Þetta endurtók Jón síðan samfellt í nær áratug; að sigra í fjórum stökkgreinum ár eftir ár, að undanskildu árinu 1964 þegar hann dvaldi í Kaliforníu í Bandaríkjunum við æfingar. Þar vann hann glæsilegan sigur í lok mars á miklu alþjóðlegu stórmóti – Knights of Columbus – sem fram fór í Cleveland í Ohioríki. Frammi fyrir 12.000 áhorfendum í þétt setinni höll stökk hann 2,02 metra og hrósaði sigri. Hástökkið var í sviðsljósinu á mótinu því sett var heimsmet innanhúss í flokki kvenna.

Jón vann mesta afrek Íslendinga og næstmesta afrek keppninnar er Íslendingar mættu Dönum í landskeppni í Reykjavík 1. og 2. júlí 1963. Sigraði örugglega í hástökkinu, stökk 2,02 metra. Vantaði aðeins einn sentimetra upp á að vinna besta afrek mótsins og hreppa þá viðurkenningu ásamt dönskum kúluvarpara. Jón hóf keppnina á 1,85 og fór hátt og fallega yfir. Hann fór síðan hverja hæð í fyrstu tilraun og enginn réð við 2,02 nema hann. Jón reyndi þrívegis við 2,06 metra eða nýtt íslenskt met en tókst ekki. „Honum fannst uppstökkspunkturinn laus og hefur reyndar alltaf kvartað yfir því á Laugardalsvellinum,“ sagði í Morgunblaðinu eftir keppnina.

Helgi komst upp á milli Dananna

Annar ÍR-ingur vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína í 400 metra grindahlaupi og gerði greinina mjög spennandi með dirfsku sinni og baráttu. Helgi Hólm var mjög ákveðinn og hljóp mjög vel. Hann fylgdi Dönunum fast eftir og komst upp á milli þeirra og hreppti annað sætið. Í hófi eftir keppnina gaf hvort lið um sig verðlaun fyrir óvæntustu afrek mótherjanna. Danir höfðu ekki reiknað með Helga fyrirfram og veittu honum sín verðlaun fyrir óvæntasta afrek af hálfu Íslendinga.

Nokkrir ungir ÍR-ingar náðu og mjög góðum árangri um sumarið. Skapti Þorgrímsson var eitt mesta sprett-hlauparaefni sem hér hefur komið fram. Jafnaði hann drengjametið í 100 m 10,9 sek., hljóp 200 m á 22,6 sek.,

Sigríður Sigurðardóttir var mesta afrekskona ÍR á sjöunda áratugnum og setti fjölda Íslandsmeta. Hér kemur hún fyrst í mark í 100 m hlaupi í mikilli keppni við Halldóru Helgadóttur KR. Á milli þeirra á 1. braut er Linda Ríkarðsdóttir og lengst til vinstri á 4. braut er Sólveig Hannam.

setti nýtt drengjamet í 400 m hlaupi, 50,3 sek., og stökk 6,73 m í langstökki. Jafnframt kastaði hann stóru sleggjunni 16 ára gamall 39 metra slétta. Þá kastaði Kristján Stefánsson spjóti 64,15 m og Jón Ögmundur Þormóðsson sleggju 47,88 m sem var nýtt unglingamet. Bætti hann sig síðar í 50,23 m. Örn Clausen kom upp á völl um haustið og rúmum áratug eftir að hann hætti keppni gerði hann sér lítið fyrir og kastaði kúlu 13,40 m og kringlu 41,35 m en hvort tveggja var rétt við hans bestu afrek.

Stór hópur af ungu og efnilegu frjálsíþróttafólki æfði sumarið 1964 og sérstaklega lét kvenfólkið mikið að sér kveða. Sigríður Sigurðardóttir setti fjölmörg met þetta sumar í hlaupum, stökkum og fimmtarþraut. Þá var byrjað að kveða að Erlendi Valdimarssyni, einu mesta kastaraefni sem hér hafði komið fram. Setti hann ótal sveina, drengja- og unglingamet og bætti nokkur met Gunnars Huseby, en það hafði ekki verið á hvers manns færi fram til þessa. Tilviljun réð því ef til vill að Erlendur lagði fyrir sig frjálsíþróttir og gekk í ÍR.

Erlendur lét tilleiðast og fór með Hreiðari á æfingu hjá ÍR

„Ég byrjaði að æfa veturinn 1962, þegar ég var 15 ára. Ég hafði verið að leika mér inni á Ármannsvelli og Hreiðar Júlíusson, sem þá var að byrja að æfa stangarstökk með ÍR, vildi endilega fá mig með sér á æfingu þangað. Ég var nú heldur feiminn við að fara og taldi það ekkert þýða. Lét þó tilleiðast og þá var þess ekki langt að bíða að ég væri búinn að fá „delluna“. Viku síðar tók ég svo þátt í minni fyrstu keppni – hástökki á sveinameistaramótinu innanhúss – og stökk 1,55 metra. Þegar þetta var, þá var Gabor þjálfari ÍR-inga og hann kenndi mér brátt helstu undirstöðuatriðin í kúluvarpi og kringlukasti,“ sagði Erlendur í viðtali sem við hann birtist í Morgunblaðinu, tveimur dögum eftir að hann hafði sett sitt fyrsta Íslandsmet í kringlukasti fullorðinna í ágúst 1969.

Farin var keppnisferð til sænska félagsins Ymer frá Borås seint í ágúst 1964 en með því var endurgoldin heimsókn

11 íþróttamanna, 10 karla og einnar konu, frá Ymer til Reykjavíkur hálfum öðrum mánuði áður. Fór þá m.a. fram félagakeppni í níu greinum milli ÍR, KR og Ymer á Melavelli og kepptu tveir í grein. KR-ingar urðu hlutskarpastir með 88 stig, Svíarnir hlutu 57½ og ÍR 40½.

Í förinni til Borås tóku þátt Sigríður Sigurðardóttir, Linda Ríkarðsdóttir, María Hauksdóttir, Fríður Guðmundsdóttir, Elísabet Brand, Sólveig Hannam, Ólafur Unnsteinsson, Kjartan Guðjónsson, Erlendur Valdimarsson, Jón H. Magnússon, Helgi Hólm, Þórarinn Arnórsson, Karl Hólm, Ómar Ragnarsson og Jón Þ. Ólafsson auk Sigurðar Lárussonar, hástökkvara og grindahlaupara úr Ármanni. Í félagakeppni hafði Ymer betur sem fyrr, bæði í karla- og kvennakeppni. Góður árangur náðist í ferðinni. Sigríður Sigurðardóttir setti Íslandsmet í hástökki, 1,52 m, Elísabet Brand setti met í spjótkasti, 33,95 m, Jón H. Magnússon í lóðkasti, 14,34 m, og Jón Þ. jafnaði metið, 2,06 m, í hástökkinu. Stökk þá hæð í þriðju og síðustu tilraun á síðasta mótinu. Sigraðist hann og þar með á lágmarki því sem sett var fyrir þátttökuna á Ólympíuleikunum í Tókýó. Á leikunum stökk hann 2,00 m en það nægði ekki til þátttöku í úrslitakeppninni.

Furðuðu sig á hve mikið Íslendingarnir gátu hlegið

Í Borås bjuggu ÍR-ingarnir í íþróttahúsi bæjarins, stórri og veglegri íþróttahöll. Þar var m.a. keilusalur og einn daginn lagði hópurinn leið sína þangað inn í forvitnisskyni. Var þar margt manna fyrir. Eftir að hafa fylgst með tilburðum manna við spilið nokkra stund gekk

Kvennalið ÍR var áberandi í Boråsferð 1964. Aftari röð frá vinstri: Jón H. Magnússon, Erlendur Valdimarsson, Þórarinn Arnórsson og Karl Hólm. Fremri röð frá vinstri: Jón Þ. Ólafsson, María Hauksdóttir, Linda Ríkarðsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Sólveig Hannam, Elísabet Brand, Fríður Guðmundsdóttir, Ólafur Unnsteinsson og Guðmundur Þórarinsson þjálfari.

Erlendur Valdimarsson að afgreiðslunni og greiddi fyrir kúlur og braut. Síðan gekk hann hægum og yfirveguðum skrefum að einni brautinni og stillti sér upp alveg við enda hennar með kúlu í hendi. Upphóf hann síðan hringsveiflur miklar með kúluna og skaut hverja einustu keilu niður. Þetta endurtók hann nokkrum sinnum með sama öryggi, en þar sem þessi kastaðferð var óþekkt í Svíþjóð, sem og víst annars staðar í heiminum, hættu menn að spila á öðrum brautum, en fylgdust því betur með boðbera hins nýja stíls, sem virtist óbrigðull til þess að hreinsa keilurnar af brautinni. Svo kom að því að ein kúla var eftir. Endurtók Erlendur sveiflurnar með miklum glæsibrag og sleppti síðan kúlunni en nú brást honum bogalistin. Einhverra hluta vegna mistókst útkastssveiflan

hjá honum þannig að kúlan hafnaði upp undir lofti eina 15 metra í burtu, á súlu mikilli er þar var. Varð feikna hvellur af er kúlan skall á súlunni og rigndi steypumulningi yfir þá er næst

ÍR-ingar sem fóru til Borås árið 1964 hittust í ÍR-heimilinu 40 árum síðar. Aftari röð frá vinstri: Jón Þ. Ólafsson, Kjartan Guðjónsson, Sólveig Hannam, Karl Hólm, Linda Ríkarðsdóttir, Þórarinn Arnórsson, Jón H. Magnússon og Erlendur Valdimarsson. Fremri röð frá vinstri: Ómar Þ. Ragnarsson, María Hauksdóttir, Elísabet Brand, Fríður Guðmundsdóttir og Sigurður Lárusson (Á).

stóðu. Ástæðan fyrir þessu óvænta feilskoti Erlendar var sú að síðasta kúlan var með minni götum en hinar fyrri. Festust puttar hans í götunum og því fór sem fór.

Eins og fyrr greinir var Ómar Ragnarsson, síðar landskunnur skemmtikraftur og sjónvarpsmaður, með í þessari ferð. Náði hann ágætum árangri í spretthlaupum á árunum 1962–1964, hljóp 100 m á 11,2, 200 m á 23,5 og 400 m á 52,7 sek. Var Ómar þá tiltölulega nýbyrjaður að skemmta. Tókst félögum hans að fá hann til þess að syngja tvö eða þrjú lög á skemmtistað í Borås við mikinn fögnuð viðstaddra. Mjög létt var yfir ÍR-hópnum sem bjó í íþróttahöllinni í Borås. Fullvíst má telja að íbúar í nærliggjandi húsum hafi furðað sig á hve mikið Íslendingarnir gátu hlegið, en ástæðan var sú að Ómar hafði meðferðis segulband og tugi metra á spólum af skemmtiefni. Varð þetta að sjálfsögðu til þess að gera ferðina enn skemmtilegri en ella.

Um miðjan ágúst lét Gabor af þjálfun hjá deildinni og hélt utan ásamt konu sinni og dætrum. Gabor var mjög fær þjálfari og eiga margir honum stóra skuld að gjalda. Gabor fór ekki aftur til Ungverjalands. Hann fluttist til Kanada ásamt fjölskyldu sinni og starfaði til æviloka sem þjálfari við háskóla, m.a. í Edmonton í Alberta. Hann lést að morgni sama dags og gamla ÍR-húsinu við Túngötu var lyft af grunni sínum og það flutt til þá óákveðins áfangastaðar, en er nú komið í Árbæjarsafn þar sem það verður varðveitt til frambúðar. Gabor lést í borginni Duncan í Bresku-Kólumbíu, á Kyrrahafsströnd Kanada, hinn 25. mars 2001, 83 ára að aldri.

Gengu af velli með yfirdómaranum

ÍR-ingurinn Kristján Ásgeir Sólbjartur Mikkaelsson varð Íslandsmeistari bæði í 400 og 800 metra hlaupi árið 1963. Hinn óbilandi bjartsýnismaður Örn Eiðsson, ötull þjónn frjálsíþróttanna í áratugi hjá ÍR, Alþýðublaðinu og síðar Frjálsíþróttasambandinu, sá fyrir sér nýja stjörnu í millivegalengdum. Hann skrifaði í Íþróttablaðinu að Kristján væri sterkur hlaupari sem ekki hefði getað einbeitt sér að íþróttum vegna mikillar vinnu. „Ef Kristján gæti helgað sig íþróttunum meir, er enginn vafi á því, að hann næði fljótlega tíma í kringum 1:50,0 í 800 m," skrifaði Örn.

Sú sýn hans rættist því miður ekki. Svo var reyndar um marga fleiri; lífsbaráttan gekk fyrir.

Harðsnúið kvennalið var komið upp hjá ÍR í byrjun sjöunda áratugarins. Það gerði sér lítið fyrir og vann allar greinar meistaramótsins 1963 nema 200 metra og hástökk. Sigríður Sigurðardóttir vann 100 metra, langstökk og fimmtarþraut, Kristín Kjartansdóttir 80 m grind, Fríður Guðmundsdóttir kúluvarp og kringlukast og Elísabet Brand spjótkast. Setti Sigríður met í fimmtarþrautinni, 3.308 stig.

Í norrænni unglingakeppni stuttu seinna var Sigríður enn í miklum ham og setti þrjú glæsileg Íslandsmet en sigraði í fleiri greinum. Hún þótti óvenjulega efnileg frjálsíþróttakona.

Meistaramót þetta þótti um margt ágætt. Keppni í mörgum greinum var einkar skemmtileg og góður árangur náðist í ýmsum greinum. Á lokadegi mótsins dró þó heldur til tíðinda og varð leiður endir á því. Frjálsíþróttadeild KR sem hafði framkvæmd mótsins með höndum vildi fresta keppni í fimmtarþraut karla. Leikstjóri mótsins taldi útilokað að ljúka henni þetta kvöld fyrir myrkur þar sem keppni hófst seint og skráðir keppendur voru 11 talsins.

Á það vildi yfirdómarinn, Örn Eiðsson, einn af stjórnarmönnum FRÍ, ekki fallast. Bar hann því við að dagskrá mótsins væri ákveðin með reglugerð og breytingar óheimilar nema með leyfi FRÍ. Kom til orðasennu og blönduðust í hana ýmsir af starfsmönnum mótsins sem gerðu hróp að Erni. Fékk hann heldur óvandaðar kveðjur og óskir um að snauta burt. Taldi hann hlutverki sínu lokið á mótinu er honum þótti sýnt að hann gæti ekki hindrað að reglugerð mótsins væri brotin. Fór og svo að hann hvarf af vellinum og einnig gengu frá keppni allir aðrir en liðsmenn KR. „Það mun einsdæmi sem hér hefur orðið og leitt að til svo hastarlegra deilna skuli koma, ekki síst í frjálsum íþróttum sem þyrftu þó öðrum greinum fremur að sameina alla krafta til átaks við að lyfta frjálsum íþróttum úr öldudal. Svona atburðir eru með öllu óverjandi á landsmótum og væntanlega mun FRÍ taka málið til alvarlegrar athugunar," sagði Morgunblaðið um atvikið.

Blaðið hafði rétt fyrir sér því stjórn Frjálsíþróttasambandsins úrskurðaði að með frestun fimmtarþrautarinnar hefði reglugerð um meistaramótið verið brotin. Dæmdi stjórnin alla keppni karla síðasta kvöldið ógilda sem meistaramótskeppni. Árangur keppenda var þó talinn löglegur. Mælti stjórnin svo fyrir um að keppni í boðhlaupunum 4 x 100 m og 4 x 400 m, hindrunarhlaupi og fimmtarþrautinni sem frestað var skyldi endurtekin innan 10–15 daga.

Kjartan Guðjónsson, ungur og efnilegur tugþrautarmaður, náði góðum árangri á sjötta áratugnum og var einn af bestu íþróttamönnum ÍR á þeim árum. Hér kastar hann kringlu á Melavellinum.

ÍR-ingar hafa átt kraftmikla leiðtoga. Hér eru tveir þeirra, Örn Eiðsson og Finnbjörn Þorvaldsson, á alþjóðaþingi á erlendri grund.

Hefðu getað sleppt síðustu grein þrautarinnar en unnið landskeppnina samt

Sigríður Sigurðardóttir og Kjartan Guðjónsson, þá kærustupar – síðar hjón – létu mjög að sér kveða um miðjan sjöunda áratuginn. Kjartan átti drjúgan skerf af sigri yfir Svíum og Norðmönnum í tugþrautarlandskeppninni á Laugardalsvelli í ágústmánuði og setti unglingamet. Var um algjöran yfirburðasigur að ræða því Kjartan og Valbjörn Þorláksson, sem fór í fyrsta sinn upp fyrir 7.000 stig og setti Íslandsmet, hefðu getað sleppt síðustu greininni en Ísland unnið keppnina samt. Samanlagður stigafjöldi þeirra var 13.241 stig, Norðmenn hlutu 12.270 og Svíar 12.249. Kjartan hafði forystu í þrautinni eftir fyrstu fjórar greinarnar. Hann sigraði í þremur greinum af tíu og deildi sigri með öðrum keppanda í þeirri fjórðu. Hlaut 6.217 stig sem var unglingamet, hið fyrra, 5.905 stig, setti hann nokkrum dögum áður er hann vann úrtökuþraut fyrir landskeppnina. Til samanburðar setti Örn Clausen frægt met í tugþraut, 6.444 stig, sem lengi stóð. Síðar var stigatöflunni breytt og var það afrek Arnar 5.651 stig eftir stigatöflunni sem gilti um þraut Kjartans. Hann var óheppinn í hástökki og kringlukasti og nokkuð frá sínu besta í þeim greinum. Hann var í öðru sæti fyrir 1.500 metra hlaupið en rak þar lestina svo tveir sigu fram úr honum að stigum.

„Þetta minnir á gamla daga, þegar Ísland sama daginn (29. júní 1951) vann Dani og Norðmenn í frjálsíþróttum og Svía í knattspyrnu. Þessir ungu menn hafa sýnt og gert sitt til að lyfta frjálsíþróttum og skapa þeim aukið álit. Það sýndi líka sá skari sem tryggur og trúr sat á áhorfendapöllum, 3 tíma á laugardag og 5 tíma á sunnudag, naut keppninnar og hvatti „sína“ menn,“ sagði Morgunblaðið eftir keppnina. Kjartan er eitt mesta efni í tugþrautarmann sem hér hefur komið fram. Hann ólst upp að hluta á unglingsárum á Indlandi og í Pakistan þar sem faðir hans (Illugason skipstjóri) leiðbeindi innfæddum um fiskveiðar á vegum FAO. Kjartan nam við Menntaskólann á Akureyri í fjóra vetur. Þar var nær engin æfingaaðstaða yfir vetrarmánuðina. Hann hætti að mestu æfingum og keppni 22 ára er hann hélt utan til Berlínar ásamt Sigríði til náms í tannlækningum árið 1966.

Íslenskt met og spennandi keppni í aukagreinum

Meðan á landskeppninni í tugþraut stóð var keppt í nokkrum aukagreinum til skemmtunar fyrir áhorfendur og greinarnar valdar þannig að mikil keppni varð alls staðar. Eitt Íslandsmet var sett, það gerði Sigríður sem hljóp 80 metra grindahlaup á 13,0 sek., en eldra metið, 13,2 sek., átti hún sjálf. Ómar Ragnarsson, hinn landsfrægi skemmtikraftur, æfði frjálsar hjá ÍR sér til ánægju og heilsubótar og brá sér stundum í keppni, áhorfendum yfirleitt til óblandinnar ánægju. Varð hann í öðru sæti í 100 metrum á mótinu á sama tíma og sigurvegarinn. Árangur hans þetta sumar þótti yfirleitt sómasamlegur af byrjanda að vera. Hann lét sér stundum ekki nægja að skemmta fólki með gamanmálum heldur brá hann líka undir sig betri fætinum og keppti sem gestur á 50 ára afmælismóti HSÞ á Laugum. Varð hann fyrstur í bæði 100 og 400 m hlaupi á 11,3 og 53,8 sek. Ómar var um skeið í stjórn frjálsíþróttadeildar ÍR og vann við mót þegar tími gafst til. Líflegri og hnyttnari þul var tæpast hægt að hugsa sér í landskeppni Íslendinga og Vestur-Norðmanna á Laugardalsvelli. Er hann skýrði frá gangi mála í langhlaupi sagði hann t.d. um íslenska hlauparann að hann „fylgdi Norðmanninum af mikilli tryggð“.

Sigríður var aðsópsmikil og setti tvö Íslandsmet á Meistaramóti Íslands og voru það einu metin sem sett voru á mótinu. Í fimmtarþraut hlaut hún 3.532 stig og bætti gamla metið um rúm tvö hundruð stig, en það var 3.308 stig og átti hún það sjálf. 80 m grindahlaup hljóp hún á 12,8 sek. en eldra met hennar var 13,0 sek. Metin voru eiginlega einu ljósu punktarnir á mótinu sem þótti annars heldur slappt og dauflegt þrátt fyrir ágætar aðstæður og gott veður, en mikið var um forföll frá tilkynntri þátttöku. Afrek Sigríðar í fimmtarþrautinni þóttu ágæt, hún stökk 1,45 í hástökki, varpaði kúlu 8,25 m, hljóp 200 m á 28,1 sek., 80 m grind á 12,9 sek og stökk 4,86 m í langstökki. Á móti ÍR um miðjan júlí setti Sigríður ásamt stöllum sínum nýtt Íslandsmet í 4 x 100 m boðhlaupi kvenna, 53,5 sek. Gamla metið átti sveit KR og var það 54,0 sek.

Af öðrum markverðum atburðum árið 1964 er frá því að segja að Þórarinn Arnórsson, síðar hjartaskurðlæknir, vann Víðavangshlaup ÍR, hið 49. í röðinni. Var hann fyrsti ÍR-ingurinn sem það gerði frá dögum Kristjáns Jóhannssonar sem vann síðast 1957. Hlaup þetta var reyndar sögulegt að því leyti að þátttaka í því var í algjöru lágmarki. Keppendur voru aðeins fjórir og ÍR eina félagið sem átti þriggja manna sveit.

Um haustið varð ÍR að horfa á bak hinum ágæta þjálfara sínum Gabor sem settist að í Englandi til að byrja með en fluttist síðan til Kanada, sem fyrr segir. „Er skarð fyrir skildi hjá ÍR-ingum, sem unnu mörg góð afrek í sumar, sérstaklega í kvennaflokknum, sem er sá besti hjá einu félagi hér á landi. ÍR-ingar hafa fengið Arngrím Geirsson íþróttakennara til að taka að sér þjálfun innanhúss í vetur, en munu vera að athuga að fá þjálfara frá Norðurlöndunum fyrir vorið,“ sagði Alþýðublaðið í nóvember í tilefni burtfarar ungverska þjálfarans ágæta sem reynst hafði félaginu drjúgur. Úr því varð þó ekki að útlendur þjálfari kæmi á ný til starfa hjá ÍR. Arngrímur ílentist ekki hjá félaginu og var Jóhannes Sæmundsson, sem var nýkominn úr námi frá Bandaríkjunum, ráðinn þjálfari deildarinnar 1966. Í millitíðinni (1965–66) var Höskuldur Goði Karlsson þjálfari deildarinnar, en auk

Sigríður Sigurðardóttir (t.h) og Linda Ríkarðsdóttir (t.v.).

þess að vera kunnur spretthlaupari og landsliðsmaður rak hann um árabil drengjabúðir í Reykholti og víðar ásamt Vilhjálmi Einarssyni. Þar lærðu ungmenni íþróttir og aga.

Keppt í námunda við hafís

Eftir að Gabor fór utan tók við þjálfun deildarinnar Þingeyingurinn Arngrímur Geirsson sem var þjálfari um eins árs skeið. Á innanhússmeistaramótinu 1965 stukku í fyrsta sinn þrír Íslendingar yfir 1,90 m í hástökki í sömu keppninni og voru allir úr ÍR. Jón 2,05, Kjartan Guðjónsson 1,95 og Erlendur Valdimarsson 1,90 sem var nýtt drengjamet innanhúss. Hann átti eftir að láta verulega að sér kveða á árinu. Sérstaka athygli vakti er Erlendur sigraði í sjö greinum á drengjameistaramóti Reykjavíkur um sumarið, en ÍR-ingar unnu allar greinar mótsins nema þrjár og færðu því félagi sínu stórsigur í stigakeppni mótsins, hlutu 170 stig en Ármann 32 og KR aðeins 17. Var afrek Erlends sjaldgæft ef ekki einstakt. Vann hann flestar greinarnar með miklum yfirburðum og árangur hans í þeim flestum mjög góður. Hann sigraði fjórfalt á unglingameistaramótinu, í hástökki, kúluvarpi, kringlukasti og sleggjukasti. Þótti hann bera af fyrir fjölhæfni og vera einn allra efnilegasti frjálsíþróttamaður landsins. ÍR hafði um þetta leyti á að skipa blómlegum hópi drengja sem settu svip sinn á mótin. Í hópnum voru auk Erlends m.a. Guðmundur Ólafsson, Finnbjörn Finnbjörnsson [Þorvaldssonar fyrrum afreksmanns], Ásbjörn Karlsson, Kjartan Kolbeinsson, Lárus Ýmir Óskarsson, Kjartan Kjartansson, Einar Þorgrímsson, tvíburarnir Gísli Guðjónsson, síðar réttarfarssálfræðingur, og Guðmundur Guðjónsson, síðar yfirlögregluþjónn, og Skúli Arnarson.



Jón Þ. Ólafsson, Erlendur Valdimarsson og Kjartan Guðjónsson eftir hástökkskeppni þar sem allir stukku yfir 1,90 m.

Á unglingameistaramóti Íslands skömmu áður var Erlendur einnig sigursælastur allra keppenda og vann fjórar greinar af 18. Þótti hann bera af fyrir fjölhæfni með því að sigra í hástökki, kúluvarpi, kringlukasti og sleggjukasti. Var hann auk þess annar í spjótkasti og þriðji í stangarstökki. „Erlendur er einn allra efnilegasti frjálsíþróttamaður landsins nú“ sagði Morgunblaðið í umsögn sinni um mótið.

ÍR-ingar hafa mörgum sinnum þegið boð félaga og sambanda á landsbyggðinni um að keppa á héraðsmótum þeirra. Heimamönnum hefur þótt ávinningur að því að fá mikla afreksmenn í heimsókn og þeim þótt það góð tilbreyting að keppa á landsbyggðinni þótt oftast hafi aðstæður verið þar mun lakari en þeir hafa átt að venjast. Þessum heimsóknum fylgdi oft að ný vallarmet sáu dagsins ljós. Fjórir ÍR-ingar kepptu við heldur óvenjulegar aðstæður er þeir þáðu boð um að keppa á héraðsmóti USVH í Reykjaskóla í Hrútafirði um miðjan júní 1965. Landsins forni fjandi, hafísinn, hafði legið landfastur frá því síðla vetrar og fram á vor. Veður var því hryssingslegt fram á sumar. Keppnin í Hrútafirði var þeim Björgvini Hólm, Erlendi Valdimarssyni, Kjartani Guðjónssyni og Jóni Þ. Ólafssyni mjög eftirminnileg. Hitastig þegar mótið fór fram var rétt yfir frostmarki, norðannæðingur, 5–7 vindstig, inn fjörðinn, í fjörunni hafís og jakar botnfastir um allan fjörð.

Erlendur náði þeim áfanga þetta sumar að bæta elsta met Gunnars Huseby er hann kastaði drengjakringlu 54,46 metra. Hið gamla met Huseby var 53,82 metrar, sett árið 1939, og var því orðið 25 ára gamalt er Erlendur sló það.

Jafnframt vann Erlendur það einstaka afrek að verða drengjameistari í öllum sex greinum drengjameistaramóts Íslands innanhúss þetta ár; hástökki með og án atrennu, langstökki og þrístökki án atrennu, stangarstökki og kúluvarpi. Hann gerði sér lítið fyrir og vann 16 meistarapeninga drengja og unglinga á árinu, annan helminginn innanhúss og hinn utanhúss.

Jón Þ. nær lengst á heimsafrekaskránni

Afrek frjálsíþróttamanna fóru batnandi ár frá ári á miðjum sjöunda áratugnum, bæði hérlendis sem erlendis. Á skrá yfir árangur 100 bestu manna í hverri grein í heiminum árið 1965 mátti sjá að þau afrek sem skipuðu mönnum í fyrstu sætin ekki svo mörgum árum áður nægðu nú tæpast til að komast í 100. sætið. Aðeins tveir Íslendingar komust á 100 manna skrána fyrir árið 1965. Lengst náði Jón Þ. Ólafsson er var nr. 35 í hástökki með 2,10 m og Valbjörn Þorláksson er var nr. 68 í tugþraut með 7.004 stig. Árangur Jóns var jafnframt sá 16. besti í Evrópu og þriðji besti á Norðurlöndum. Jón var árum saman meðal fremstu stökkvara á Norðurlöndum.

„Aðeins tveir íþróttamenn náðu raunverulega árangri, sem boðlegur er á stórmótum erlendis,“ sagði Íþróttablaðið í uppgjöri sínu á frjálsum árið 1965. Annar þeirra var Jón Þ. Ólafsson ÍR. Hann tvíbætti Íslandsmetið í hástökki á innanfélagsmóti á Melavellinum 15. maí. Fyrst um einn sentimetra í 2,07 m en stökk svo yfir 2,10 m. Aðeins einum sentimetra hærra stökk Svíinn Nilsson sem átti besta árangur á Norðurlöndum þetta sumar. Á Norðurlandameistaramótinu varð Jón fjórði í hástökkinu, stökk 2,05, en sigur vannst á 2,08 metra. Kann það að hafa komið í veg fyrir betra sæti að þetta var þriðja keppni sumarsins hjá Jóni en keppinautarnir höfðu keppt 30–40 sinnum. Á mótinu varð Kjartan Guðjónsson í 8. sæti í tugþraut.

Jón 7. á fyrsta EM innanhúss

Fyrsta Evrópumeistaramótið í frjálsíþróttum innanhúss fór fram í Dortmund í Vestur-Þýskalandi í mars 1966. Fyrstur Íslendinga til að keppa á þessum mótum var Jón Þ. sem keppti í hástökki í Dortmund. Hann varð sjöundi af 15 keppendum, stökk 2,00 m.

Tímamót urðu er nýju móti, Bikarkeppni FRÍ, var hleypt af stokkunum sumarið 1966. Við sögu þess áttu ÍRingar eftir að koma mjög seinna meir. Fyrsta árið urðu þeir í þriðja sæti og urðu að bíða fram á sjöunda ár mótsins, eða 1972, til að fara með sigur af hólmi. Hófst þá nær sleitulaus sigurganga því ÍR vann keppnina 17 sinnum á næstu 18 árum.

Jón Þ. Ólafsson, Ólafur Unnsteinsson, Helgi Hólm og Kristján Mikkaelsson eftir keppni í boðhlaupi á Laugardalsvellinum.

Jón Þ. var í miklu stuði þetta sumar og vann mesta afrek fyrstu Bikarkeppni FRÍ, stökk 2,08 metra og setti vallarmet. Lagði svo til atlögu við Íslandsmet sitt og átti góðar tilraunir við 2,11 m. Segir Morgunblaðið í umfjöllun um mótið að í eitt skiptið hafi það verið hreinasta óheppni að sláin fylgdi niður með honum. Jón hafði sömuleiðis reynt við metið í undankeppni Reykjavíkurfélaganna fyrir bikarkeppnina og átt þar góðar tilraunir líka. Þrátt fyrir góða æfingu fór þó aldrei svo úr þessu að honum tækist að bæta það.

Þótt hann ætti oftast í vandræðum með fótfestu á stökksvæðinu í Laugardal var Jón í stuði á meistaramóti Íslands, stökk 2,06 metra og átti allgóðar tilraunir við 2,09 metra. Á mótinu varð Jón H. Magnússon meistari í sleggju í fyrsta sinn og í fyrsta sinn kastaði hann yfir 50 metra á móti eða 51,79 m. Nálgaðist hann óðum Íslandsmetið. Þá gerðust þau tíðindi í fimmtarþraut mótsins að Kjartan Guðjónsson lagði Valbjörn að velli og var ekki langt frá Íslandsmetinu, hlaut 3.331 stig gegn 3.279 stigum Valbjörns.

Færði fórnir og greip til saxins – stökk hærra í fullum galla en á stuttbuxunum

Kjartan varð þriðji í landskeppni við Austur-Þjóðverja í tugþraut á Laugardalsvelli og um leið Íslandsmeistari með 6.933 stig. Bætti hann sig mest allra keppenda eða um 230 stig. Jón Þ. var fenginn til að keppa og vann þann athyglisverða árangur að bæta sig um 51 stig í tugþraut þótt hann sleppti einni greininni, 1.500 metra hlaupinu. Fékk hann 5.938 stig og hefði því getað farið léttilega yfir 6.000 stig með hlaupinu.

Heldur fámennt var í frjálsíþróttadeild ÍR þetta ár. Hinir fáu urðu því að keppa meira og oftar en æskilegt var. Á þessu stigi var Jón búinn að keppa í 26 greinum á aðeins 16 dögum. Það var farið að segja til sín og var hann illa haldinn af strengjum eftir tugþrautina. Hart var samt að honum lagt að fórna sér og keppa á aukamóti daginn eftir þrautina. „Það get ég ekki," sagði Jón við mótshaldara og bar sig aumlega í fyrstu. „Þú stekkur samt," var svarið. „Nei, ég get það ekki, ég er í keng," svaraði Jón. „Þú verður að gera það, búið er að auglýsa mótið upp," sagði röddin á hinum enda símalínunnar. Þannig þráttuðu þeir um stund og gaf Jón sig að lokum, en var ekki upprifinn á leið sinni út á völl. Hann var sannfærður um að útilokað væri að nota grúfutæknina og sá þá lausn eina að reyna að stökkva á gamla saxstílnum. „Gamli stíllinn brást mér ekki, ég stökk 2,00 m og sigraði. Vann ég þarna m.a. Þjóðverjann Joachim Kirst, Evrópumeistarann í tugþraut 1971, sem átti bestan árangur 2,08 m. Hann stökk aðeins 1,95 m í þetta sinn. Var sá árangur í samræmi við ástand hástökksbrautarinnar í Laugardalnum. Á þeirri lausu braut töpuðu flestir 5–10 sm og þar bættu fæstir árangur sinn nema byrjendur og stöku utanbæjarmenn sem varla kepptu nema á héraðsmótum, oft við engar aðstæður," segir Jón.

Honum tókst ekki upp á Evrópumótinu í Búdapest um sumarið, stökk aðeins 1,95 metra. Fékk þó nokkra uppreisn æru á alþjóðlegu móti í Malmö í Svíþjóð á heimleiðinni; sigraði þar og vann m.a. nokkra af bestu hástökkvurum Svía. „Á þessu móti lék ég þann glannalega leik að byrja ekki að stökkva fyrr en á 2,00 m. Fór ég yfir þá hæð, svo og næstu, 2,03 m, hvorttveggja í fyrsta stökki og án þess að fara úr utanyfirgallanum. Ég er ekki frá því að Svíarnir sem þarna kepptu hafi haldið að ég væri orðinn eitthvað verri því þeir vissu hvað ég stökk í Búdapest – á stuttbuxum auðvitað."

Tímamót er Guðmundur snýr aftur heim 1967

Nokkur breyting varð á högum frjálsíþróttamanna í Reykjavík með tilkomu Laugardalshallarinnar nýju en þar hófu þeir æfingar veturinn 1966–67. Var þar vel fyrir flestu séð og ekkert til sparað nema þá helst í kaupum á íþróttaáhöldum. Þó voru keyptar nýjar hástökkssúlur. Þetta voru trésúlur, en sá var galli á gjöf Njarðar að hámarksstökkhæð á þeim var tveir metrar. Ef svo óheppilega vildi til, sem gerðist oft, að reynt væri að stökkva hærra var gripið til þess ráðs að hlaða ýmsum lausamunum í húsinu undir súlurnar. Þetta einkennilega ráðslag, að kaupa súlur með þessum ágalla, vakti athygli.

„Möguleikar frjálsíþróttamanna til innanhússkeppni hafa að sjálfsögðu stórbatnað með tilkomu Laugardalshallarinnar. Hefur þó til þessa skort ýmis tæki en væntanlega hefur þegar úr því ræst. Á fyrsta inn-

Elías Rúnar Sveinsson í kringlukasti á haustmóti á Melavellinum. Elías var mjög fjölhæfur íþróttamaður og góður tugþrautarmaður og núverandi Íslandsmethafi í fimmtarþraut.

anfélagsmótinu sem þar fór fram varð Jón Þ. Ólafsson að hætta keppni er hann hafði stokkið rúma tvo metra – því ekki var hægt að hækka frekar af því að súlurnar voru of stuttar. Vonandi skeður slíkt aldrei aftur í Laugardalshöll," sagði í umfjöllun um fyrsta opna innanhússmótið í Höllinni, 28. janúar 1967.

Sumarið 1967 kom Guðmundur Þórarinsson til landsins að nýju og tók hann nú aftur við þjálfun deildarinnar. Markaði heimkoma hans viss tímamót hjá deildinni því eftir það var starfið bara á einn veg – upp á við og til mikillar eflingar með ári hverju. Á þessum árum stigu fram ungir menn sem áttu eftir að vera burðarásar lengi í keppni og starfi. Í Reykjavíkurriðli undanúrslita Bikarkeppni FRÍ sigraði ÍR eftir harða keppni við KR með 142 stigum gegn 140. Kornungur piltur úr ÍR bar sigur úr býtum í þrístökkinu. Þessi piltur var Friðrik Þór Óskarsson sem stökk 13,37 m og var það upphafið að löngum og farsælum keppnisferli. Þáttaskil urðu einnig á meistaramótinu 1967 er Erlendur Valdimarsson vann sinn fyrsta titil í kringlukasti af mörgum. Loks komst nafn ungs manns á meistaraskrána því allt frá 1951 höfðu þeir Þorsteinn Löve og Hallgrímur Jónsson – með tveimur undantekningum – skipst á að vinna kringlukastið á MÍ. Erlendur mátaði „gömlu mennina" strax í fyrstu umferð, en annar varð hálfbróðir hans Þorsteinn Alfreðsson, Hallgrímur þriðji og Löve fjórði.

Guðmundur Hermannsson kunni við sig á Vormóti ÍR

Í tilefni 60 ára afmælis ÍR var efnt til afmælismóts á Melavellinum 11. ágúst. Mesta athygli vakti Íslandsmet Guðmundar Hermannssonar KR, sem þá var 42 ára, en hann setti nýtt Íslandsmet í kúluvarpi, varpaði 17,83 metra. Guðmundur setti eldra metið á öðru ÍR-móti, Vormótinu, 18. maí, en þá varpaði hann kúlunni fyrstur Íslendinga yfir 17 metra, eða 17,34 m. Og vann það glæsilega afrek að bæta kúluvarpsmet Gunnars Huseby frá Evrópumeistaramótinu 1950 um 60 sentimetra. Vormót ÍR var oft vettvangur mikilla afreka og tímamóta. Guðmundur átti eftir að koma þar við sögu á ný, því árið 1969 setti hann þar Íslandsmet eina ferðina enn, 18,48 metra, sem var á endanum besti árangur hans.

Þetta sumar stórbættu nokkrir ÍR-ingar fyrri árangur sinn. Fremstur í flokki jafningja var Erlendur Valdimarsson sem lengst kastaði 53,24 m í kringlukasti. Þá bætti hann 19 ára gamalt unglingamet Vilhjálms Vilmundarsonar í kúluvarpi úr 14,85. Fyrst í fimmtarþraut Reykjavíkurmeistaramótsins í byrjun júní í 15,18 metra, sem var þó bara byrjunin því lengst varpaði hann 16,33 m um sumarið. Alls setti Erlendur 15 íslensk unglingamet 1967. Meðal annarra afreka ÍR-inga þetta sumar má nefna að Þórarinn Arnórsson rauf 50 sekúndna múrinn í 400 metra hlaupi, hljóp á 49,9 sek., og Jón H. Magnússon kastaði 53,38 m í sleggjukasti.

Nokkrir ÍR-ingar fóru í keppnisferð um Norðurlönd sumarið 1967. Hún var erfið, stutt milli móta og erfið ferðalög milli staða. Fararstjóri var Karl Hólm sem jafnframt tók þátt í mótum. Karl var formaður deildarinnar í nokkur ár og var hörkuduglegur. Dóttir hans, Bryndís, átti síðar eftir að láta mikið til sín taka í keppni.

Eftir að hafa unnið undankeppnina í Reykjavík mættu ÍR-ingar ákveðnir til leiks í Bikarkeppni FRÍ 1967. Háðu þeir rimmu við fjendurna úr Kaplaskjóli. KR-ingar sigruðu að nýju með 122 stigum en ÍR varð í öðru sæti með 114 stig. ÍR keppti án hins fjölhæfa Kjartans Guðjónssonar sem var erlendis vegna náms en aldrei er að vita nema ÍR hefði unnið keppnina hefði hann verið með. Þá var og stigagjöfin önnur en síðar varð, 7 stig veitt fyrir 1. sæti, síðan 5, 4, 3, 2 og 1 stig. Óvæntir sigrar unnust af hálfu ÍR-inga. Fríður Guðmundsdóttir sigraði í kringlukasti, kastaði 32,50 m í síðasta kasti sínu. Í síðasta stökki sínu í þrístökki stökk Jón Þ. Ólafsson 14,31 metra og komst fram úr Karli Stefánssyni, sem hafði stokkið 14,26. Sá árangur Jóns vakti athygli sérfræðings Íþróttablaðsins sem skrifaði undir nafninu „Kormákr" eftirfarandi klausu í blaðið:

Jafnbesti stökkvari landsins

„Það er lítil frétt að segja frá því, að Jón Ólafsson hafi verið besti hástökkvari okkar sl. ár, því að það hefur hann verið með miklum yfirburðum frá og með árinu 1961. Hitt er nýrri bóla, að hann skuli verða að teljast jafnbesti stökkvari okkar, þegar reyndar stangarstökkið er undanskilið, en í þeirri grein hefur hann sérstakan persónulegan stíl, sjálfsmorðsstíl, liggur mér við að segja, því að mér léttir alltaf stórlega, þegar ég sé Jón koma óskaddaðan úr stangarstökki, og þó stekkur hann furðu hátt á þennan sérstæða hátt.

En Jón sýndi mikla keppnishörku, þegar hann sigraði í þrístökki í bikarkeppni FRÍ sl. sumar og náði 11. besta árangri Íslendings í þeirri grein. Hann er einnig með efstu mönnum á skrá í langstökki, en í þeirri grein stökk hann 7,02 m í mjög litlum meðvindi, svo litlum, að ég er þess fullviss, að mörg afrek hafa komist á skrá á liðnum árum, sem unnin hafa verið við hagstæðari aðstæður."

Jón Þ. var ekki bara jafnbestur í stökkum heldur einhver mesti afreksmaður Íslendinga í frjálsíþróttum um þessar mundir. Þetta sumar átti hann t.d. besta árangur Reykvíkings í kringlukasti, 48,34 metra. „Í dag er hann sennilega sá eini sem verulega gæti látið að sér kveða á erlendum vettvangi. Jón hefur keppt í rúman áratug og síðustu 7–8 árin borið höfuð og herðar yfir aðra hástökkvara landsins," skrifaði blaðið *Allt um íþróttir* seint í júní 1968. Blaðið hafði hitt hann á Laugardalsvelli þar sem hann var að þjálfa sig með þátttöku í Ólympíuleikunum í Mexíkó um haustið fyrir augum. Hann sagðist ekki von-